



STUÐLABERG  
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ  
www.studlaberg.is  
s. 420-4000



Gleðileg jól, farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!



# VÍKURFRÉTTIR

FIMM DAGUR 14. DESEMBER 2023 // 47. TBL. // 44. ÁRG.



## Gleðilega hátíð!



Afbrýðisöm út í  
nýfæddan bróður



Viljum ala upp  
íslensk börn



Upplifði  
vænan  
skammt af  
Þórðargleði



HALLA KAREN GUÐJÓNSDÓTTIR  
**Skemmtilegast  
að skemmta fólki**




**Draumur  
að rætast**

EMILÍA SARA INGVAÐÓTTIR  
LEIÐUR MEÐ SINFÓ



**Flott  
fimleikasýning**



**Níraður  
Eðvard  
Júliusson**



KELI KLIPPARI  
**„Þú ert sá  
klikkaðasti“**



KYNNTIST FISKBÚÐARLÍFI Í BOSTON  
**Guðbjörg Glóð  
og Fylgifiskarnir**



**Lofthreidd  
á Bolafjalli**



**Bakað í  
tómum bæ**



## Þólabækurnar fást í nettó



88 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



## Helstu áherslur og verkefni á árinu 2024

Hvatagreiðslur fyrir íbúa 67 ára og eldri í fyrsta sinn í boði á árinu 2024

Nýr leikskóli byggður í Dalshverfi III sem tekin verður í notkun um haustið 2024

Framkvæmdir við leikskóla í Hlíðarhverfi sem áætlað er að ljúki á árinu 2024

Klára byggingu íþróttamiðstöðvar við Stapaskóla með viðurkenndum keppnisvelli fyrir íþróttir innanhúss ásamt sundlaug og taka í notkun

Áframhaldandi vinna við að koma Myllubakkaskóla í starfhæft ástand en áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdum ljúki haustið 2025

Áframhaldandi vinna við að koma Holtaskóla í starfhæft ástand en áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdum ljúki í janúar 2026

Opnuð leikskóladeild á Skólavegi 1 fyrir elsta árgang Tjarnarsels sem er aukning um 25 pláss.

Byrjað verður að fjárfesta í smáhýsum fyrir heimilislausu íbúa Reykjanesbæjar sem eru með fjölþættan vanda

Nýr vaktturn í Sundmiðstöðinni til að auka öryggi sundlaugagesta

Unnið að viðgerðum á húsnæði vegna rakaskemmda



Framkvæmdir hefjast við Njarðvíkurhöfn sem munu stórbæta öryggi og aðstöðu á svæðinu og auka möguleika á atvinnuuppbyggingu fyrir hafnsækna starfsemi

Áfram unnið að innleiðingu stafrænna lausna

Vinna við byggingu nýs hjúkrunarheimilis í samvinnu við ríkið heldur áfram

Áfram unnið að því að fylgja eftir og innleiða umhverfis- og loftlagsstefnu

Á áætlun að ljúka innleiðing á barnvænu sveitarfélagi í samstarfi við UNICEF

Fjármagn sett í að bæta umferðaröryggi barna

Fjármagn sett í uppbyggingu skólalóða

Fjármagn sett í áhorfendabekki í Sundmiðstöðinni

Lyfta sett í 88 húsið til að auka nýtingu hússins

Fjármagn sett í stuðning við Fimleikafélag Keflavíkur við endurnýjun áhalda og tækja

Aukning á fjármagni til Fjörheima til að efla starfsemi og opna fleiri útibú.

Fjármagn í að framfylgja markaðsstefnu Reykjanesbæjar

Fjármagn sett í viðburðahald vegna 30 ára afmælis Reykjanesbæjar



## Jákvæð rekstarniðurstaða og áfram mikill vöxtur

Í nýsamþykktri fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir rúmlega 173 m.kr. jákvæðri rekstarniðurstöðu fyrir A hluta bæjarsjóðs og 1.244 m.kr. í samstöðu A og B hluta. Áætlunin gerir því ráð fyrir að Reykjanesbær skili áfram rekstrarafgangi þrátt fyrir miklar áskoranir m.a. tengdar innviðauppbyggingu til að halda í við mikinn vöxt sveitarfélagsins og fjölgun íbúa. Þetta kemur fram í frétt frá Reykjanesbæ.

„Það hefur verið megin áhersla hjá okkur að halda vel á spilunum og sýna skynsemi í rekstri“, segir Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjanesbæjar. „Við erum mjög ánægð með hvernig til hefur

tekist þrátt fyrir krefjandi tíma og óhagstætt vaxtaumhverfi. Það getur verið snúið þegar við stöndum fyrir mikilli innviðauppbyggingu til að mæta auknum íbúafjölda og einnig framkvæmdaþörf í skólum og öðru húsnæði sveitarfélagsins vegna rakaskemmda. En það er auðvitað líka jákvætt; íbúafjölgunin segir okkur um leið að hér sé gott að búa og næga atvinnu að fá.“

Á fyrri hluta næsta árs á að taka í notkun annan áfanga Stapaskóla sem er fullbúið íþróttahús og sundlaug. Framkvæmdir við nýja leikskóla við Drekaðal og í Hlíðarhverfi eru í fullum gangi og stendur til að opna þá næsta haust. Þá verður einnig opnuð leikskóla-

deild í húsnæðinu við Skólaveg 1 sem verður útibú frá leikskólanum Tjarnaseli. Áfram verður haldið með endurbyggingu á Myllubakkaskóla og Holtaskóla, nýr vaktturn byggður við Sundmiðstöðina til að auka öryggi sundlaugagesta og svo mætti áfram telja. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar í nýframkvæmdum nemi 5,3 milljörðum á næsta ári.

Vinnan við fjárhagsáætlunina gekk vonum framar bætir Kjartan Már við. „Það eru margir sem koma að gerð fjárhagsáætlunar og var góð samvinna á milli meiri- og minnihluta við að halda okkur innan ramma. Þá vil ég þakka starfsfólki Reykjanesbæjar sérstaklega fyrir þeirra þátttöku í vinnunni við gerð áætlunarinnar.“

## Gott samstarf minni- og meirihluta - Umbót sat hjá

Vinna við fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar gekk vel og var í góðu samstarfi meirihluta og minnihluta. Allt stefndi í að allir bæjarfulltrúar myndu samþykka fjárhagsáætlun fyrir 2024 en það hefur ekki verið venjan, minnihlutinn hefur ídulega setið hjá við atkvæðagreiðslu.

Margrét Sanders frá Sjálfstæðisflokki hafði orð á góðu samstarfi við áætlanagerðina. Það hefur ekki alltaf verið raunin í gegnum

tíðina því fjárhagsáætlun er aðal tæki bæjaryfirvalda þar sem helstu ákvarðanir eru teknar fyrir komandi ár og ekki allir sammála.

Sjálfstæðismenn bókuðu þó á næst síðasta bæjarstjórnarfundum og lögðu til að skattur á íbúðahúsnæði og fyrirtæki lækkaði og hægt væri að hækka tekjuáætlun á móti án þess þó að tillagan næði fram að ganga.

Svo fór að fjárhagsáætlun var samþykkt með öllum atkvæðum nema atkvæði fulltrúa Umbótar,

varamannsins Hörpu Sævarsdóttur sem sat hjá. Hún lagði fram bókun þar sem fram kemur m.a. að Umbót telji að svigrúm sé til lækkunar á alagsprósentu fasteignagjalda sem ætti að nýta. Af þeim sökum muni Umbót sitja hjá. Það vakti nokkra athygli að Margrét Þórarinsdóttir, oddviti Umbótar var í salnum á bæjarstjórnarfundinum en lét Hörpu sem var 15. fulltrúi á lista Umbótar í kosningunum, sitja fundinn frá Umbót.

ÁRAMÓTABLAÐ VÍKURFRÉTTA

KEMUR ÚT 28. DESEMBER

TEKIÐ Á MÓTI AUGLÝSINGUM

TIL HÁDEGIS 27. DESEMBER

SÍMINN ER 421 0000 / VF@VF.IS



BÚUM BETUR



GLEÐILEGA HÁTÍÐ  
og farsælt komandi ár





# Gleðilega hátíð





Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri saman komin eftir síðasta bæjarstjórnarfund Friðjóns Einarssonar sem fram fór í Stapa.



# Friðjón sat sinn síðasta bæjarstjórnarfund

■ Sat tæplega 300 fundi á fjórtán árum ■ Oddvitar allra stjórnmálaflokka í Reykjanessbæ eru konur

Friðjón Einarsson, forseti bæjarstjórnar Reykjanessbæjar, sat sinn síðasta bæjarstjórnarfund 12. desember síðastliðinn. „Þetta er orðið fint. Nú tekur yngra fólkið við,“ sagði Friðjón sem vantaði nokkra fundi upp á að þrjúhundraðasta fundinum.

Friðjón fékk blómvönd og góðar kveðjur frá bæjarfulltrúum og bæjarstjóra.

Hann hefur verið oddviti Samfylkingarinnar síðan 2010 sem hefur verið í meirihluta frá 2014 með Framsókn og Beinni leið.

Við brotthvarf Friðjóns mun Guðný Birna Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, taka við sem oddviti flokksins og hún verður jafnframt forseti bæjarstjórnar. Nú um áramótin verður brotið blað í sögu bæjarstjórnar Reykja-

nessbæjar en þá verða oddvitar allra stjórnmálaflokka konur. Auk Guðnýjar þá er Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, oddviti Framsóknar, sem verður formaður bæjarráðs, Valgerður Björk Pálsdóttir, oddviti Beinnar leiðar, Margrét Sanders leiðir Sjálfstæðismenn og Margrét Þórarinsdóttir er oddviti Umbótar.



Friðjón Einarsson sat tæplega þrjúhundrað fundi. Hér heldur hann á nafnspjaldinu sínu sem hefur verið á borðinu hans í bæjarstjórn í tæplega fjórtán ár.



Friðjón með hönd upprétta til samþykkis í síðasta sinn í bæjarstjórn. VF/pket



Á fundinum var ný fjárhagsáætlun samþykkt. Bæjarstjórn fundar í Stapa í Hljómahöll.



Friðjón og Kjartan Már bæjarstjóri hafa unnið náið saman frá árinu 2014.





2023

# Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Við hjá Landsvirkjun þökkum góð samskipti á árinu sem er að líða. Hlökkum til að hittast uppfull af endurnýjaðri orku á nýju ári.



ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



G É A I G I T S A S Ú M G Ú H  
 J Ð M Á T É L P K T I L P E Ú  
 A S Í M T É Á S U N U N F T S  
 F Ó G T Æ S K U R Ú A Ð A B A  
 I R É A Á B Ð M Ö G I B L T K  
 R U L K E H U G U R T O R G R  
 H T Á M S A A I D N A R D N U  
 I K K Ö T N R G N U J F E G F  
 L Y S R A G M S E T Ú L F R Ú  
 M E U K T I F L E L B Ö G Æ T  
 A R S A Ó K H J Ó N I T Æ G S  
 R T Ó A J J É Ú U S A Ð M Ú P  
 B T S G N Ö S A B T G I E H P  
 H É L A Ð T B A P L Ó V G L U  
 Ú L T S É Æ Ð A L B A L Ó J G

GLEÐILEGA  
 HÁTÍÐ  
 JÓLABLAÐ  
 VIÐTÖL  
 HEFÐIR  
 HANGIKJÖT  
 MÚSASTIGI  
 GJAFIR  
 RAUÐKÁL  
 BAUN

UPPSTÚFUR  
 LÉTTREYKTUR  
 TAKMÖRK  
 HUGUR  
 HÉLAÐ  
 UNDRANDI  
 EPLI  
 SÓSUSKÁL  
 BAÐA  
 NJÓTA

**Gangi þér vel!**

Ferðalag aftur í tímann

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson  
 gisli@aflafrettir.is



Desember er núna orðinn hálf-  
 aður og bátar sem hafa verið að  
 veiða frá Suðurnesjum eru að  
 mestu að landa í Sandgerði og þrír  
 netabátar í Keflavík og Njarðvík.  
 Þar sem þetta er frekar rólegt ætla  
 ég að fara með ykkur í smá ferðalag  
 þrjátíu ár aftur í tímann og skoða  
 hvað var um að vera í höfnunum á  
 Suðurnesjum í desember árið 1993.

Byrjun í Grindavík, þá lönduðu  
 þar 25 bátar um 1.700 tonna afla.  
 Þá voru stórir línubátar afla-  
 hæstir í Grindavík sem allir voru  
 að nota beitningavélar. Hæstur  
 var Sighvatur GK með 222 tonn  
 í fjórum löndunum og mest 102  
 tonn, Kópur GK var með 183 tonn  
 í fjórum og Hrungrnir GK 175 tonn  
 í fjórum. Þar á eftir komu þrír  
 netabátar; Vörður ÞH með 162  
 tonn í tíu, Sæborg GK 162 tonn í  
 fjórtán og Geirfugl GK 159 tonn í  
 fimmtán. Auk þess kom togarinn  
 Hópsnes GK með 69 tonn í einni  
 löndun.

Engin færabátar landaði í  
 Grindavík í desember árið 1993  
 en af bátunum sem eru undir  
 100 tonnum að stærð var Reynir  
 GK hæstur með 49 tonn í ellefu,  
 Þorsteinn Gíslason GK 42 tonn  
 í fimmtán, Ólafur GK 29 tonn í  
 tíu, Máni GK 26 tonn í sextán og  
 Vörðufell GK 24 tonn í fjórtán,  
 allir á línu nema Máni GK sem var  
 á netum.

Í Keflavík/Njarðvík árið 2023  
 eru aðeins þrír bátar að landa  
 afla en í desember 1993 voru  
 bátarnir 26 og lönduðu alls um  
 1.050 tonnum af fiski. Í Keflavík  
 í desember 1993 var Bergvík KE  
 hæstur á línu með beitningavél  
 með 179 tonn í fjórum, Erling KE  
 175 tonn í sextán, Happsæll KE  
 123 tonn í 23, Ágúst Guðmundsson  
 GK 79 tonn í tólf og Gunnar Há-  
 mundarson GK 53 tonn í nítján,  
 allir þessir fjórir voru á netum.

Þá voru líka nokkrir drag-  
 nótabátar sem voru á veiðum í  
 Faxaflóanum, Bugtinni. Hæstur  
 var Haförn KE með 48 tonn í tólf,



Erlingur GK með 47 tonn í fjórtán,  
 Baldur GK 40 tonn í fimmtán,  
 Reykjaborg RE 31 tonn í tólf og  
 Arnar KE 28 tonn í ellefu.

Nokkrir smábátar lönduðu  
 í Keflavík og hæstur var Dýr-  
 firðingur ÍS með 19 tonn í átta,  
 Sigurvin GK 18,8 tonn í tíu, Kári  
 Jóhannesson KE 18,7 tonn í tíu  
 og Jaspis KE 18,6 tonn í tíu, allir  
 á línu.

Togarinn Eldeyjar Súla KE  
 landaði 137 tonn í þremur og tog-  
 arinn Þuríður Halldórsdóttir GK  
 landaði 125 tonn í tveimur.

Sandgerði hefur alltaf verið  
 ein af stærstu löndunarhöfnum  
 landsins og í desember 1993 var  
 þar enginn undantekning því alls  
 voru þeir 52 bátarnir sem lönduðu  
 í Sandgerði í desember 1993 og  
 lönduðu alls um 1.700 tonna afla.  
 Þar var hæstur Þorri GK sem var  
 á línu með beitningavél með 189  
 tonn í fjórum, Stafnes KE var á  
 netum og með 102 tonn í tveimur  
 löndunum, Freyja GK 97 tonn í  
 þremur á línu, Sænes EA (sem  
 Sævar Ólafsson var skipstjóri á)  
 var með 88 tonn í fimm á trolli,  
 Jón Gunnlaugs GK 81 tonn í ellefu,  
 Geir Goði GK 80 tonn í tíu, Ljós-

fari GK 73 tonn í tíu og Sigþór GK  
 56 tonn í níu. Þessir fjórir bátar  
 voru á balalínu.

Mikill fjöldi af smábátum réri frá  
 Sandgerði og hæstur af þeim var  
 Hafdís KE með 30 tonn í átján,  
 Hafdís GK 32 var rétt á eftir með  
 28,8 tonn í átján, Viðir KE 28 tonn  
 í nítján og Sæljómi GK 27 tonni  
 sautján.

Auk þess voru ansi margir  
 togarar að landa í Sandgerði í  
 desember 1993, t.d. Snæfari GK  
 með 103 tonn í þremur löndunum,  
 Sveinn Jónsson GK 162 tonn í  
 þremur, Ólafur Jónsson GK 158  
 tonn í þremur og Haukur GK með  
 57 tonn í einni löndun.

Auk þess var töluverðu magni af  
 síld og loðnu landað í Grindavík og  
 einhverju í Sandgerði.

Af þessum fjölda af bátum sem  
 eru nefndir hérna að ofan eru allir  
 bátarnir horfnir, Erling KE sem  
 minnst er á að ofan var með skipa-  
 skrárnúmerið 1016, Þorri GK og  
 Snæfari GK áttu sér sögu sem ég  
 kannski skrifa um seinna meir en  
 sú saga tengist Rafni ehf. sem var  
 stórt fyrirtæki í Sandgerði. Myndin  
 sem fylgir með kemur frá föður  
 mínum, Reyni Sveinssyni.

**SUÐURNESJA**  
**VF** **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í  
 sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert  
 efni í Suðurnesjamagasín?  
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bílaviðgerðir**  
**Smurþjónusta**  
**Varahlutir**

**BÍLAR & PARTAR**

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
 sími 421 7979  
 www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**

Ljúffengur  
 heimilismatur  
 í hádeginu

Opið:  
**11-13:30**  
 alla virka daga

Þú finnur allar  
 nýjustu fréttirnar  
 frá Suðurnesjum á

**vf.is**

**HEYRN**  
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin,  
 fáðu heymartæki  
 til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //



**Sendum viðskiptavinum okkar og  
 landsmönnum öllum okkar bestu óskir um  
 gleðileg jól og farsældar á komandi ári.  
 Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.**



Framúrskarandi  
 fyrirtæki 2020-2023





# Þóla- appdagatal nettó


	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
					1 50% Nóa konfekt	2 50% Jólaskraut	3 50% Klementínur
4 50%	Jólagos frá Ölgerðinni	5 40%	Baylis & Harding gjafavara	6 50%	Beretta kjötalegg	7 50%	Leikföng
8 40%	Quality Street	9 30%	Allar bækur	10 40%	Jóla-smákökur		
11 50%	Frosnar nautalundir	12 40%	Coke og Fanta, 1 l	13 50%	Bökunarvörur frá Nóa Sírius	14 40%	Heill kalkúnn
15 40%	Hamborgarhryggur	16 50%	Niðursuðuvörur	17 40%	Spil		
18 40%	Hangikjöt	19 40%	Humar	20 40%	Jólaís	21 30%	Rjómi
22 50%	4x2 l Pepsi og Appelsín	23 50%	Lay's snakk	24 50%	Jólanammi		

Jóladagatal, nýtt apptilboð á hverjum degi

## Jólabækurnar í ár



Safnaðu inneign og fáðu betra verð með appinu



nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



# Í minningu Maríu guðsmóður

– Útskálakirkju í Garði miðvikudaginn 20. desember kl. 20:00

Verið öll hjartanlega velkomin í notalega kvöldstund rétt fyrir jólin, miðvikudagskvöldið 20. desember klukkan 20:00. Við ætlum að minnst móður Jesú við fallega tóna og hjartanærandi orð.

Það er í Útskálakirkju sem einstök altaríaflan sýnir Boðun Maríu, þegar Gabriel erkiengill birtist henni og sagði frá barninu sem hún myndi fæða í heiminn. Það er því við hæfi að heiðra minningu Maríu Meyjar einmitt í þessari kirkju.

Taktu þér hlé frá amstrinu og fylltu hjarta þitt af gleði rétt fyrir jólin. Þetta verður fallegt Maríukvöld og yndisleg blessun fyrir okkur öll.  
Hlökkum til að sjá ykkur!

*Kær jólakveðja,  
Anna Elísabet Gestsdóttir, djákni.  
Marta Eiríksdóttir, rithöfundur.  
Sólrun Bragadóttir, óperusöngkona.*



## Jól í Kóða

Munið gjafakortin

Opnunartímar fram að jólum:  
 Laugardag 16. des. 11–16  
 Mánudag 18. des. 11–18  
 Þriðjudag 19. des. 11–18  
 Miðvikudag 20. des. 11–22  
 Fimmtudag 21. des. - 11–22  
 Föstudag 22. des. 11–22  
 Laugardag 23. des. 11–22  
 Sunnudag 24. des. 11–14

# Kóða

Hafnargötu 15 | Sími 421 4440

ÓSKUM SUÐURNESJABÚUM  
GLEÐILEGRA JÓLA OG  
FARSÆLS NÝS ÁRS

ÞÖKKUM SAMFYLGDINA  
Á ÁRINU SEM ER AÐ LIÐA

**CARGOFLUTNINGAR.IS**

## OPNUNARTÍMAR UM JÓL OG ÁRAMÓT

Starfstöðvar Köllu í Helguvík, Grindavík og Vogum verða lokaðar á aðfangadag, jóladag, annan í jólum, gamlársdag og nýársdag.

Að öðru leyti verða starfstöðvar fyrirtækisins opnar eins og venjulega.

Sjá nánar á heimasíðu fyrirtækisins: [www.kalka.is](http://www.kalka.is)

**Við óskum Suðurnesjamönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.  
Þökkum ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða!**

**KALKA**  
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja  
Berghólabraut 7 • 230 Reykjanesbær • sími 421 8010  
netfang [kalka@kalka.is](mailto:kalka@kalka.is) • [www.kalka.is](http://www.kalka.is)

## Bærinn segir nei við íbúa Þverholts

Gísli R. Einarsson hefur sent erindi fyrir hönd íbúa við Þverholt um breytt fyrirkomulag umferðar um Þverholt vegna öryggis vegfarenda og íbúa.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar í ágúst sl. var erindi frestað en starfsfólki umhverfissviðs er falið að fylgja þessu erindi eftir, kanna umferðarhraða, umferðarmagn og kanna tillögur að lausn.

Umhverfis- og skipulagsráð telur að ekki sé þörf á að fara í frekari hraðatakmarkanir við Þverholt samkvæmt leiðbeiningum um hraðatakmarkandi aðgerðir, við götuna eru tvær hraðahindranir. Umhverfis- og skipulagsráð hafnar því erindinu.

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**



Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2023





*Þú veist hvar þú færð  
fallegu gjöfina*



*Gleðilega hátíð*

**ZOLO & CO**

KEFLAVÍK



# TÍMINN ER FUGL SEM FLÝGUR HRATT

*Kæru Suðurnesjamenn.*

Aðventan er margslunginn tími og er afar velkomin hjá okkur sem teljast til jólabarna og viljum vera jólabörn í okkur þótt komin séu vel af eiginlegum barnsaldri. Hún er vissulega svartasta skammdegid og þá eru jólaljósín úti og inni kærkomin til að bregða birtu á umhverfið og inn í sálina. Skömmu fyrir jól nær svo birtan undirtökum og daginn lengir jafnt og þétt með hækandi sól næstu vikur og mánuði.

Það tilheyrir aðventunni að líta um öxl. Fólk spyr sig í hljóði: Gekk ég götuna til góðs á árinu sem senn líður í aldanna skaut? Gengum við sem þjóð götuna til góðs? Svári nú hver fyrir sig, að sjálfsögðu en svörin eru væntanlega af ýmsum toga og tilefni skrafs í aðventu- og jólaboðum ef nærtækari og fjölskyldutengdari umræðuefni tæmast.

Milli jóla og nýárs, þegar sjálf áramótin eru innan seilingar, breytist gjarnan þankagangurinn. Við veltum þá frekar fyrir okkur nýja árinu og hvað það beri í skauti sér fyrir okkur sjálf, okkar nánustu, samfélagið og veröldina. Eðli máls samkvæmt eru líklega hvergi á landinu fleiri og áleitnari spurningar um hvað nýtt ár beri í skauti sér en einmitt á Reykjanesi.

Aðventan og sjálfar hátíðirnar eru gjarnan tími til að líta í eigin barm, horfa um öxl en líka fram á

veginn. Áramót eru vissulega raunveruleg kaflaskipti í lífshlaupinu og bráðum vöknum við upp við það að komið er árið 2024. Næstum því fjórðungur aldarinnar er að baki, aldar sem okkur finnst flestum að hafi byrjað fyrir skömmu eða því sem næst. Tíminn líður og það fljótt, hann er fugl sem flýgur hratt. Það finnum við öll og höfum ýmis viðmið, þau nærtækustu eru auðvitað árin sem bætast við aldur okkar sjálfra. Og svo eru blessuð börnin allt í einu orðin fullorðið fólk!

Aðventan og jólahátíðin eru samt fjarri því að vera öllum gleðistundir. Ástvinamissir og tilheyrandi sorg og söknuður er sjaldan sárari en einmitt um jól. Að hugsa til jóla nægir til að fá kvíðahnút í maga og sorg í hjarta.

Hjá öðrum er þröngt í búi efnahagslega og fólk sem þannig er ástatt um kvíðir því að halda jóli. Fréttir berast af því að fleiri en áður leiti nú til góðgerðarsamtaka eftir mat og fleiri nauðsynjum fyrir jólin. Við sem höfum nóg á milli handanna eignum að láta gott af okkur leiða og láta eitthvað af hendi rakna til þeirra sem eru í neyð. Gjafir gleðja en allra mest þar sem þeirra er beinlínis þörf.

Fátæktin er eitt, einmanaleikinn annað. Jólin eru ekki hátíð þeirra sem einmana eru. Bönkum því á dyr hjá gömlum vini eða einhverjum í fjölskyldunni sem

okkur grunar að þiggi félagsskap og samtal yfir kaffibolla eða heitu súkkulaði og smákökum. Síkar heimsóknir eru gefandi, kosta ekki krónu en geta kallað fram bros og stuðlað að hjartasýni í stað deyrðar. Heimsóknirnar geta beinlínis orðið til þess að jólin verði gleðilegri en ella hjá viðkomandi.

Árið sem senn rennur sitt skeið á enda hefur verið sérstaklega viðburðaríkt í lífi mínu og starfi. Þar ber hæst að 19. júní, á sjálfan kvenréttindadaginn, tók ég við embætti dómsmálaráðherra. Störfin í dómsmálaráðuneytinu eru fjölbreytt enda málaflókkar margir. Ekkert annað ráðuneyti er með jafn margar undirstofnanir, þær eru hvorki fleiri né færri en þrjátíu og fjórar.

Ég ákvað að leggja í minni ráðherratíð sérstaka áherslu á mál-efni útlendinga/innflytjenda, lög- reglunnar, Landhelgisgæslunnar, fangelsa og kynbundins ofbeldis.

Óþarft er að fjölyrða um að náttúruöflin á Reykjanesi sköpuðu sjálfkrafa fjölþætta verkefnalista ráðuneytis míns og ríkisstjórnarinnar allrar þegar rýma þurfti í skyndingu heilt bæjarfélag, Grindavík, og finna íbúunum samastað og viðunandi tilveru í óvissuástandi sem við vonum öll að vari sem styst.

Við skulum samt vera raunsæ því nú er það sjálf náttúran sem ræður för og enginn segir henni

fyrir verkum. Samt getum við og eigum að búa okkur undir það sem hún kann að taka upp á næst.

Suðurnesjamenn brugðust vel og myndarlega við í hvers kyns hjálparstarfi við granna sína í Grindavík. Fyrir það skal þakkað. Hættan er því miður ekki liðin hjá. Óvissan varir og stjórnvöld gerðu þegar í stað ráðstafanir til að verja orkumannvirki og önnur mannvirki í Svartsengi með varnargörðum sem unnið er við allan sólarhringinn. Sú framkvæmd er hugsuð til að verja mikilvæga samfélagsinnviði með öllum ráðum, orkuver sem sér tugþúsundum íbúa á Reykjanesi fyrir rafmagni og vatni, heitu og köldu.

Rifjast þá upp að ýmsum þótti ósennilegt að hægt væri að hafa áhrif á hraunstrauminn frá eldfjallinu á Heimaey fyrir hálfri öld. Þegar hins vegar horft er til baka eru yfirgnæfandi líkur á að sjóðæling á glóandi hraunið hafi komið í veg fyrir að innsiglingin til Vestmannaeyja þrengdist mjög eða lokaðist alveg. Sannaðist þar að unnt var með hugviti, áráðni og djörfum ákvörðunum að halda aftur af eyðileggingarmætti náttúruafllanna að þessu leyti. Af þessu má læra.

Þá vil ég geta þess að ég hef sem dómsmálaráðherra skipað tvo almannavarnarfulltrúa í fullt starf á Reykjanesi, annan fyrir Grindavík og hinn fyrir Suðurnes.



Þannig eflist almannavarnarkerfið á svæðinu með vöktun og viðbúnaði. Við vonum innilega hið besta en á sama tíma viljum við vera við öllu búin.

Ég vil að lokum þakka ykkur Suðurnesjamönnum fyrir ómetanlegan stuðning við mig og mín störf. Ég óska ykkur öllum gleðilegrar og innihaldsríkrar jólahátíðar og minni á að aðventan og hátíðarnar eru tími tengsla, vináttu og kærleika. Ræktum alla þá þætti alveg sérstaklega. Njóttum samvista hvert við annað. Megi jólagjöfin okkar í ár verða aukin samvera, nærvera og tími til handa vinum okkar og vandamönnum.

Gleðilega hátíð!

*Guðrún Hafsteinsdóttir,  
dómsmálaráðherra og oddviti  
Suðurkjördæmis*

## JÓLAGJAFIR

sem marga dreymir um í DRAUMALANDI



Home Gard jólavörur



Le Creuset leirpottar



Jólastjarnan frá Georg Jensen



Jólakötturinn frá Heklu



Home Gard glervörur



Georg Jensen vinglól



eva solo vinglól



Stelton og Rosendahl kaffikönnur



Mumin barnavörur



Royal Copenhagen matar og kaffistell



Meraki vörurnar vinsælu



Georg Jensen gjafavörurnar í miklu úrvali



Nikolas Vahé saltstaukar



Kristal kertastjappar í úrvali



**Draumaland**

Tjarnargötu 3 Keflavík - Sími 421-3855  
#draumaland230





FULL BÚÐ AF FALLEGRI  
HEIMILIS OG GJAFAVÖRU



BÚSTOÐ  
— síðan 1975 —



Opnunartími: mán.- fös. 11-18      lau. 11- 14  
Jólaopnun: Frá 20. des. er opið 11 - 22      Aðfangadag: 10 -12

Tjarnargata 2 - 230 Reykjanesbæ - ☎ 421-3377 - 🌐 bustod.is



# Matarboðin hjá mömmu eru ómissandi

Mikael Tamar Eliasson er sjómaður frá Grindavík. Mikael er lunkinn lagasmiður og spilar á gítar og syngur eins og engill. Hann er mikið jólabarn og finnst sörur vera ómissandi á jölnum.

**Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?**

Það ár var mjög gott eins og þau eru flest þó þau komi öll með sínar áskoranir en ferð til Tene með fjölskyldunni var einn af hápunktunum á því herrans ári.

**Ert þú mikið jólabarn?**

Já, ég verð að viðurkenna það. Ég hef mjög gaman af hátíð ljóss og friðar. Ljósadýrð loftin gyllir og allt það.

**Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?**

Það fer yfirleitt upp svona um miðjan desember.

**Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir – áttu einhverjar skemmtilegar jólaminningar?**

Jólin á Sveinseyri í Dýrafirði, í sveitinni þar sem ég ólst upp sem lítill drengur. Þar var eftirvæntingin eftir jölnum og aðfangadegi gríðarlega mikil. Yndislegar minningar sem ég á þaðan.

**En skemmtilegar jólahefðir?**

Nei, engar svona afgerandi.

**Hvenær klárar þú að kaupa jólagjafirnar?**

Ég reyni yfirleitt að vera búin að því í byrjun desember því stundum er ég að koma í jólafrí af sjónum rétt fyrir Þorláksmessu og það er frábær uppskrift að jólastressi að eiga allt eftir degi fyrir jól. Ég hef prófað það einu sinni og það er eitt af markmiðum lífsins að prófa það aldrei aftur.



**Hvað finnst þér vera ómissandi á jölnum?**

Sörur! Hver bjó þetta bragðlaukakítill til? Herre gud. Matarboðin hjá mömmu. Já, öll matarboðin hjá mömmu!

**Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?**

Gítarinn sem mamma og pabbi gáfu mér eitt sinn. Þvílík fegurð og þvílíkur vinur.

**Er eitthvað á óskalistanum fyrir jólin í ár?**

Já, gítar. Taylor 812ce Indian Rosewood!

**Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? eru hefðir í mat?**

Tjaaaa, í gegnum tíðina hefur mamma alltaf boðið okkur í mat á aðfangadag. Þar eru kræsingar á öllum borðum, hamborgarhryggur, hangikjöt, lax ásamt forrétt og eftirrétt. Þó við Grindvíkingar séum að fara halda jólin okkar fjarri Víkinni fögru þá efast ég ekki um að á aðfangadagskvöldi muni ég óska þess að hafa borðað ögn minna en ég gerði.

**Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?**

Njóta með fjölskyldu og vinum því fjölskylda og vinir er það allra mikilvægasta sem við eigum.

*Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*



**GRJÓTGARÐAR** EHF



*Gleðileg jól og farsælt komandi ár!*



*Þökkum frábærar  
viðtökur á nýjum stað!*

**langbest**  
RESTAURANT



# JÓLATRÉN ERU KOMIN

## Byrjaðu jólin í BYKO

Sérvalinn nordmannspinur frá Danmörku  
og stafafura frá Skógræktinni



Nordmannspinur (*Abies nordmanniana*) er jólatréð sem mest er flutt inn og því sá þinur sem hvað flestir Íslendingar kannast best við.

Stafafura (*Pinus contorta*) er réttilega ein aðaltegundin í íslenskri skógrækt og er, ásamt rússalerki, ein besta frumherjategundin á rýru landi. Hún hentar vel sem jólatré og heldur barrinu mjög vel. Er fallega græn þar sem hún vex við góð skilyrði. Ilmar vel.



Skannaðu kóðann  
og skoðaðu  
bæklinginn

## ÁTTU EFTIR AÐ FINNA JÓLAGJÖFINA?

Skoðaðu jólagjafahandbókina  
okkar á [byko.is](http://byko.is)



# BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



# Afbrýðisöm út í nýfæddan bróður

Árið hefur verið fjörlegt og skemmtilegt hjá jólastelpunni Freyju Sigurðardóttur sem hvílir lúin bein á jóladag og nýársdag

Freyja Sigurðardóttir ætlar að njóta jólanna með fjölskyldunni en ein stærsta minningin er þegar hún, þá sex ára, eignaðist bróður á aðfangadag sem hún var ekki mjög ánægð með þá. Freyja er á fleygiferð alla daga að stýra og þjálfá í Pitt Form í Sporthúsinu í Reykjanesbæ og segir að það sé fátt betra í jólastressinu en að fara á æfingu. Jóladagur og nýársdagur eru einu rólegu dagarnir hjá Sandgerðingnum og hún segist njóta þess að hafa það kósý þessa daga.

Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?

Árið 2023 er búið að vera mjög stórt hjá okkur fjölskyldunni. Það byrjaði á fyrstu dögum janúar þegar ég færði Pitt Form-ið mitt í stærri og flottari sal í Sporthúsinu og breytti úr námskeiðum í áskrift allt árið. Þá gerði ég samning við Nike eftir að hafa verið hjá Addidas í tólf ár. Í fjölskyldunni voru tímamót hjá krökkunum okkar í skólunum og þá tók Halli minn við þjálfun Keflavíkurliðsins og ég tók svo að mér verkefnið að vera styrktarþjálfari liðsins. Svo upplifði maður margar góðar stundir í ferðalögum, við hjónin fórum í skíðaferð og til Tenerife, ég fór á tónleika með vinkonunum í Barcelona og við fylgdumst með Aroni Frey okkar á Gothiacup í Svíþjóð. Þannig að árið er búið að vera magnað og mikið að gera hjá fjölskyldunni.

Ert þú mikið jólabarn?

Ég er mjög mikið jólabarn og elska þennan tíma, ljósinn, löginn og svo bara eftirvænting og gleðin hjá öllum.

Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?

Við setjum tréð upp fyrstu helgina í desember.

Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir – áttu einhverjar skemmtilegar jólaminningar?

Já ég man heldur betur eftir einum jóli þegar ég var sex ára. Ég var yngst okkar systkinanna þá og átti tvær eldri systur og svo eignaðist ég litinn bróður á aðfangadag. Ég var svo afbrýðisöm og brjáluð yfir því að mamma mín þurfti að vera á spítalanum hjá þessum krakka á jólinum en ég var

fljót að jafna mig. Við erum fimm systkinin í dag og ég er miðjubarn.

En skemmtilegar jólahefðir?

Við erum ekki með neinar þannig séð hefðir, bara þetta helsta á aðfangadag að borða kl. 18:00, opna svo gjafir og hafa það kósý og gera svo ekki neitt á jóladag. Bara algjör slökun þennan eina dag á ári (ha..ha..).

Hvenær klárar þú að kaupa jólagjafirnar?

Ég er þessi óskipulagða í þessu gjafastússi. Ég ætla mér alltaf á hverju ári að vera jafn skipulögð og Ármey systir mín. Hún er alltaf búin að kaupa allt og pakka öllu inn 1. desember. Ég er að klára á Þorláksmessu og Aðfangadag með allt á spani.

Hvað finnst þér vera ómissandi á jólinum?

Ómissandi?...þessi er erfið. Ætli það sé ekki að fá alla fjölskylduna saman á aðfangadag, borða saman og njóta þess að vera til.



Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

Ætli það sé ekki þessi blessaði bróðir sem ég fékk þegar ég var sex ára (ha..ha..).

Er eitthvað á óskalistanum fyrir jólin í ár?

Nei, reyndar ekki en kannski væri gott fyrir alla í kringum mig að ég fengi ADHD greiningu og róandi töflur..(ha..ha..) Ég er mjög ofvirk og alltof hvatvís stundum en Halli minn kann vel á sína konu þannig að þetta gengur allt saman vel.

Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? Eru hefðir í mat?

Við erum alltaf með humarsúpu í forrétt, hamborgarhrygg og meðlæti í aðalrétt og svo auðvitað jólaís með sósu í eftirrétt.

Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?

Þar sem Pitt Form námskeiðið mitt er núna allt árið þá er ég að þjálfá alla daga nema 25. des og 1. jan. Annars eru tímar alla daga. Þannig að við ræktum okkur í kringum jólahátíðina, það má ekki gleyma að rækta okkur sjálf í öllu jólastressinu. Alltof margir sem klikka á þessu. Að taka góða æfingu er besta slökunarmeðalið sem til er. Dagurinn er svo miklu betri eftir góða æfingu. Við förum svo á jólaball hjá fjölskyldunni og jólahitninga. Ég klára jólagjafirnar og stefni svo að því bara að njóta þess inn á milli að vera með fjölskyldunni, hitta vini og hafa gaman.



Fjör hjá Freyju með fjölskyldunni og vinkonum.





# GEFÐU UPPLIFUN Í JÓLAGJÖF

EINSTÖK  
TILBOÐ  
Á GJAFABRÉFUM

GJAFABRÉFIN  
OKKAR GILDA Á

HOTEL KEFLAVÍK  
DIAMOND SUITES

GISTIHEIMILI  
KEFLAVÍK

KEF RESTAURANT  
DIAMOND LOUNGE  
& BAR

SJÁÐU ÚRVALIÐ Á  
[WWW.KEF.IS/TILBOD](http://WWW.KEF.IS/TILBOD)

EÐA HAFÐU SAMBAND  
Á [STAY@KEF.IS](mailto:STAY@KEF.IS) EÐA  
Í SÍMA 4207000







Starfsfólk ZOLO & CO. F.v.: Hanna Þurý Ólafsdóttir, Rúna Óladóttir, Erlingur Jónsson og Thelma Rut Stefánsdóttir. VF/Hilmar Bragi

# Öðruvísi heimilis- og gjafavara í ZOLO & CO

ZOLO & CO er lítið fjölskyldufyrirtæki í Keflavík með aðsetur að Hafnargötu 23. Eigendur eru þau Rúna Óladóttir og Erlingur Jónsson en verslunin rekur sögu sína aftur til ársins 2017. Þau Rúna og Elli höfðu flutt inn ilmoliulampa sem fljótt urðu vinsælir hér á landi. Lamparnir voru aðallega seldir í gegnum Facebook og á netinu til að byrja með en einu sinni á ári, um Ljósanæturhelgina, voru þeir einnig seldir á markaði í göngugötunni á Park Inn hótelinu við Hafnargötu.



Nú brá svo við að ekki var hægt að halda markaðinn þar og voru góð ráð dýr. Þau fengu inni í rými hjá skóbúðinni við Hafnargötuna og ætluðu að vera þar í viku, tíu daga. Úr varð að verslunin með ilmoliulampana var þar í nokkra mánuði.

Rúna segir í samtali við Víkurfréttir að þetta hafi bara verið svo gaman að úr varð að þau festu kaup á verslunarhúsnæði að Hafnargötu 23. Rúna er þó ekki ókunnug verslunarrekstri við Hafnargötu, því þar rak hún snyrtivöruverslunina Gallery förðun í mörg ár.

ZOLO & CO og skulgreind sem gjafavöruverslun þar sem áherslan er á öðruvísi heimilis- og gjafavöru. Fyrst um sinn voru ilmoliulamparnir og allt sem fylgir helsta vara verslunarinnar. Rúna segir úrval af ilmoliulömpum vera stórkostlegt og þó að þeir séu kalladír ilmoliulampar þá eru þeir svo frábær rakatæki líka. Við erum án efa með landsins mesta úrval af ilm- og ilm-kjarnaolím, ásamt ilmstöngum, ilm-kertum og hóbýlaspreyjum.

„Svo erum við líka með fjöldan allan af skemmtilegum vörumerkjum á borð við Eco by Sonya,

Elements lighting, Made by zen, Kooduu og ég gæti haldið lengi áfram.“

Öðruvísi heimilis- og gjafavara er áberandi í versluninni við Hafnargötu, og Rúna segir að það sé markmið að vera með lítið af hverju, þegar um er að ræða sérstaka og mikið öðruvísi hluti. Það takist þó ekki alltaf og mikið sé spurt um suma hluti. Aðrir eru hins vegar bara til í örfáum eintökum á heimilum víða um land. ZOLO & CO reka nefnilega vinsæla netverslun þar sem flestar vörur verslunarinnar eru seldar og pantanir afgreiddar alla virka daga til póst- og flutningafyrirtækja. Þegar útsendari blaðsins kíkti í verslunina var Elli að fara út úr húsi með sendingar austur á Egilsstaði, Neskaupsstað og vestur á Patreksfjörð, Suðureyri við Súgandafjörð sem dæmi.

Í versluninni við Hafnargötu má sjá sýnishorn af þeim vörum sem ZOLO & CO eru að selja í



Öðruvísi heimilis- og gjafavara er áberandi í versluninni.



netversluninni sem er á slóðinni ilmoliulampar.is. Gylltir fuglar og ýmis önnur dýr sem lampar og ljósastæði vekja athygli. Einnig húsöggn eins og stólar og smábörð. Þá vakti athygli Led-lampi frá „Kooduu“ sem einnig er bluetooth hátalari og vinkælir. Jacob Jensen hannaði gripinn en úr honum er hágæða hljómur sem kemur frá JBL hátölurum, einstaklega eftirtektarverðir.

Þá eru í versluninni Led-kerti sem eru hlaðanleg og loga í 100 klukkustundir á hverri hleðslu og flóktandi „loginn“ er sérstaklega eðlilegur. Þá er úrval kerta, lukta

og lengi mætti telja. Þegar farið er inn á vefverslunina má sjá á fjórða hundrað vara af ýmsu tagi.

Í verslun ZOLO & CO er ekki verið að selja beint sérstakar árs-tíðavörur, það sem er til sölu hentar í rauninni allt árið. Þó mætti nú nefna alla dásamlegu jólaílminna sem henta bæði í ilmoliulampana o.fl. Rúnu telst til að jólaílminir séu þrjátíu og sjö talsins, já allir ættu að finna „sinn“ jólaílmin. Það er heldur ekki langt í snyrtifræðinginn þegar Rúna er annars vegar en hún selur einnig húð- og snyrtivörur í versluninni og netversluninni. Þá er vape verslunin ZOZ einning staðsett í sama húsnæði, vape verslunin nýtur mikilla vinsælda, hún var fyrsta vape-verslunin á Suðurnesjum og á sinn fasta viðskiptamannahóp.

Heimsókn í ZOLO & CO er góð hugmynd fyrir jólin, því þar er örugglega hægt að finna öðruvísi og ótrúlega skemmtilega jólagjöf. Til að setja sig betur inn í vörurvalið er líka þjóðráð að kíkja á vefinn, ilmoliulampar.is.



Úr verslun ZOLO & CO að Hafnargötu 23 í Keflavík.



Hnotubrjótur af stærstu gerð tekur á móti viðskiptavinum.



# OPNUNARTÍMAR UM HÁTÍÐARNAR

## SUNNUDAGAR ERU FRÍDAGAR

Við vekjum athygli á að lokað er á aðfangadag og gamlársdag þar sem óheimilt er að hafa Vínbúðir opnar á sunnudögum.

## Vínbúðin Reykjanesbæ

Fimmtudagur	21. desember	11-18
Föstudagur	22. desember	11-19
<b>Laugardagur</b>	<b>23. desember</b>	<b>11-20</b>
Sunnudagur	24. desember	Lokað
Mánudagur	25. desember	Lokað
Þriðjudagur	26. desember	Lokað
Miðvikudagur	27. desember	11-18

Fimmtudagur	28. desember	11-18
Föstudagur	29. desember	11-19
<b>Laugardagur</b>	<b>30. desember</b>	<b>11-20</b>
Sunnudagur	31. desember	Lokað
Mánudagur	1. janúar	Lokað
Þriðjudagur	2. janúar	11-18

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

 VÍNBUÐIN



# Græjum vandræðalega mikið magn af Dumle-sörum

Karen Lind Óladóttir er 34 ára, fædd og uppalin í Grindavík. Hún er búsett í Arendal í Noregi ásamt manninum sínum og tveimur sonum. Hún vinnur sem deildarlæknir á hjartagjörgæslu sjúkrahússins í Arendal.

**Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?**

Árið var bara svona upp og niður eins og gengur og gerist, fullmikið niður á tímabili en það er nú bara svoleiðis stundum. Það sem stendur upp úr á góðan hátt er kannski að ég byrjaði í nýrri vinnu þar sem mér líður rosalega vel og það sem stendur upp úr hinum megin er líklegast það sem er að gerast fyrir fallega bæinn minn, Grindavík, þessa dagana.

**Ert þú mikið jólabarn?**

Já, ég er mikið jólabarn. Ég þarf alveg að halda aftur af mér með að spila jólalög helst bara strax í október og það er alltaf einhver svona spes stemning í hjartanu þegar desember kemur og jólin nálgast. Bíð yfirleitt spennit eftir 1. desember svo ég geti nú loksins farið að vera í jólasokkum og jóla-peysum.

**Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?**

Ég ólst upp við að það væri sett upp og skreytt á Þorláksmessu en eftir að ég fór að búa sjálf hefur tréð nú verið sett upp töluvert fyrr. Með einn handóðan tæplega tveggja ára á heimilinu núna hugsa ég að ég reyni að fresta því eins lengi og hægt er að setja það upp þetta árið.



**Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir – áttu einhverjar skemmtilegar jólaminningar?**

Man ekki hvaða ár það var en ég hugsa að fyrstu jólin sem ég man eftir séu jólin þar sem ég náði að eyðileggja jólatréð, á einhvern hátt lét ég það detta um koll og flest jólaskrautið á því brotnaði. Hef líklegast verið bara sex eða sjö ára þegar þetta gerðist.

Það eru margar góðar jólaminningar, það standa upp úr jólin þar sem ömmur og afar hafa verið hjá okkur, það var alltaf extra notalegt.



Með búsetu í nýju landi, langt frá fjölskyldu og vinum, er líka gaman að búa til nýjar hefðir sem munu eflaust þróast eitthvað næstu árin. Myndin er frá Arendal í Noregi. Ljós.: VisitNorway

**En skemmtilegar jólahafðir?**

Það hefur verið jólahafð síðustu árin að við Ólöf systir bókum saman og græjum vandræðalega mikið magn af Dumle-sörum, hún kom meira að segja í heimsókn til Noregs í fyrra svo við gætum haldið í hefðina. Þetta árið náum við ekki að baka saman svo ætli við tökum þetta ekki bara í messenger videosamtali. Svo hafa spilakvöldin með systkinum mínum einnig verið skemmtileg, mikið keppnisþing í okkur og yfirleitt að minnsta kosti einn sem fer í heiftarlega fylu þegar hann tapar.

Með búsetu í nýju landi, langt frá fjölskyldu og vinum, er líka gaman að búa til nýjar hefðir sem munu eflaust þróast eitthvað næstu árin.

**Hvenær klárar þú að kaupa jólagjafirnar?**

Ég hef nú aldrei verið þekkt fyrir það að vera snemma í því og er yfirleitt nánast fram á síðasta dag að græja jólagjafirnar. Þetta

árið ákvað ég hins vegar að vera snemma í því og var búin að öllu í nóvember og get þess vegna notið extra mikið í desember.

**Hvað finnst þér vera ómissandi á jólinum?**

Dumle-sörur, lakkristoppar, spilakvöld, norskt jólaglög, Harry Potter maraþon, Malt & Appelsín og hangikjöt – en það sem mér finnst langmikilvægast er samvera með fjölskyldu og vinum.

**Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?**

Eftirminnilegasta og besta jólagjöfin sem ég hef fengið er hálsmen sem ég fékk frá strákunum mínum með þeirra upphafsstöfum og einnig stendur mamma á því. Nota það á hverjum degi og tek það aldrei af.

**Er eitthvað á óskalistanum fyrir jólin í ár?**

Ég náði mér í nýtt áhugamál árið 2023, byrjaði að hlaupa, svo nánast allar gjafir á óskalistanum eru hlaupatengdar. Mig langar í utanvegahlaupaskó og svona allskonar fatnað og aukahluti sem eru „ómissandi“ í hlaupunum.

**Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? Eru hefðir í mat?**

Ég ólst upp við að það væri alltaf gæs á jólinum og nú í ár eru fyrstu jólin okkar fjölskyldunnar á eigin heimili svo ég ætla að reyna að elda gæs eftir kúnstarinnar reglum frá mömmu. Einnig ætjum við að vera með norskt „pinnekjøtt“ sem er klassískur norskur jólamatur. Ég er búin að kaupa gríðarlegt magn af Malti og Appelsíni, fá laufabraud og hangikjöt sent frá Íslandi, svo mig grunar að við verðum í finum málum matarlega séð.

**Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?**

Við fjölskyldan ætjum í helgarferð til Oslo til að kíkja á jólamarkað, fórum líka í fyrra og hugsa að þetta sé hefð sem er komin til að vera, fint að kúpla sig aðeins út úr hversdagsleikanum og gera eitthvað skemmtilegt svona á milli vinnudaga.

Það mikilvægasta er að ég ætla að reyna að njóta með manninum mínum og börnunum eins og hægt er. Það er svo gaman að upplifa jólin í gegnum börnin sín og sjá viðbrögð við skreytingum og jólapökkum, algjörlega ómetanlegt.

Samvinnuverkefni milli Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) og Reykjanesapóteks  
Styrkt af Heilbrigðisráðuneytinu

## Bólusetningar forgangshópa í Reykjanesapóteki

Tímarpantanir í síma, tölvupósti eða á staðnum.

Forgangshópar í Inflúensu bólusetningu:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn fædd 1.1.2020–30.6.2023 sem náð hafa 6 mánaða aldri þegar bólusetting er.
- Fólk með langvinna sjúkdóma, s.s. hjarta-, lungna-, nýrna- og lífrarsjúkdóma, sykursýki, offitu, illynja sjúkdóma og aðra ónæmisbælandi sjúkdóma.
- Pungaðar konur.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Forgangshópar í Covid bólusetningu:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Fólk með langvinna sjúkdóma, s.s. hjarta-, lungna-, nýrna- og lífrarsjúkdóma, sykursýki, offitu, illynja sjúkdóma og aðra ónæmisbælandi sjúkdóma.
- Pungaðar konur.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

**Reykjanesapótek Hólagötu**  
Hólagata 15, 260 Reykjanesbæ  
Sími: 421-3393  
holagata@reykjanesapotek.is

**Opnunartímar**  
Virkir dagar: 9–20  
Helgar: 12–19

**Reykjanesapótek Fitjar**  
Fitjar 2, 260 Reykjanesbæ  
Sími: 421-3383  
fitjar@reykjanesapotek.is

**Opnunartímar**  
Virkir dagar: 10–20  
Laugardagar: 10–14



## Jólatrésskemmtun kvenfélagsins Gefnar 2023

Kvenfélagið Gefn heldur sína árlegu jólatrésskemmtun í Miðgarði Gerðaskóla í Garði föstudaginn 29. desember næstkomandi frá kl. 15.00 til 17.00.

Nú eins og ævinlega ætlum við að dansa í kringum jólatréð við fjöruga tónlist og söng og njóta veitinga í boði kvenfélagskvenna. Að venju kemur jólasveinninn í heimsókn með glaðning í poka handa kátum krökkum.

Verið öll hjartanlega velkomin. ATH! Ókeypis aðgangur.

Með jólakveðju frá kvenfélaginu Gefn.






# Gleðilega hátíð

Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum,  
samstarfsaðilum og landsmönnum öllum,  
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.  
Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.



**Bragi Guðmundsson ehf.**  
Byggingaverktaki



Báruklöpp í Garði, Suðurnesjabæ.  
Þar byggir Bragi Guðmundsson ehf. par- og raðhús.





## Gledileg jól og heillaríkt komandi ár

Pökkum viðskiptin í gegnum ár og öld.

**SLIPPFÉLAGIÐ** Opið: Hafnargötu 54 8-18 virka daga Reykjanesbæ 10-14 laugardaga S: 421 2720 [slippfelagid.is](http://slippfelagid.is)

Gledileg jól  
gott og farsælt komandi ár  
með þökk fyrir samstarfið  
á árinu sem er að líða



VERKFRÆÐISTOFA  
SUÐURNESJA

Verkfræðistofa Suðurnesja ehf. Vikurbraut 13, 230 Reykjanesbæ / [vss.is](http://vss.is) / [vs@vss.is](mailto:vs@vss.is)

## Alltaf mandla í eftirréttinum og verðlaun fyrir þann heppna

Hjálmar Hallgrímsson, lögregluvarðstjóri og bæjarfulltrúi í Grindavík, segir samhug þessarar þjóðar engu líkan þegar á reyni eftir þær hremmingar sem Grindvíkingar lentu í þann 10. nóvember. Hann vonast til að geta haldið upp á hátíðina heima með fjölskyldu og vinum eins og undanfarin jól.

**Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?**

Mjög gott framan af dóttir mín gifti sig í sumar og var það mikill ánægjudagur allrar fjölskyldunnar – en það sem stendur upp úr á árinu er rýmingin úr Grindavík þann 10. nóvember síðastliðinn. Mig grunaði ekki að við kæmst ekki heim til okkar fljótlega eftir rýmingu. Sjá á eftir fjölskyldu, vinum og öllum tvístrast um land allt, þó mest á suðvesturhornið. Mjög erfið staða og óvissa um hvenær verður hægt að komast heim en það góða í þessu ömurlega ástandi er samhugur þessarar þjóðar sem er engu líkur þegar á reynir. Allir eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að aðstoða með húsnæði fyrir íbúa, húsnæði fyrir fyrirtæki og húsnæði fyrir stjórn-sýslu Grindavíkurbæjar með allri sinni þörf. Allskonar aðstoð hefur boðist sem ég get seint talið upp hér.

**Ert þú mikið jólabarn?**

Já, alveg þokkalega. Þetta er yfirleitt mjög skemmtilegur tími.

**Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?**

Í kringum 10. desember.

**Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir – áttu einhverjar skemmtilegar jólaminningar?**

Svona um tíu ára aldur í Breiðholtinu með fjölskyldu. Á þeim árum var alvanalegt að kanna hvort bræður mínir tveir hafi nokkuð fengið stærri eða harðari pakka en ég.

**En skemmtilegar jólahefðir?**

Alltaf mandla í eftirréttinum á aðfangadag og verðlaun fyrir þann heppna.

**Hvenær klárar þú að kaupa jólagjafirnar?**

Porláksmessa hefur oft bjargað mér og opnunartími verslana til 13:00 þann 24. desember.

**Hvað finnst þér vera ómissandi á jólinum?**

Jólaboð stórfjölskyldunnar er algjörlega ómissandi – þegar sá skoðanaglaði hópur hefur komið sér saman um hvort það verði haldið á jóladag eða annan í jolum.

**Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?**

Fékk gríðarlega flottan veiðigalla í fyrra sem ég var afskaplega ánægður með en man ekki mikið aftar.

**Er eitthvað á óskalistanum fyrir jólin í ár?**


Já, klárlega að geta haldið jólin heima eða í Suðurvör 14 í Grindavík með öllu mínu fólki.

**Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? Eru hefðir í mat?**

Það sama og undanfarin ár það, er að segja hamborgarhryggur og léttreyktur lambahryggur enda ekki sá dagur sem er annálaður fyrir hollustu.

**Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?**

Vonandi það sama og undanfarin jól, að hitta fjölskyldu, vini og spila eins mikið og hægt er.



## Sóknir Njarðvíkurprestakalls sameinast

Kirkjusóknir Njarðvíkurprestakalls voru sameinaðar í eina sókn, Njarðvíkursókn, með ákvörðun kirkjuþings 30. nóvember sl. Hafa sóknirnar verið tvær í áratugi og prestar Njarðvíkurprestakalls hafa þjónað Njarðvíkurkirkju í Innri Njarðvík og Ytri Njarðvíkurkirkju. Höfuðkirkja nýs safnaðar verður Njarðvíkurkirkja sem vígð var 1886. Prestar og starfs-

menn hafa aftur á móti aðsetur í Ytri-Njarðvíkurkirkju.

Á fyrsta fundi nýrrar sóknarnefndar var Silja Dögg Gunnarsdóttir kjörin formaður.

Safnaðarmeðlimir eru á sjöunda þúsund sem gerir nýja Njarðvíkursókn þá stærstu á Suðurnesjum.

Prestar eru tveir, sr. Baldur Rafn Sigurðsson sóknarprestur og sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir. Starfsmenn eru fjórir.



# Aðaltorg

*Við trúum á framtíð Suðurnesja*



## **Velkomin í fjölbreytta þjónustu á Aðaltorgi í Reykjanesbæ fyrir jólin**

*Gleðileg jól - þökkum samstarfið og viðskiptin á árinu!*



*Olís eldsneytis sjálfsafgreiðsla*



*The Bridge restaurant*



*Reykjanes Optikk*



*Langbest*



*Instavolt hraðhleðslustöð*



*Draumahár*



*Lyfjavál*



*Heilsugæslan Höfða*





Sossu hefur setið fyrir hjá ljósmyndurum Víkurfréttanna í áratugi og er bara orðin nokkuð góð í fyrirsætustörfunum. Hún sagði við ritstjóra VF þegar hann smelti myndinni að hann væri fyrirmyndin á myndinni við hlið hennar. VF/pket.

## Jólamenning Sossu



Magga Stína og Tómas Jónsson í jólastuði hjá Sossu.

Reglulegur liður í menningunni í Reykjanesbæ fyrir undanfarin jól hefur verið jólasýning Sossu myndlistarkonu. Hún sýndi afkrstur síðustu mánaða og var einnig með eldri málverk.

Sossu hefur í mörg ár kryddað jólasýningu sína með meiri menningu og fengið gesti.

Guðrún Vera Hjartardóttir var gestur á vinnustofunni á þessari sýningu og sýndi skúlptúr. Þá sungu og spiluðu Magga Stína og Tómas Jónsson og einnig Daniel Hjálmtýsson sem kennir í Sandgerði. Þau skiptu með sér sýningar-dögum.

Fastur jólagestur hefur í áratug verið Anton Helgi Jónsson sem hefur lesið úr ljóðum sínum en

gann gaf fyrst út ljóðabók árið 1974. Sossu hefur oft notað ljóðin hans sem innspýtingu og hugmyndir að myndverkum.

„Jólasýningin mín er svona þakkarframtak til viðskiptavina minna. Það er gaman að geta boðið þeim í léttar veitingar og nýjar myndir á adventunni,“ sagði Sossu sem fyrst hélt jólasýningu fyrir um þrjátíu árum síðan. Hennar undirskrift er á mjög mörgum veggjum heimila á Suðurnesjum.



Anton Helgi t.v. og Daniel Hjálmtýsson lásu upp og sungu á jólasýningu Sossu.

# GLEÐILEGA HÁTÍÐ

## Takk fyrir árið sem er að líða



SECURITAS

securitas.is | 580-7000



**KEF** KEFLAVÍKUR  
FLUGVÖLLUR

# Fljúgum hærra á nýju ári

Starfsemi Keflavíkurflugvallar er umsvifamikil og í sífelltri þróun. Með góðu samstarfi flugvallarsamfélagsins tryggjum við góða upplifun fyrir gesti okkar í sátt við umhverfið.



Á liðnu ári lauk fyrsta áfanga í byggingu á nýrri austurálmum þegar nýr töskusalur var opnaður og fríhafnarverslunin stækkaði. Nýir veitingastaðir hófu rekstur á flugvöllinum og nýtt vörumerki KEF leit dagsins ljós sem markar nýtt upphaf í starfsemi Keflavíkurflugvallar.

Á árinu 2024 hefst stækkun suðurbyggingar og síðari áfanga í austurálmum lýkur þegar nýtt biðsvæði gesta og hlið verða tekin í notkun. Einnig mun bætast áfram í flóru verslana og veitingastaða sem eykur úrvalið fyrir gesti flugvallarins enn frekar.

**Við vonumst til að sjá ykkur sem flest á Keflavíkurflugvelli á árinu.**





Mynd/Óli Már

Nafn Höllu Karenar Guðjónsdóttur kannast eflaust margir við en hún er og hefur verið ein af helstu driffjöðrum Leikfélags Keflavíkur mörg undanfarin ár. Halla veit fátt skemmtilegra en að fá fólk til að hlæja og leiksviðið er hennar heimavöllur. Leikferill Höllu hefur hingað til verið bundinn við Suðurnes en hróður hennar hefur borist víðar og þessa dagana hefur hún atvinnu af því að vera leikari.



Halla Karen fær nú í fyrsta sinn borgað fyrir að leika á sviði.  
Mynd/Óli Már



#### VIÐTAL

Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is



„Það er eiginlega alltaf mikið að gera hjá mér. „Það er alveg sama hvenær ég er spurð að því,“ segir Halla Karen þegar við hefjum spjall okkar. Halla er nýhætt sem verkefnastjóri viðburðahalds í Reykjanesbæ og hefur verið að leika í verkinu *Drottningin sem kunnir allt nema ...* með Gaflaraleikhúsinu í Bæjarbíói.

„Við erum búin að sýna fimm sýningar í Bæjarbíói og núna er ég í smá pásu fram yfir áramót þegar ég ætla að halda áfram að leika í Bæjarbíói.

Leikritið er gert eftir barnabók sem Gunnar Helgason og Rán Flygenring skrifuðu. Þetta er svona myndabók sem við, leikhópurinn og Björk Jakobsdóttir, leikstjóri, settumst niður með og gerðum leikgerð sem við erum að sýna núna.“

**Þú hefur ekki leikið áður með Gaflaraleikhúsinu.**

„Nei, ég hef ekki leikið áður í Bæjarbíói og þetta er í raun í fyrsta sinn sem ég er að fá greitt fyrir það að vera leikkona. Allt sem

ég hef gert með Leikfélagi Keflavíkur er í sjálfböðavinnu og gert af áhuganum einum saman. Þannig að þetta er stórkostlegt tækifæri fyrir mig að fá að komast í Gaflaraleikhúsið.“

**Ög hvernig hafa viðtökur verið?**

„Stórkostlegar. Það er búið að vera fullt á allar sýningar hjá okkur og sýningar í janúar eru komnar í sölu. Við vorum bara að sýna á sunnudögum í október og einn sunnudag í nóvember, það er bara vitlaust að gera – allir að kaupa sér miða, sem er dásamlegt.“

**Ömurleg í körfubolta**

„Frá því að ég man eftir mér hef ég alltaf þurft að vera miðpunktur athyglinnar. Ég man sérstaklega vel eftir því þegar ég fór í fyrsta sinn á svið og fékk eitthvað stórt hlutverk. Það var á árhátíð í Njarðvíkurskóla, ég held að ég hafi verið í fjórða bekk og var fengin til að vera einhvers konar kynnrir og sló svona rosalega í gegn. Mig langaði alltaf svo að vera í leikfélagi en þorði því einhvern veginn ekki, var bara í körfubolta eins og hinir – alveg ömurleg í körfubolta, æfði körfubolta í mörg, mörg ár. Ég var frábær liðsfélagi á bekknum

og ógeðslega fljót að ná í vatn, var mjög góð í kleanum.“

Halla segir að hún hafi ekki þorað að ganga í Leikfélagið sem var ekki eins stórt og ekki jafnmikil starfsemi í því og er í dag. Það voru alltaf sett upp tvö verk á ári en það var ekki mikið í boði fyrir börn.

„Svo kynntist ég Arnari [Inga Tryggvasoni], mannum mínum, og hann hafði verið í Leikfélaginu og var í stjórn þess. Ég dróst náttúrulega mjög fljótt inn í það með honum og var komin í stjórn korteri seinna og þetta hefur algerlega verið mitt síðan þá. Ég var sautján ára þegar ég byrjaði í Leikfélag Keflavíkur og þetta er það skemmtilegasta sem ég geri.“

**Svo er öll fjölskyldan komin með þér í þetta, þetta er fjölskyldu-áhugamálið.**

„Já, þetta er algerlega svoleiðis. Við Arnar höfum alltaf verið í þessu saman og það er svo kærkomið að geta verið saman í þessu. Síðan kom tímabil þar sem hann fór út úr stjórninni og ég var eftir, svo hætti ég í stjórn en við vorum bæði alltaf að leika. Valur, strákurinn okkar, lék í fyrsta sinn 2011. Þá voru tvö barnahlutverk sem vantaði inn í og hann hoppaði í það, það var sem sagt í fyrsta sinn





Halla Karen og Guðný Kristjánsdóttir í hlutverkum Hvitvínskvennanna sem hafa slegið í gegn.

sem hann lék og þá var sett upp Jólasaga Dickens. Núna í ár er verið að setja upp Jólasögu Dickens í nútímabúningi, *Jólasaga í Adventugarðinum*, og þar er Sóllilja, átta ára dóttir okkar, að leika í sínu fyrsta verki. Það er svolítið skemmtileg tilviljun að það er er sama verk og Valur lék í. Maðurinn minn, hann Arnar, er í aðalhlutverki í þessu verki þannig að við erum öll fjölskyldan í þessu – og þessi yngsti, tveggja ára, hann er með okkur öllum stundum. Hann er bæði búinn að vera með mér í Bæjarbíói, búinn að sjá allar sýningar þar og núna er hann búinn að sjá allar sýningar í Leikfélaginu líka. Hann er svolítið dæmdur til að fylgja í fótspor fjölskyldunnar, þetta er nokkurs konar fjölskyldusport.“

**Er það athyglissýki sem dregur ykkur í þetta?**

„Þetta er örugglega vottur af athyglissýki. Þetta bara liggur fyrir okkur en þessi útrás sem maður

fær við að vera að æfa í leikhúsinu, standa uppi á sviðinu, fá síðan að sýna og gleðja aðra – það er bara það dásamlegasta sem ég get alla vega hugsað mér. Að fá annað fólk til að hlæja, að ég tali ekki um ef ég get hlegið að því sjálf, það er dásamlegt að geta haft það að atvinnu eins og ég er að gera akkúrat núna. Það er frábært.“

#### Notalegar sögustundir

**Þjáist þú aldrei af sviðskrekk?**

„Alltaf. Ég er rosalega kvíðin í hvert einasta skipti sem ég fer á svið. Ég er líka búin að vera með Notalega sögustund í að vera níu ár og búin að lesa sömu bókina alla vega níu sinnum. Ég er með tíu bækur sem ég rúlla og í hvert einasta sinn sem ég les er ég mjög stressuð, aldrei þannig að það sjáist en ég held að þetta bara skipti mig máli. Það skiptir mig máli að það sem ég geri sé almennilegt og hann Gunni Helga, sem ég er með í Bæjarbíói núna, þegar hann leik-

”  
Frá því að ég man eftir mér hef ég alltaf þurft að vera miðpunktur athyglinnar. Ég man sérstaklega vel eftir því þegar ég fór í fyrsta sinn á svið og fékk eitthvað stórt hlutverk ...



Halla sem Grýla í leikritinu Hamagangur í hellinum. Grýla mætir gjarnan í Notalegar sögustundir þegar dregur nær jólu.

stýrði mér tvisvar sinnum í Leikfélagi Keflavíkur gaf hann mér nýja sýn á hvernig það er að leika fyrir börn. Hann sagði það að börn fyrirgefa ekki og sagði við okkur öll sem vorum að leika: „Þið skulið aldrei mæta hérna eftir að hafa fengið ykkur í glas daginn áður. Þið skulið bera það mikla virðingu

fyrir börnum að þið mætið hérna allsgáð og alltaf tilbúin í tuskid. Þið gætuð verið að fá barn sem er að koma í fyrsta sinn í leikhús og leikhúsreynsla barns í fyrsta sinn getur haft áhrif á það hvernig barn horfir á leikhús yfir höfuð. Barn fyrirgefur ekki svo glatt, við fullorðna fólkid förum á einhverja

leiksýningu og hún er glötuð, við förum samt bara aftur í næstu viku á einhverja aðra leiksýningu en þetta getur haft svo mótandi áhrif á börn.“ Þetta er eitthvað sem ég hef haft að leiðarljósi síðan. Ég hef mjög gaman af því að leika fyrir börn, það er algjörlega mitt uppáhalds, og þess vegna held ég að ég



Notalegar sögustundir í Bókasafni Reykjanesbæjar eru vinsælar hjá krökkum.

## KÆRI NÁGRANNI! SENDUM ÞÉR OG ÞÍNUM BESTU ÓSKIR UM GLEÐILEGA HÁTÍÐ

#### Afgreiðslutími um jól og áramót:

22. des	9–19	28. des	9–19
23. des	10–14	29. des	9–19
24. des	LOKAÐ	30. des	10–14
25. des	LOKAÐ	31. des	LOKAÐ
26. des	LOKAÐ	1. jan	LOKAÐ
27. des	10–19	2. jan	10–19





Feðginin Arnar Ingi og Sóllilja í Jólásögu í Adventugarðinum, nútímalegri uppfærslu Leikfélags Keflavíkur á Jólásögu Dickens.

sé stressuð. Ég vil gera hlutina vel og gera góða upplifun fyrir börnin,“ segir Halla Karen sem auk þess að leika hefur verið með Notalegar sögustundir í Bókasafni Reykjanesbæjar undanfarnin níu ár þar sem hún les og syngur fyrir börnin. Hún hefur einnig verið að fara í grunn- og leikskóla Reykjanesbæjar.

„Ég var einu sinni beðin um að koma og lesa fyrir eldri borgara en það var ekkert úr því vegna Covid, það var á þeim tímum – en ég er voða spennt fyrir því og væri til í að gera það í sjálfböðavinnu. Lestur getur verið svo dásamlega áhrifaríkur, upp á orðaforða að gera, upp á samskipti, það er hægt að gera svo margt í gegnum lestur. Það þarf ekki alltaf láta börn sitja og lesa,

það er líka hægt að lesa fyrir þau og þú færð nákvæmlega það sama út úr því.“

Viðtalið var tekið á Degi íslenskrar tungu og við spyrjum Höllu hvort hún taki eftir breytingum á orðaforða barna á þessum tíma sem hún hefur verið að lesa fyrir þau.

„Síðan ég byrjaði að lesa í bókasafninu hafa orðið mjög miklar breytingar, það hafa orðið kynslóðaskipti. Ég finn sérstaklega fyrir því þegar ég fer í skólana að við erum orðið miklu fjölbreyttara samfélag og það er ekki jafnauðvelt að lesa fyrir börn sem tala og skilja tungumálið tæpitungulaust. Ég finn það líka, af því að ég er að lesa sömu sögunar, að ég er að út-

skýra önnur orð en ég var að útskýra. Ég æfi mig alltaf áður en ég les bækurnar en núna þarf ég að taka sum orð og einfalda töluvert en þarf samt kannski að útskýra þau. Það er svolítið mitt sérkenni að börnin eru þátttakendur í lestrinum. Ég var t.d. að lesa Grýlusögu í morgun í skóla og þá tekur Grýla



Á sviði í Frumleikhúsinu fyrir einhverju síðan.

upp jólaköttinn og hristir á honum skottið og þá læt ég krakkana gera það. Þetta er samvinna. Þau hrjóta fyrir Mikka ref í Dýrunum í Hálsaskógi og syngja afmælissönginn fyrir Línu langsokk í þeirri bók – en ég finn að ég þarf töluvert að finna önnur orð þegar ég er að lesa. Ég les ekki staf fyrir staf þegar ég er að segja sögu, ég er að leiklesa eða endursegja. Ég les aldrei alla bókina, ég vel mér kafla úr. Eins og í þessari bók um Línu langsokk er enginn afmælissöngur en við syngjum hann samt, svo er Lína að baka piparkökur og þá stel ég Piparkökulaginu úr Dýrunum og syng hann – þannig að ég er að búa til mitt eigið leikrit úr þessum efnivið sem ég hef.“

Notalegar sögustundir hafa notið mikilla vinsælda í gegnum árin og Halla segist hafa heyrt af ömmum og öfum sem nánast slást

við foreldrana um að fá að koma með barnabörnin en krakkarnir hafa svo gaman af því að taka þátt í lestrinum.

„Þegar ég er að segja sögur þá eru börnin þátttakendur, ef ég er að lesa um Mikka ref þá spyr ég þau: „Hvernig talar Mikki refur?“ og tala svo bæði mjóróma eða djúpradda. Þá koma þau með sínar útgáfur. Ég syng lög, í hverri einustu sögustund eru svona þrjú til tíu lög. Þau hafa vel úthald í þetta og svo endum við alltaf á einhvers konar hreyfingu, hvort sem það er Höfuð, herðar, hné og tær eða eitthvað annað.“

#### Og er þetta alltaf jafn gaman?

„Þetta er það skemmtilegasta sem ég geri. Að skemmta fólki er það skemmtilegasta sem ég geri,“ sagði Halla Karen að lokum en allt viðtalið við Höllu Karen má sjá í sjónvarpi Víkurfréttanna.



”  
Við Arnar höfum alltaf verið í þessu saman og það er svo kærkomið að geta verið saman í þessu ...



Úr leikritinu Drottningin sem gat allt nema ...  
Mynd/Óli Már

**Starfsfólk Dýralæknastofu Suðurnesja óskar viðskiptavinum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir viðskiptin á árinu.**

Sérstakar kveðjur til viðskiptavina okkar í Grindavík sem og annarra íbúa Grindavíkur.

**DÝRALÆKNASTOFA SUÐURNESJA**



**VERIÐ VELKOMIN Í VERSLUN MIMOSA Á HAFNARGÖTU 90 Í REYKJANESBÆ**


Hjá okkur færðu allt fyrir veisluna þína. Við bjóðum upp á gott úrval af skrauti fyrir öll tilefni; blöðrur, leikföng og aðra gjafavöru, ásamt því að bjóða upp á skreytingarþjónustu.

Endilega kíkið við í verslun okkar eða heimsækið vefverslunina

**Mimosa.is**

**MIMOSA**





**Við sendum starfsfólki okkar,  
fjölskyldum þeirra og öllum  
Grindvíkingum bestu óskir um  
gleðileg jól.**

**Megi samstaða og samhugur  
okkar og allra Íslendinga vera  
okkur hvatning á þessum  
sögulegu tímum.**




Visirhf.is





Frá vinstri: Gunnar Tómasson, framkvæmdastjóri Þorbjarnar, Friðrik J Arngrímsson, Hrannar Jón Emilsson, Ottó Hafliðason, Hjörtur Ingi Eiríksson, Sævar Birgisson, Ægir Óskar Gunnarsson og Þórhallur Gunnlaugsson.



## Sigla nýju skipi inn í Grindavíkurhöfn fyrir sjómannadag

Útgerðarfélagið Þorbjörn hf. sjósetti nýtt skip á Spáni á dögnum. Fyrsta nýsmíðin í yfir hálfra öld hjá fyrirtækinu. Stefna á að koma siglandi inn í Grindavíkurhöfn fyrir sjómannadag.



Hulda Björnsdóttir GK-11 er hönnuð af Sævari Birgissyni, skipatæknifræðingi hjá Verkfræðistofunni Skipasýn ehf., í nánú samstarfi við starfsmenn Þorbjarnar. Skipasmíðastöðin Armon í Gijón sá um smíðina.

Við hönnun skipsins var lögð rík áhersla á að draga úr orkunotkun og þar með að umhverfisáhrif þess verði sem minnst. Aðalvél skipsins, sem verður um 2400 KW, mun knýja skrúfu sem verður fimm metrar í þvermál. Stærð og snúningshraði skrúfunnar verður lægri en áður hefur þekkt í eldri fiskiskipum af sambærilegri stærð.



Skipið verður þess vegna sérlega sparneytið og því í hópi sparneytustu skipa í þessum flokki. Þá verður skipið búið til veiða með tveimur botnvörpum samtímis og togvöndurnar knúnar rafmagn.

Í hönnun skipsins er sérstaklega litið til sjóhæfni þess með tilliti til öryggis og bættrar vinnuástöðu. Áhersla er lögð á að aðbúnaður áhafnar verði sem bestur og allir skipverjar hafa sínar eigin vistarverur og hreinlætisaðstöðu.

Mesta breytingin frá eldri skipum Þorbjarnar hf. varðandi

vinnslu og meðferð aflans er sú að sjálfvirk flokkun á aflanum fer fram á vinnsludekki skipsins og frágangur aflans í fiskikör fer fram á einum stað á vinnsludekkinu. Þaðan fer aflinn í lyftum niður í lest og verður lestarvinnunni eingöngu sinnt af fjarstýrðum lyftara sem rennur á loftbita í lest skipsins. Auk þess að annast flutning og stöflun á fiskikörum verður lyftarinn notaður við losun skipsins þegar það kemur til hafnar.



## Flutningur í nýtt varðveisluhúsnæði kostar 32 milljónir króna

Lagt var fram erindi á síðasta fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar þar sem óskað er eftir viðbótarfjárheimild vegna flutnings safna Reykjanesbæjar í nýtt varðveisluhúsnæði. Heildarkostnaður er áætlaður þrjátíu og tvær milljónir króna, þar sem 550.000 kr. falla til á þessu ári, 28,75 milljónir kr. árið 2024 og 2,7 milljónir kr. árið 2025.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu vegna kostnaðar sem fellur til 2023, kr. 550.000 til viðauka í fjárhagsáætlun 2023. Kostnaði sem fellur á árið 2024 er vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2024. Auk

þess er áætlaður kostnaður vegna flutninga og trygginga fyrir lánsmunni sem Byggðasafn Reykjanesbæjar ber ábyrgð á í Slökkviliðsminjasafninu, kr. 5.100.000 vísað til fjárhagsáætlunar 2024.

**Skartsmiðjan**

Hafnargötu 25

fyrir skapandi fólk



vefverslun kast.is



# Gleðilega hátíð ljóss og friðar

---



Starfsfólk HS Orku óskar ykkur birtu og gleði um jólin, orku og farsældar á nýju ári.

[www.hsorka.is](http://www.hsorka.is)



HS ORKA





„Það vildi þannig til að ég vildi fara erlendis í framhaldsnám og eftir að hafa velt ýmsum möguleikum fyrir okkur, bæði með tilliti til náms, búsetuskilyrða og fjarlægðar frá Íslandi, varð New York landingin - við erum svo sem ekki fyrstu Íslendingarnir í sögunni til þess.“ segir Gunnar Þorsteinsson en hann og eiginkona hans, Lovisa Falsdóttir, fluttust búferlum fyrir þremur árum og hafa verið í New York síðan.



Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is



Fjölskyldan vex og dafnar.  
Lovisa og Gunnar með Flóka  
(fimm ára), Marel (þrjú ára)  
og Svölu (fimm mánaða).

Um jólin!

MYNDSKEIÐ

Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

# Viljum ala upp íslensk börn

## Lykilleikmaður leggur skóna á hilluna

„Ég kom upphaflega út til að fara í mastersnám í orkuverkfræði, er með bakgrunn í jarðeðlisfræði og vann hjá HS Orku, endaði svo í doktorsnámi í rafhlöðuverkfræði. Alveg óvart, fyrir röð tilviljana endaði ég þar.“

Gunnar segir að námið sé afar spennandi með tilliti til rafbíla-

væðingar og aukinnar kröfu um endurnýjanlega orkugjafa. „Það eykst þörfin á rafhlöðum og það er miklum fjármunum veitt þessi dægrin í rannsóknir og þróun, þar á meðal í háskólanum. Það þarf marga doktorsnema til að inna þetta allt af hendi. Biden [Bandaríkjaforseti] hefur varið milljörðum bandaríkjadala í það í gegnum frumvarp sem hann kom í gegnum þingið í fyrra, þannig að það er svolítill gösentíð hjá rafhlöðusérfræðingum.“

Gunnar var lengi lykilleikmaður og fyrirlíði knattspyrnuliðs Grindavíkur og það kom mörgum á óvart þegar hann tilkynnti að hann væri hættur fótbolta til að halda út í nám.

„Núna eru komin rúm þrjú ár síðan ég hætti að spila, þetta líður alveg svakalega hratt. Á Íslandi er maður svo heppinn að hafa tök á því að vera í námi á meðan maður er að spila, svo vann ég líka á meðan ég var að spila. Eitthvað sem annars væri ekki hægt og þess vegna getur maður átt tvo ferla á sama tíma, fótboltaferilinn og atvinnuferilinn. Það er mjög gaman að geta gert bæði, það er einnig mjög krefjandi og ein af ástæðunum fyrir því að ég vildi fara erlendis í framhaldsnám var að mér fannst það vera orðið mjög slítandi. Sérstaklega eftir að vorum farin að stofna fjölskyldu, þá var þetta orðið helst til mikið. Fyrir utan að ég vildi komast og sjá annað um-



Marel á háhesti á Jónu frænku.

hverfi þá fannst mér tækifæri að gera í raun og veru minna með því að fara út í framhaldsnám, vera bara í því og einbeita mér að því og fjölskyldunni. Það er nógu mikið að vera með alla þessa gríslinga, þegar við fórum út vorum við með tvö börn og erum núna búin að bæta því þriðja við.“

## Aðstoðar efnilegt íþróttafólk við að komast í háskóla

Á meðan hann er að leika sér í fótbolta og skóla, ert þú þá bara að sjá fyrir fjölskyldunni?

Lovisa segist vera nokkurs konar framkvæmdastjóri heimilisins en sinnir líka öðrum verkefnum sem

henni finnst mjög skemmtileg. „Ég er í smá hlutastarfi frá Íslandi, er einmitt að hjálpa krökkum að komast út í háskólanám á körfuboltastyrk. Þannig að maður er með fullt af boltum á lofti,“ segir Lovisa.

„Við erum miklu meira saman, fjölskyldan, heldur en við vorum heima. Mér fannst, eftir að ég kyngdi stoltinu, einhver samfélagsleg pressa að maður ætti einhver veginn að vera að klífa stigann sjálf. Við erum bara lið í þessu, hann er að leggja í púkið fyrir fjölskylduna núna og svo ætla ég að fá að eiga minn tíma þegar ég er búin að skutla og sækja þessum börnum endalaust.“

Í upphafi ætluðum við bara að vera hérna í ár og þetta var svakalega planað hjá okkur. Ég var fastráðin flugfreyja og við vorum búin að plana að eignast barn númer tvö. Maður má ekki fljúga þegar maður er óléttur þannig að ég ætlaði bara að fara í veikindaleyfi, taka síðan fæðingarorlof og flytja svo heim – en síðan kom Covid og það breyttust öll okkar plön, landið alveg lokað fyrstu tíu, ellefu mánuðina eftir að við fluttum, engar heimsóknir og svoleiðis, þannig að við vorum að ákveða með framhaldið þegar honum býðst þetta doktorsnám. Hvort við vildum vera áfram og í raun og veru fá að upplifa borgina eins og við höfðum séð fyrir okkur áður en Covid kom. Svo er ég bara að eignast þessi börn af



KÆST SKATA, SALTÞISKUR, PLOKKÞISKUR  
KALT HANGIKJÖT, UPPSTÚF, KARÖFLUR, RÓFUR,  
HAMSATÓLG OG HNOÐMÖR  
MARINERUÐ SÍLD, JÓLASÍLD OG KARRÝSÍLD  
GRAFINN OG HEITREYKTUR SILUNGUR OG VILLIBRÁÐARPATÉ  
RÚGBRAUÐ, FLATKÖKUR, LAUFABRAUÐ OG SMJÖR  
VOLGUR GRJÓNAGRAUTUR MEÐ KANILSYKRI OG VILLIBRÁÐASÓSU



Rétturinn

HAFNARGÖTU 90 - REYKJANESBÆ

Í HÁDEGINU Á ÞORLÁKSMESSU KL. 11-13.



”

**Ad horfa á þetta úr fjarlægð er maður auðvitað rosalega lánsamur að vera ekki í þeirri stöðu að vera heimilislaus eða það sé gríðarleg óvissa með framtíðina. Maður á mjög erfitt með að horfa upp á ættingja og vini, mörg þeirra eiga bara mjög erfitt með þetta.**



Lovisa segir að fjölskyldan verji meiri tíma saman núna en þau gerðu heima á Íslandi.

því að ég fæ ekkert vinnuleyfi. Þess vegna er þessi hérna,” segir Lovisa sem bendir á Svölu, fimm mánaða, og hlær.

**Þú segir að þú sért að hjálpa krökkum við að komast út í nám, er það þá bara körfuboltinn eða eru það fleiri íþróttir sem þú ert að sinna?**

„Ég vinn hjá Ansa Athletics og við erum búin að koma krökkum út í golfi, sundi, körfubolta og frjálsum. Eins og Gunnar segir: „Ef ég hefði getað borgað einhverjum til að sjá um þessa pappírsvinnu og það sem fólk þarf að standa í...“ þá erum við að sjá um það og í rauninni að nýta þetta net sem við erum búin að byggja upp af íþróttajálfurum sem eru að skoða íþróttamenn um allan heim. Þetta er náttúrulega rosalega stór markaður, það er ekki eins og Bandaríkin séu ekki nógu stór fyrir. Við höfum fengið fólk til okkar þar sem foreldrar eru að reyna að græja þetta sjálfir en það er rosalega erfitt að brjóta inn á þennan markað, það er svo gott að vera með fólk eins og okkur sem eru búin að setja af stað sambönd við marga skóla. Þannig að við erum núna með tengsl sem fólk getur nýtt sér til að nýta sér okkar þjónustu og okkar tengslanet fyrir krakka sem hafa drauma um að komast í þetta stóra umhverfi sem háskólaíþróttirnar eru. Það eru auðvitað golfarar eða frjális-íþróttamenn sem sjá í hyllingum að geta verið í golfi allt árið eða úti að hlaupa í betra veðri heldur en gengur og gerist heima á klakanum.“

Það vita kannski ekki allir en Lovisa er systir Jönu Falsdóttur sem leikur með körfuknattleikslíði Njarðvíkur í Subway-deild kvenna.

„Hún er algjörlega að brillera þessa dagana. Það er geggjað að fylgjast með henni og hún er einmitt að skoða það að fara út. Það er mjög erfitt vinna fyrir mig því ég er að sjá um klippingar á vídeóum fyrir þessa krakka, ég er alltaf að byrja að klippa en svo kemur annar betri leikur þannig að ég þarf að færa aftur það sem ég er búin að klippa. Ég veit aldrei hvar ég á að byrja, það verða alltaf betri og betri leikir hjá henni,” segir Lovisa sem fer ekki leynt með álit sitt á systur sinni.

**Lovisa, þú ert Keflvíkingur en þú, Gunnar, Grindvíkingur.**

„Það fer svolítið eftir því hver spyr hvort ég sé Vestmanneyingur eða Grindvíkingur. Ég fæddist í Eyjum og flutti til Grindavíkur þegar ég var sjö ára og spilaði svo seinna með ÍBV,” segir Gunnar. „Ég er einhvern veginn með sinn hvorn fótinn í báðum byggðarlögum.“

„Pabbi sagði alltaf að dóttir hans væri með Vestmanneyingi,” skýtur Lovisa inn í en Falur Harðarson,

pabbi hennar, lék lengi með Keflavík. „Honum fannst ekki við hæfi að ég væri með Grindvíkingi.“

**Krefjandi að gegna engu hlutverki**

Gunnar hóf sitt nám í jarðeðlisfræði áður en rafhlöðuverkfræðin varð fyrir valinu. Alinn upp að hluta til í Vestmannaeyjum, þeirri miklu goseyju, er þá ekki edlilegt að hugsa heim þegar fréttir af stöðu Grindvíkinga fóru að berast?

„Maður er eiginlega rétt að jafna sig á áfallinu. Ég var við störf hjá HS Orku þegar þessir atburðir á Reykjaneskaga hófust árið 2020 og þá vorum við mikið að velta þessu fyrir okkur. Það var ekki áfall þá en það kom á óvart, sem það ætti náttúrulega ekki að gera, svona jarðhitasvæði bera með sér að það sé einhverskonar kvika eða aukahiti í jörðinni, en okkur brá mjög mikið og svo hefur þetta verið áframhaldandi þróun. Fram að atburðinum núna var þetta í rauninni búið að spilast eins vel og hægt er. Það er að segja gosin komu upp á góðum stað, bara þessi svokölluðu túristagos, en það er einnar stærðargráðu munur núna sem er þess valdandi að...“ hér var Svölu farið að leiðast í viðtalinu og náði að slá pabba sinn út af laginu og hann missti þráðinn eitt augnablik.

„Ég var alveg búinn að vera frekar slakur yfir þessu því þróunin hafði verið mjög áþekkt því sem hafði verið í undanförunum þremur viðburðum – en svo virðist þetta hafa verið stærra og skoti tekist að brjóta sér leið þarna í Sundhnúka-gígaröðinni. Ég var ekki viðræðu-hæfur í nokkra daga þarna á eftir. Maður er svo ótrúlega agnarsmár gagnvart náttúruöflunum og náttúrulega allt manns fólk þurfti að flýja og var bara heimilislaust. Þessi ótrúlega óvissa er á allan hátt alveg hræðileg.“

**Er þá ekki svolítið erfitt að vera staddur í annarri heimsálfu þegar fjölskylda manns og vinir eru nánast á vergangi ef það má segja það?**

„Jú, klárlega – ekki það að ég ætli að láta þetta snúast um mig en einhvern veginn hugsar maður alltaf hlutina út frá sjálfum sér. Mér fannst svolítið krefjandi fyrst að gegna engu hlutverki. Þegar ég var hjá HS Orku var ég kannski að vakta jarðhitakerfið. Ef ég hefði verið á Íslandi þá hefði maður getað hjálpað fólkinu sínu og vinum sínum að sækja dót, skjóta skjólshúsi yfir fólk. Fyrst og síðast að vera til staðar.“

Ef ég tek smá hliðarspor; karl faðir minn, Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari, er náttúrulega Vestmanneyingur í húð og hár. Hann upplifði það að flýja Vestmannaeyjar '73 og hann sagði sjálfur,

því borgin gat tekið á móti bæjar-skrifstofunum í Grindavík og því öllu batteríi, að honum þótti gott að geta alla vega lagt eitthvað að mörkum. Að horfa á þetta úr fjarlægð er maður auðvitað rosalega lánsamur að vera ekki í þeirri stöðu að vera heimilislaus eða það sé gríðarleg óvissa með framtíðina. Maður á mjög erfitt með að horfa upp á ættingja og vini, mörg þeirra eiga bara mjög erfitt með þetta.“

**Frídögum á Íslandi fækkar**

Gunnar og Lovisa eru að verða búin að búa í New York í þrjú ár. Þau segja frídögum sem þau verja á Íslandi fækka stöðugt eftir því sem þau komast betur inn í hlutina en fjölskylda þeirra og vinir eru dugleg að heimsækja þau.

„Við erum orðin fimm manna fjölskylda þannig að það er meiri-háttar batterí að flytja fólk á milli heimsálfa og við erum svo ótrúlega heppin með bakland í báðar áttir

að fólk hefur verið mjög duglegt að koma til okkar. Við höfum í sífellu meiri mæli verið að leggja það á fólk að koma til okkar, frekar en við að koma heim,” segir Gunnar. „Ekki það að við séum hingað komin til að vera. Við viljum ala upp íslensk börn og það er ýmislegt sem þú færð bara úr umhverfinu. Ég á stundum svolítið erfitt með það þegar þeir eru fimm og þriggja, fara að væla og vilja fara inn af því það er smá rigning. Hafandi alist upp í Grindavík og Vestmannaeyjum þar sem ef þú ferð ekki út í roki og rigningu, þá ferðu aldrei út.“

Gunnar og Lovisa hafa ekkert ákveðið í því hvenær þau snúi heim á ný, það fer bara eftir því hvernig veður og vindar blása, en þau setja stefnuna á að flytja heim til Íslands til að ala upp íslensk börn.

**Lengra viðtal við þau birtist á vf.is og YouTube-rás Víkurfretta um jólin.**

**JÓN & MARGEIR**  
Grindavík

Óskum Suðurnesjamönnum  
**gleðilegra jóla**  
og farsældar á nýju ári.  
Þökkum samstarfið á árinu.

**GLEÐILEG JÓL, FARSÆLT**

**KOMANDI ÁR. ÞÖKKUM**

**VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM**

**ER AÐ LÍÐA.**



Framúrskarandi  
fyrirtæki 2022-2023







## Rafmagnað fjör í nýjum Kia hjá Kjartani

„Þetta er orðið asni rafmagnað. Ætli það sé ekki um 80% bíla sem við höfum selt á þessu ári rafmagnsbílar,“ sagði Kjartan Steinarsson þegar nýr Kia EV9 bíll var kynntur á bílasölu síðasta fimmtudag.

Þessi nýi bíll er vígalegur og stór og drífur langt þó hann sé tvö og hálf tonn að þyngd án farþega. „Þetta er magnaður bíll, mjög vel útbúinn, fjórhjóladrifinn og tilbúinn í hvað sem er,“ sagði

Kjartan en fjölmargir tóku prufurúnt á þessum nýja rafbíl frá Kia.

Drægnin á Kia EV9 er 522 km. og dráttargetan 2,5 tonn. Það þarf að snara út þrettán og hálfri milljón en Kjartan segir að það sé hverrar krónu virði. Bíllinn er sex sæta og farþegar í fyrstu og annarri sætaröð geta haft það huggulegt á meðan bíllinn er í hleðslu. Þá er t.d. hægt að snúa aftursætum í hálfhring og blanda geði við farþega í þriðju röðinni.



Fjölmargir heimsóttu Kjartan og skoðuðu nýja bílinn frá KIA.



Það er ekki amalegt að vera aftursætisfarþegi í nýja Kia EV9 bílnum.



**Allt hreint**  
Umhverfissvottuð ræstingarþjónusta



Arnar Helgi Lárusson lét sig ekki vanta enda með bíladelli.







## Oddfellowar tóku skötuna snemma

Oddfellowstúkan Njörður í Keflavík tók forskot á sæluna og bauð í skötuveislu í oddfellowsalnum í byrjun desember. Skatan var vel kæst og ilminn lagði langt út fyrir húsið.

Margir oddfellowbræður og gestir þeirra mættu í skötuna

en einnig var boðið upp á siginn fisk, saltfisk og tindabykkju sem er systir skötunnar. Að sjálf-sögðu var viðeigandi meðlæti á boðstólum og kunnu gestir vel að meta þetta. Einhverjir jafnvel tóku íslenska brennivínssnaps til að jafna hálsinn.



*Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla, farsældar á komandi ári með þökk fyrir viðskiptin á liðnum árum.*



**Húsagerðin**  
BYGGINGARVERKTAKAR  
Stofnað 1972

Húsagerðin er umboðsaðili fyrir sænsku gæðaguggana frá **WESTCOAST**  
MADE IN SWEDEN. DESIGNED FOR LIFE.  
[www.westcoastwindows.com](http://www.westcoastwindows.com)



#bus4u\_iceLand

@bus4uiceland

Bus4u Iceland ehf. | [info@bus4u.is](mailto:info@bus4u.is) | [www.bus4u.is](http://www.bus4u.is)

**bus4u**  
Iceland | +354 4214444





Eigendurnir Sverrir Gunnarsson og Pétur Örn Sverrisson með Konráð Lüðvíksson á milli sín.



## Rafbílar og jólarveitingar í Bílaskjarnanum og Nýsprautun

Arnór Vilbergsson og Elmar Geir Hauksson léku og sungu.



Á þriðja hundrað gesta mættu í jólaboð Bílaskjarnans og Nýsprautunar á Fitjum síðasta fimmtudag og hlustuðu á ljúfa jólatóna þeirra Elmars Geirs Haukssonar og Arnórs Vilbergssonar.

Bílaskjarninn er með umboð fyrir bíla frá Heklu og voru nokkrir glæsivagnar í salnum. Sverrir Gunnarsson segir að það sé búið að vera mikið að gera í bílasölu að undanförunu þar sem aðal áhuginn sé á rafmagnsbílum. „Við erum með Volkswagen, Audi og Skoda bíla á tilboði en eins og allir vita dettur afsláttur af rafmagnsbílum út um áramótin og því er hægt að gera góð kaup.“

Veglegar veitingar voru í boði sem gestir nutu vel. Njarðvíski grínarinn Örvar Þór Kristjánsson setti punktinn yfir i-ö í skemmtilegu jólaboði með uppistandi þar sem ekkert var slegið af.







Lögreglustöðin við Hringbraut í Keflavík.

## Vilja reisa húsnæði til bráðabirgða á lóð lögreglunnar

Lögreglan á Suðurnesjum hefur óskað heimildar hjá umhverfis- og skipulagsráði Reykjanesbæjar til að koma fyrir húsnæði til bráðabirgða á lóð sinni við Hringbraut 130 í Keflavík. Umsóknin, sem er studd með teikningu, var samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda. Þá leggur umhverfis- og skipulagsráð áherslu á að hugað verði að framtíðar húsnæðismálum Lögreglunnar á Suðurnesjum.

Húsnæði lögreglunnar á Suðurnesjum við Hringbraut 130 er að mestu leyti óstarfhæft vegna óheilsusamlegs húsnæðis. Fangageymslur og bílageymsla eru þó enn í notkun. Til að bregðast við þessum vanda er óskað eftir heimild til að byggja tímabundið húsnæði að Hringbraut 130, sunnan megin við núverandi lögreglustöð, ekki ólíkt því sem reist

hefur verið við nokkrar stofnanir Reykjanesbæjar á undanförmum árum.

Nýtt húsnæði kæmi sunnan við núverandi lögreglustöð og skapa starfsmönnum lögreglunnar ásamt þeirra skjólstaðingum starfhæft umhverfi þangað til nýtt og fullnægjandi húsnæði yrði byggt, líklega á einhverjum öðrum stað í bænum. Vonir standa um að nýtt

húsnæði verði tekið í notkun ekki síðar en árið 2028.

Nýtt húsnæði yrði reist úr stálgrindar einingum á tveimur hæðum að hluta og mun hýsa skrifstofur, fundarsal, yfirheyrsluherbergi, starfsmannaástöðu og búningsklefa. Það yrði í heild u.þ.b. 800 m<sup>2</sup>. Mesta hæð u.þ.b. 7.5 m. Staðsetning hússins á lóðinni er unnin í samráði við verkkaupa. Verkkaupi vill góða tengingu við bílageymslu með skýli/göngum að nýju húsnæði svo ekki sé brotið gegn þeirra skjólstaðingum þegar þeir yrðu fluttir milli bygginga. Aðrar staðsetningar á lóðinni eru ekki talda mögulegar til þess.



*Gleðileg jól og farsælt komandi ár.*

*Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða*



**S.P.R.A.U.Ð**



**BÍLAKJARNINN**



Páll Ketilsson  
pket@vf.isHilmar Bragi Bárðarson  
hilmar@vf.is

**Sævar Porkell Jenson**, betur þekktur sem Keli, hefur í næstum 60 ár, frá því hann var ungur strákur, safnað úrklippum og eiginhandararitunum tónlistarfólks í úrklippubækur. Bækurnar eru mikil tónlistarverðmæti og urðu tilefni sérstakrar sýningar í Rokksafni Íslands í Reykjanesbæ seint á síðasta ári. Keli hefur lagt á sig mikla vinnu við að safna áritunum í bækurnar sínar og segir í viðtali við Víkurfréttir frá því þegar hann hitti Mick Taylor úr Rolling Stones og setti upp hvíta hanska til að fá eitthvað meira en eiginhandararitun.

# Ég hef hitt margra klickaða en þú ert sá klickaðasti

– sagði Mick Taylor í Rolling Stones þegar hann áritaði úrklippubók fyrir Kela.

## Engar stjörnur án addáenda

„Það væru ekki til neinar stjörnur ef addáendur væru ekki til. Oft er þetta sama fólkið, en alvöru safnarar eru samt fámennur hópur, sem hefur í gegnum aldirnar haldið til haga mörgu af því sem er til sýnis á söfnum um allan heim,“ sagði um sýningu Kela í Rokksafninu á sínum tíma. Safnarar á Íslandi safna ólíklegustu hlutum, en það eru ekki margir sem eru jafn ákafir safnarar á sviði rokk-, popp- og hvers konar dægurtónlistar eins og Keli.

Keli hefur safnað eiginhandararitunum og úrklippum frá árinu 1964 þegar hann sá Hljóma fyrst á sviði. Keli á eitt stærsta úrklippusafn um dægurtónlist á Íslandi. Hann mætir gjarnan á tónleika með úrklippubók og fær viðkomandi tónlistarfólk til að rita nöfn sín í bókina. Honum er jafnan vel tekið og hefur safnað áritunum flestra poppara og rokkara landsins. Hann á líka eiginhandarritanir heimsþekkra tónlistarmanna.

Úrklippubækur Kela geyma margskonar fróðleik og spanna dægurtónlistarsöguna í rúmlega hálfu öld. Bækurnar í dag eru rúmlega þrjú hundruð og fimmtíu talsins. Um er að ræða mikil menningarverðmæti og merkilega heimild um tónlistarsöguna.

Víkurfréttir tóku hús á Kela þegar sýningin stóð yfir í Rokksafni Íslands og heimsóttu hann einnig á Klapparstíginn í Keflavík þar sem hann er með sitt einkasafn í kjallaranum, auk þess að hafa lagt undir sig borðstofuna með sínar úrklippubækur.

## Byrjaði á prógrömmum úr bímyndum

### Hvernig byrjaði þetta?

„Ég var níu ára gamall þegar ég byrjaði að safna prógrömmum úr bímyndum. Svo fannst mér ekkert varið í það. Þá heyrði ég um Rolling Stones og Route 66 og

fór ég að safna öllu með þeim. Ég safnaði einnig öllu um Hljóma og svo vatt þetta upp á sig og svona hefur þetta í gegnum tíðina undið út frá sér eins og tré.“

## Þú ert aðeins yngri en strákarnir í Hljómum og þú færð þá alveg beint í æð. Fékkstu strax mikinn áhuga á Hljómum og Rolling Stones?

„Mér fundust Hljómar alveg geggjáðir, alveg frá því ég man eftir mér.“

## Getur þú ímyndað þér að það sé búíð að vera eitthvað jafnstórt í tónlist og Hljómar voru á Íslandi?

„Já, ég myndi segja að Kaleo og Of Monsters And Men væru kannski í þeirra tölu líka.“

## Það eru sveitir sem eru orðnar stórar úti í heimi.

„Ég sá Of Monsters And Men úti í Astralíu í 3.000 manna sal og

var eini Íslendingurinn. Um leið og hljómsveitin gaf fyrsta tón þá sungu allir með. Það kunnu allir lögin og ef ég hef einhvern tímann verið stoltur að vera Íslendingur þá var það þarna.“

## En hvernig þróast þetta? Þú þú byrjaðir að safna úrklippum um Hljómana?

„Þetta byrjaði þannig að pabbi gaf mér litla bók og ég byrjaði að líma inn Rolling Stones, Bitlana

og Hljómana. Svo þróaðist það bara út í stærri úrklippubækur í stærðinni A3. Sem betur fer gat ég alltaf keypt þetta hérna heima. Þeir hætta svo að flytja inn A3 því það var svo lítið af svona klickaðu fólkri eins og ég sem þurfti svona stóra bók. Þetta þróaðist út í það að ég gat keypt af manni sem bjó til svona bækur. Þegar það hætti fór ég að kaupa bækurnar í Englandi en ég fór þangað tvisvar til þrisvar á ári og keypti tíu til fimmtán bækur í hvert skipti.“

## Hvað eru þetta orðnar margar bækur í dag?

„Í dag eru þetta 368 bækur.“

## Hvað eru margar klukkustundir á hverja bók?

Ég hef náttúrulega seremóníu í kringum þetta. Þegar ég er að klippa út Stones þá hlusta ég á Stones. Ef ég er að klippa úr Hljóma, þá hlusta ég á Hljóma eða Hjalma og eitthvað svoleiðis. Það getur því farið gríðarlega mikill tími í þetta.“








*Gledilega hátíð*

*og verðum í studí á nýju ári*



— **RAFHOLT** —





**Þú hefur ekki verið að safna öllu?**  
 „Nei, bara það sem gripur mig í það og það skiptið. Eins og þegar Bubbi gerði plötuna með öllum stúlkunum, þá safna ég öllu um þær stúlkur. Svo söng hann lag með GDRN og Brieti. Þá safnaði ég öllu um þær, þannig að það er alltaf nóg að gera.“

hafði tekið Led Zeppelin-lagið Stairway to Heaven í Officeraklúbbnum á Keflavíkflugvelli. „Það var geggjað og ég gleymi því aldrei.“

**Geggjað og gleymist aldrei**

Keli hefur lengi verið áskrifandi að blöðum sem fjalla um tónlist og er það ennþá. Á ferðum sínum með Júdasí, þar sem hann var rötari hljómsveitarinnar, safnaði hann öllum auglýsingum um böll og tónleika sveitarinnar en hann tók ekki bækurnar með sér í ferðalögin. Einstaka sinnum lét hann þó menn árita í bækurnar eins og til dæmis eftir að Júdas

**Þetta horft er til baka, hvað er eftirminnilegast?**

„Þegar Rúnar Júlíusson varð 60 ára voru haldnir afmælistónleikar í Stapanum. Þá lét ég alla sem komu fram á tónleikunum skrifa í bókina og það var tekin mynd af okkur Rúnari saman. Við vorum miklir vinir og erum það ennþá.“  
 Þegar viðtalið við Kela var tekið var hann að vinna í því að fá að vera baksviðs á sýningunni um Bubba Morthens, Níu líf, í Borgarleikhúsinu og safna þar áritunum allra sem taka þátt í sýningunni.



**Leiðist aldrei að biða eftir fólkinu**

„Þegar Lifun var tekin í Háskólabíói var ég þar og fékk alla Sínfóníuhljómsveit Íslands til að skrifa í bókina við þann viðburð. Ég sat í þrjá tíma á meðan fólkið var að mæta og mér leiðist aldrei að biða eftir fólkinu.“

**En hvað er það sem drífur þig áfram? Og ekki bara í byrjun heldur öll þessi ár? Þetta er orðin meira en hálföld.**

„Þegar ég var sjö eða átta ára var maður alltaf að hlusta á Kanann. Þetta bara heltók mig á sínum tíma. Mér finnst það líka alveg geggjað að hafa aðgang að öllum hljómsveitum á landinu.“

**Hefur þú alltaf fengið góðar mót-tökur?**

„Alltaf.“

**Þannig að tónlistarfólkið hefur lúmskt gaman af þessu líka?**

„Jú, jú.“

**Og þú ert náttúrulega að viðhalda sögunni á skemmtilegan hátt.**

„Já og ég hef lánað bækur eins og þegar bókin um Rúnar Júlíusson var skrifuð. Jónatan Gardarsson, sem var einn af hönnuðum af þessari frábæru rokksýningu í Hljómahöll sagði að hann hefði gjarnan viljað hafa komast í þessar bækur þegar hann skrifaði um Hljóma í undirbúningi að opnun Hljómahallar.“

**Fingrafar Mick Taylor**


„Það er kannski þegar ég hitti Stones-arann Mick Taylor. Það er eftirminnilegt. Ég var mikið búinn að reyna að fá að hitta hann, en það var alltaf sagt nei. Hann var á bluestónleikum á Chelsea-leikvangnum og ég hitti á umboðsmanninn hans og spur hvort ég megi ekki hitta Mick Taylor og láta hann rita í bókina. Hann segir nei en býður mér að taka bókina og láta skrifa í hana. Ég segi honum að ég sé kominn alla leið frá Íslandi til að hitta goðið mitt og ég láti ekki bókina frá mér. Hann spyr hvort ég

sé að koma frá Íslandi bara til að hitta Mick Taylor og ég segi já. Þá fékk ég leyfi til að fara á bak við en mátti ekki segja frá því.

Ég fer á bak við og hitti hann og tek í höndina á honum. Hann segir við mig að vonandi verði tónleikarnir þess virði að hafa mætt á þá. Ég sagði að þetta augnablik að fá að hitta hann nægði mér. Ég opnaði svo bókina og fletti upp á grein um „Stone alone“ sem var síðasta greinin sem var skrifuð um



Þegar ég var sjö eða átta ára var maður alltaf að hlusta á Kanann. Þetta bara heltók mig á sínum tíma.





”

Ég ætla að biðja þig um að taka pennann, skrifa nafnið þitt og setja pennann aftur í hulstrið. Þá á ég bæði eiginhandararitun og fingrafarið þitt.



hann, set á mig hvíta vettlinga, tek pennahulstur upp úr töskunni og opna hann. Þá segir hann: Hvað ertu að gera? Ég sagði: Ég ætla að biðja þig um að taka pennann, skrifa nafnið þitt og setja pennann aftur í hulstrið. Þá á ég bæði eiginhandararitun og fingrafarið þitt. Þá segir hann: Ég hef hitt marga klickaða en þú ert sá klickaðasti. Það var mér líka mikils virði að fá að hitta Mick Taylor því hann var mikið átrúnaðargóð hjá mér.“

Keli er þakklátur fyrir mikinn skilning sem kona hans sýnir sér því þau séu að hanga á tónleikastað löngu eftir að fólk er farið heim.

#### Þetta nýja stöff rosalega flott

Hvernig finnst þér tónlist hafa þróast hér heima á Íslandi?

„Mér finnst hún hafa þróast bara mjög vel. En ég er ekki mikið fyrir rapp en Emmsjé Gauti og Herra Hnetusmjör eru mjög skemmtilegir. Ég safna öllu um Emmsjé Gauta því hann kom fram á tónleikum með Helga Björns í Laugardalshöllinni. Svo finnst mér þetta nýja stöff rosalega flott eins og Of Monsters And Men og Kaleo.“

Er eitthvað lag ofarlega í huga eftir öll þessi ár?

„Það eru tvö lög. To Be Grateful eftir Magnús Kjartansson. Mér finnst það alveg geggjað lag. Einnig Sympathy for the Devil með Rolling Stones. Ég á lista með tuttugu lögum sem ég hlusta mikið á. Maggi Kjartans er í fyrsta sæti og Stones númer tvö.“

#### Trommuleikari eða söngvari í hugarum

Keli lærði um tíma á trommur en byrjaði á trompet. Eftir að hafa brotið framtenurnar í tröppunum við Myllubakkaskóla náði hann ekki að blása í trompetið með góðu móti og lærði þá á trommur. „Þegar ég er að hlusta á tónlist þá er ég oft trommuleikarinn eða söngvarinn í mínum hugarheimi.“



**Gleðilega hátíð!**

**SUÐUR  
MEÐ SJÓ**  
SÖGUR AF SUÐURNESJAFÓLKI  
FRÁ SJÓNVARPI VÍKURFRÉTTA

Hægt verður að horfa á sjónvarpsþáttinn **SUÐUR MEÐ SJÓ** á vef Víkurfréttu um jólin, þar sem rætt verður við Kela um áhugamálið hans.

*Bestu jóla- og nýárskveðjur sendum við til ættingja og vina með þakklæti fyrir liðnar stundir*



*Íbúar og starfsmenn  
Árarnistu Reykjanesbæ*

*Sendum Suðurnesjamönnum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur. Þökkum viðskiptin og samskiptin á árinu sem er að líða.*

**Lagnabjónusta  
Suðurnesja ehf.**  
Pípulagningaverktaki

**Framúrskarandi  
fyrirtæki 2023**



Keflvíkingurinn **Guðbjörg Glóð Logadóttir** fékk hugmynd að stofnun nýrrar sérvslunar með sjávarfang þegar hún vann í fiskverslun í Boston. Góður gangur í tuttugu ár. Sló í gegn með tilbúnum fiskréttum. Erfitt í byrjun og í hruninu. Fiskur ekki lengur bara mánudagsmaturlaus á Íslandi.

Guðbjörg hefur rekið Fylgífiska, sérvslun með sjávarfang, í rúmlega tuttugu og eitt ár. Verslunin er á Nýbýlavegi í Kópavogi en ævintýrið hófst á sínum tíma á Suðurlandsbrautinni í Reykjavík. Það hefur mikið vatn runnið til sjávar frá því Guðbjörg opnaði verslunina fyrst og margt þróast í aðra átt en upphaflega var stefnt að.

Það vekur strax athygli þegar komið er inn í Fylgífiska að þar er bara góð matarlykt í loftinu en ekki þessi fiskilykt sem hefði mátt búast við. Galdurinn er sá að Fylgífiskar eru ekki þessi hefðbundna fiskbúð og þangað kemur ekki fiskur með slori. Fiskurinn sem kemur inn í eldhúsið hjá Fylgífiskum kemur flakaður í hús og yfirleitt einnig roðlaus. Eini fiskurinn sem kemur með roði er bleiki fiskurinn, lax og silungur.



Páll Ketilsson  
pket@vf.is



Hilmar Bragi Bárðarson  
hilmar@vf.is



# Guðbjörg Glóð og Fylgífiska

Útsendarar Víkurfrétta tóku hús á Guðbjörgu Glóð snemma dags þegar unnið var að því að útbúa rétti dagsins. Sjálf var hún að útbúa túnfisksteikur fyrir fiskborð dagsins en allir fiskréttir eru unnir og kryddaðir frá grunni að morgni dags. Það er mikil handavinna á bakvið hvern rétt. Allt skorið til í höndum, grænmetið handskorið og allt kryddað frá grunni. „Við stytum okkur aldrei leið og það er það sem við erum að selja,“ segir Guðbjörg.

## Fólk vildi prófa eitthvað nýtt

Skömmu áður en Fylgífiskar opna er farið með fiskréttina fram í fiskborðið. Fiskborðið er þriggja metra langt og þar eru að jafnaði tólf til fimmtán fiskréttir og annað eins af meðlæti. „Þegar við byrjuðum höldum við að þetta yrði til helminga ferskur fiskur og tilbúnir fiskréttir. Það gerðist hinsvegar bara strax á fyrsta eða öðrum degi að það keypti enginn ferska fiskinn. Það fóru allir í tilbúnu réttina. Fólk valdi það að kaupa fiskréttina og prófa eitthvað nýtt. Staðan er þannig í dag að ferskur fiskur er að fá litinn hluta af fiskborðinu. Það vinsælasta fær mesta plássíð. Fiskborðið er samt aldrei eins. Það er mikill munur milli mánudaga og föstudaga. Samt eru réttir sem ekki má snerta við eða breyta. Þetta er bara það sem okkur var ætlað að verða,“ segir Guðbjörg.

Nokkrir réttir eru vinsælli en aðrir. Þannig er hnetulangan lang-

vinsælust og enginn annar réttur kemst með tærnar þar sem langan hefur hælana. Sesambleikja fylgir þó fast á hæla löngunnar, sem og pistasiuþorskur og indversk karríysa. Guðbjörg segir að mikil sölusálfræði liggja í útlitinu á fiskborðinu hjá Fylgífiskum.

## Er fólk að minnka kartöfluát með fiskinum?

„Ég hef verið tuttugu ár í matsölu og það hafa alltaf komið inn á hverju einasta ári einhvers konar matar tiskubylgjur. Núna er búið að vera í svolitinn tíma að það megi ekki borða kolvetni þannig að kartöflur eru ekki vinsælasta stúlkan á þessum dansleik, byggið er þar af leiðandi þeim mun meira og mjög hollt og í sjálfu sér gaman að hafa það. Það er íslensk framleiðsla en er svolitíð bragðlaust sjálft en við kryddum það skemmtilega til að það sé gott meðlæti.“

Grænmeti selst núna mjög mikið en ég sjálf hef alltaf aðhyllst hinn gullna meðalveg.

Einu sinni mátti ég ekki að nefna smjör. Núna eru allir vitlausir í smjör. Ég er búinn að taka þetta svo oft og svo mikið. Einu sinni mátti ekki majonesið en nú er það í lagi.

Ég held bara sjó með framleiðsluna hjá okkur og svo selst bara mismikið eftir því hvað er í tisku. Ég held að mín leið, hinn gullni meðalvegur, sé í raun og veru það sem fólk á að hafa í huga, borða bara ekki of mikið. Það er lykilatriðið.“



## Fylgífiskar í tvo áratugi

Fylgífiskar hafa verið starfandi í rúma tvo áratugi, opnuðu fyrst fyrir rúmu tuttugu og einu ári á Suðurlandsbrautinni í Reykjavík.

„Við opnuðum á Suðurlandsbraut 10 og vorum þar í ellefu ár. Á þeim tíma opnuðum við litla verslun á Skólavörðustíg og vorum með útibú þar og einnig á Laugavegi. Svo kom hrúnið þannig að við lokuðum útibúnum og vorum bara á Suðurlandsbrautinni. Nýbýlavegurinn kom svo til sögunnar, einnig Borgartúnið en nú erum við bara hér á Nýbýlavegi í Kópavogi.“

## Um tíma varstu að reka þrjár verslanir. Var það ekki svolitíð mikið?

„Okkur fannst það ekki á þeim tímapunkti. Íslenska leiðin er að stækka og allir eigi að vera stórir og afla meira og gera meira. Okkur

með leigusamning. En ég ákvað að notað tækifærið og vera bara á einum stað og sjá hvernig er að fara aftur í grunninn. Ég hef ekki tekið betri ákvörðun á þessum tuttugu ára ferli, fyrir utan að opna, að vera núna bara á einum stað. Þetta er frábært.“

## Vorum að tapa gleðinni

Þú ert að tala um að hafa hætt með verslun í Borgartúni en á þeim tíma varstu líka með verslun hérna í Kópavogi. Var þetta góð ákvörðun?

„Þetta er það besta sem ég hef gert.“

## Af hverju?

„Til þess að geta rekið sitt eigið fyrirtæki er svo gott að hafa þetta allt undir einu þaki og vera ekki að deila sér á milli staða. Það gerir þetta svo skemmtilegt aftur. Núna er maður aftur farinn að geta leikið sér í hlutum sem maður var hættur að geta leikið sér í. Þetta verður aftur gaman.“

Við vorum alveg búin að finna það að við vorum að tapa gleðinni, það vantaði orðið þetta sem okkur finnst skemmtilegast sem er að vera með góða þjónustu, góðan mat og búa til nýja hluti. Þegar þú ert dreifa þér svona og átt þetta, þá ertu bara á milli. Kraftarnir dreifast og fókusinn er ekki eitt hundrad prósent. Ég gæti ekki hafa gert betur og ég ráðlegg fólk þetta sem stendur í þessum sporum og er með eigin rekstur, því ég held



Ég hef ekki tekið betri ákvörðun á þessum tuttugu ára ferli, fyrir utan að opna, að vera núna bara á einum stað. Þetta er frábært.



FISKAR



# Fylgifyiskarnir

að allt of mörg lítil fyrirtæki, sem eru fjölskyldufyrirtæki, séu seld nákvæmlega út af þessu. Við þurfum ekki alltaf öll að vera stór, það er bara fínt að sumir séu það en að aðrir séu bara litlir. Það er miklu meira út úr þessu að hafa svona.“

#### Hvað með rekstrarhliðina?

„Hún er bara léttari. Þú ert kannski að leigja húsnæði, ert að borga vexti og tryggingar. Þú ert að greiða fyrir öryggismál, gluggaþvott og sorphirðu. Svo er það rafmagn, hiti og allt hitt sem enginn sér áður en hann kemur inn í verslunina hjá þér. Síðan er náttúrulega allt viðhaldið og að manna þetta. Þetta er alveg skemmtilegt. En þetta dreifir kröftunum og kostar.“

#### Finnst þér þetta ennþá skemmtilegt tuttuðu árum síðar?

„Í dag, ekki spurning. Þetta er mjög skemmtilegt.“

#### Þú ert ekkert að hætta?

„Nei, nei, ég er til í næstu tuttuðu ár.“

#### Alin upp í að bera virðingu fyrir fiski

Fyrir tuttuðu árum síðan voru Fylgifyiskar fyrsta sérverslunin með fiskrétti og heitan mat í hádeginu. Þetta var algjör nýjung á þessum tíma. Og hvernig gekk hún þarna í byrjun?

„Það má segja að hugmyndin hafi fæðst í þessar aðstæður. Ég elst upp við það að foreldrarir

”

Það kviknaði bara eitthvað inni í mér að fara að sjá þetta og saman, með reynslunni frá Veitingarhúsinu við Tjörnina, þá vissi ég hvað ég vildi gera.

reka fiskvinnslu og alltaf verið að tala um fisk. Ég starfaði svo á Veitingahúsinu við Tjörnina með skóla. Fer svo til Bandaríkjanna að vinna í fiskbúð og kynnist hinni hliðinni á sölu á fiski. Þetta var rosalega flott fiskverslun sem var á allt öðrum mælikvarða heldur en var hér. Ég var tvítug að gera eitthvað skemmtilegt eitt sumar m.a. að vinna í fiskbúð í Boston. Það kviknaði bara eitthvað inni í mér að fara að sjá þetta og saman, með reynslunni frá Veitingarhúsinu við Tjörnina, þá vissi ég hvað ég vildi gera. Ég er alin upp í því að bera virðingu fyrir sjávarútvegi og bera virðingu fyrir fiski en líka alin upp af skólakerfi sem gerði það ekki. Fiskur var stöðugt talaður niður. Þjóðin leit á þetta sem svona mánudagsmat. Síðan ferðaðist ég til útlanda og sá virðinguna sem var borin fyrir fisk í öðrum löndum. Þetta var veislumatur





”

Ég bara seldi allt sem ég átti og lagði allt í þetta og fór af stað með þessa hugmynd að opna risastóra verslun á Suðurlandsbraut sem öllum fannst glapræði og í raun og veru var ekkert mikið að gera í upphafi en þetta gekk samt.

annars staðar en soðinn með kartöflum og dýrafitu hjá okkur. Mig langaði svo að lyfta fiskinum upp því mér fannst hann eiga þá virðingu skilið að þjóðin bæri virðingu fyrir því sem í raun og veru komin út úr fátæktinni. Mér fannst fólk sem vann í fiski stöðugt vera talað niður og mig langaði líka að gera það að merkilegu fólki, því mér hefur alltaf fundist fiskvinnslufólk vera merkilegt. Mér finnst líka skipta máli að aðrir viti það líka.“

#### Hvernig fæðist svo hugmyndin?

„Það púslast við hana og ég fór í Háskólann á Akureyri, læri sjávarútvegsfræði og alltaf með þessa hugmynd. Ég ætlaði samt ekki alveg endilega að fara að gera þetta. Ég hefði alveg getað gefið einhverjum öðrum hugmyndina en ég er búinn að vinna að henni mjög lengi. Síðan atvikast það bara í röð atvika í mínu lífi að ég hugsa: „Annað hvort geri ég þetta eða einhver annar gerir það.“

Ég bara seldi allt sem ég átti og lagði allt í þetta og fór af stað með þessa hugmynd að opna risastóra verslun á Suðurlandsbraut sem öllum fannst glapræði og í raun og veru var ekkert mikið að gera í upphafi en þetta gekk samt.

#### Var byrjunin hæg?

„Byrjunin var róleg og við hlæjum oft af þessum sölutölum í dag. Það var ekki röð fyrir utan verslunina en samt alltaf nóg. Ég meðvitað var að taka markaðssetninguna á þeim nótum að láta orðið berast.“

#### Gaman að vera á gamalli kennitölu

Þegar þú horfir á þessi tuttugu ár, hvað stendur uppúr? Hvað hefur þú lært mest á þessum tíma?

„Það er svo margt búið að gerast í umhverfinu. Hrúnið var svakalegt. Það er mjög gaman að vera á tuttugu ára gamalli kennitölu, það er ekki sjálfgefið og hafa farið í gegnum svona. Við fórum fjárlítill af stað og þegar handbremsan kom árið 2008 þá kunnum við að gera mikið úr engu. Við kunnum að þrengja að og vinna með ekki neitt. Þetta var ekkert grín. Þetta hafðist

og var lærdómsríkt og maður býr að þessu, það er ekki spurning.“

#### Upplifðir þú breytingu eftir hrúnið?

„Salan fór niður um sjötíu prósent samdægurs. Viðskiptin voru þó fljót að fara upp aftur en við náðum aldrei föstudögunum góðum aftur en þeir höfðu verið stórir fyrir hrún. Ég komst svo að því seinna að það var mögulega vegna þess að við fórum að hafa opið á laugardögum. Núna erum við bara með opið fimm daga vikunnar. Þegar við réðumst í þessa breytingu að vera bara á einum stað þá ákváðum við líka að hafa opnunartímann eins og við vildum hafa hann. Samfélagið er orðið svolítið klikkað og matvöruverslanir opnar allan sólarhringinn. Við erum með opið virka daga til kl. 18 nema á mánudögum til kl. 18:30 og svo lokað um helgar. Fólk er að fá topp þjónustu og topp hráefni alla hina dagana.“

#### Hvernig er salan?

„Hún er bara að aukast.“

#### Þykir vænt um Eyjabýggðina í Keflavík

Guðbjörg Glóð er fædd og uppalin í Keflavík. Logi Þormóðsson sem er látinn og Bjargey Einarsdóttir eru foreldrar hennar. Mótunarár Guðbjargar voru í Eyjabýggðinni í Keflavík og þar hittu útsendarar Víkurfrétta Guðbjörgu næst, á Heimavöllum.

#### Þú átt æskuminningar við Heimavelli.

„Það er gaman að vera hérna því að þetta hverfi er fimmtíu ára í ár. Hér áttum við heima á Heimavöllum 11 og fluttum hingað 1978. Ég átti fyrsta afmælið, sjö ára, hér og við vorum hérna þangað til á fermingarárinu mínu. Þetta voru mótunarárin mín og mér þykir alveg svakalega vænt um Eyjabýggðina og þetta hverfi. Ég á mjög margar rosalega góðar minningar héðan. Það var svo mikið af krökkum í þessu hverfi. Það voru allir vinir og að leika saman, það var mikið brallað og gert hérna.“



GUÐBJÖRG GLÓÐ LOGADÓTTIR VIÐ AFGREIÐSLU Í FYLGIFISKUM.

#### Voruð þið í leikjum?

„Að sjálfsgöðu. Við fórum mikið í eina krónu og alls konar hérna úti á götu og svo var „teikað“ hérna á veturna. Þá vorum við með tjarnir hérna fyrir ofan sem voru hinum megin við vallargirðinguna, þannig að við fórum bæði yfir og undir girðinguna og svo líka hérna fyrir framan. Það voru trönur hérna fyrir og við vorum að gera alls konar, byggja kofa og leika okkur þar. Svo er móinn hérna líka og eggjatínsla á vorin. Svo voru einnig

braggar hér í hverfinu. Þeir höfðu allir nöfn og við lékum okkur þar. Svo var mikið af nýbyggingum og krakkarnir voru að leika sér í þeim. Þetta var rosalega gott hverfi til að alast upp í á þessum tíma. Við vorum svolítið langt í burtu, þetta var bara efsta húsaröðin í bænum og herstöðin hinum megin við girðinguna. Þegar herboturnar flugu yfir þá nötraði glerið í húsunum. Mamma var með blóm í stofuglugganum og það hristist alltaf og maður þekkti hljóðin.“

#### Fengu ekki að byggja kvist og yfirgáfu hverfið

Þetta er ekkert nema góðar minningar og skemmtilegar?

„Alveg svakalega og mér hefur alltaf þótt rosalega gott að vera í Keflavík þó svo ég hafi ekki seinna

meir búið hér, þá fannst mér gott að alast upp hérna. Við vorum líka svo góðir vinir og höldum ennþá sambandi í dag, þó svo það sé kannski ekki daglegt samband.“

Þegar Guðbjörg flutti með fjölskyldu sinni á Heimavelli var Eyjafólkið mikið að flytja í burtu og ungar fjölskyldur að setjast að í hverfinu. „Einn veturinn snjóaði svo svakalega mikið að við klifruðum upp á þakskeggið og renndum okkur niður á skíðum því snjóinn var alveg upp á þak.“

Guðbjörg segir að fjölskyldan hafi ekki viljað flytja frá Heimavöllum. Hins vegar fjölgaði í fjölskyldunni. Logi og Bjargey vildu fá að byggja kvist á húsið en fengu ekki. Það var því ekki um annað að ræða fyrir fjölmenna fjölskyldu en að flytja á aðrar slóðir og fjölskyldan flutti á Háteig.

”

Við fórum mikið í eina krónu og alls konar hérna úti á götu og svo var „teikað“ hérna á veturna. Þá vorum við með tjarnir hérna fyrir ofan sem voru hinum megin við vallargirðinguna, þannig að við fórum bæði yfir og undir girðinguna og svo líka hérna fyrir framan. Það voru trönur hérna fyrir og við vorum að gera alls konar, byggja kofa og leika okkur þar.







EYJABYGGÐIN Í KEFLAVÍK, ÞAR SEM GUÐBJÖRG GLÓÐ SEGIR MÓTUNARÁR SÍN HAFA VERIÐ.

### Þekkti nær alla með nafni

#### Holtaskóli og unglingsárin, hvernig voru þau hjá Guðbjörgu Glóð?

„Mér fannst mjög gaman að vera hérna en þegar maður fer að skoða þetta eftir á, þá var þetta hálfgerður dýragarður. Þetta var eini skólinn og hérna voru bara unglingar. Það var barnaskóli í Myllubakkaskóla og svo tók Holtaskóli við.“

Við vorum stór árgangur. Það voru fimm eða sex stórir bekkir. Ég er var í árgangi 1972 og hér var ég meira og minna alltaf í nemendaráði og tók mikinn þátt í félagsstarfi og setti upp alls konar skemmtanir. Það þurftu allir að skrá sig í billiard, þannig að ég þekkti eiginlega alla með nafni. Ég var félagslega sterk og átti bara mjög góð ár hérna en skil mjög vel

hlið þeirra sem áttu erfið ár, því það var enginn skilningur í frávikum í þroska eða einu eða neinu. Þetta var bara hver að bjarga sjálfum sér. Þetta var fyrir tíma allra greininga og óþekkir krakkar voru bara villingar og pabbi minn var einn af þeim.“

Frá Holtaskóla fór Guðbjörg í Fjölbrautaskóla Suðurnesja en þá segir hún að stakkurinn sem Keflavík hafi sniðið sér hafi verið orðinn of þröngur og hún hafi því sótt í að komast í burtu og hafi viljað meira frelsi og þurft stærra svið.

Eftir nám í sjávarútvegsfræðum við Háskólann á Akureyri, kynni af rekstri fiskbúðar í Boston í Bandaríkjunum hafi framtíðin legið fyrir. Guðbjörg býr nú í Kópavogi ásamt því að reka Fylgífiska þar.

# SUÐUR MEÐ SJÓ

SÖGUR AF SUÐURNESJAFÓLKI FRÁ SJÓNVARPI VÍKURFRÉTTA

## Suður með sjó með Guðbjörgu Glóð

Þegar nær dregur jólum verður í rafrænni útgáfu og á vef VÍKURFRÉTTAHEGHT að horfa á viðtal við Guðbjörgu sem er hluti af seríu sjónvarpsþátta sem við á VÍKURFRÉTTUM höfum unnið undir merkjum „Suður með sjó“.



Við sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

**Lagardere**  
TRAVEL RETAIL

# Gleðileg jól og farsælt komandi ár!



Starfsfólk Heilsugæslunnar Höfða Suðurnesjum sendir skjólstæðingum sínum og öðrum íbúum Suðurnesja hátíðarkveðjur og þakkar frábærar móttökur á árinu sem er að líða. Við minnum einnig á að enn er hægt að skrá á sig heimilislækni á [sjukra.is](http://sjukra.is)



Heilsugæslan Höfða



# Bakað í tómuum bæ

## HÉRASTUBBUR BAKARI ER FJÖLSKYLDUBAKARÍ Í GRINDAVÍK

Sigurður Enoksson í Hérastubbi bakara í Grindavík hefur rekið bakarí sitt til fjölda ára en sér fram á áskoranir í rekstrinum á næstunni vegna ástandsins í Grindavík. Hrafnhildur dóttir hans kom af fullum krafti inn í reksturinn með pabba sínum fyrir fimm árum, eftir að hún hafði klárað bæði konditor- og súkkulaðimeistaránám.

Hrafnhildur var ekki gömul þegar hún byrjaði að vinna hjá pabba sínum. „Upp úr fermingu fór ég að vinna hjá pabba, í afgreiðslu til að byrja með og fljótlega var ég farin að skrifa á kökur, er með mun betri handskrift en pabbi svo það lá beint við. Svo bættist almennur bakstur við um helgar og eftir tíunda bekkinn skræði ég mig í Menntaskólann í Kópavogi, hann var eini skólinn sem bauð upp á bakaradeild. Samhliða náminu reyndi ég að komast á samning hjá bakameisturum í Reykjavík en var alls staðar hafnað því ég

var stelpa, það fannst mér skrytið. Ég og pabbi ákváðum að ég hefði gott af því að læra hjá öðrum en honum en fyrst aðrir bakarar vildu ekki taka mig á samning, gerðist pabbi minn meistari og ég kláraði sveinsprófið. Ég fór síðan fljótlega til Danmerkur í konditornám, var í eitt og hálf ár í Kaupmannahöfn og kláraði það nám. Kom þá heim og byrjaði að vinna hjá Sautján sortum sem er kökubúð en fann fljótlega að mig langaði líka að bæta á mig súkkulaðimeistara svo ég fór aftur til Danmerkur, nú til Óðinsvéa. Ég útskrifaðist úr því

fyrir fimm árum og hef verið hjá pabba í Hérastubbi síðan. Ég kom auðvitað með ýmsar nýjungar svo bakaríið hefur vaxið og dafnað. Við erum með góða verkaskiptingu myndi ég segja, virku dagana er ég mest í því sem ég er sérhæfð í en svo skiptum við helgunum á milli okkar og þá er ég með almennan bakstur líka á minni könnu, já eða í mínum ofni.“

Blaðamaður bað Hrafnhildi að hnoða í eitt stykki jólatertu og þegar komið var daginn eftir til að sækja, blasti við listaverk. „Ég fékk nú ekki mikinn fyrirvara hjá þér og nýtti það sem ég átti til. Þetta er súkkulaðikaka með vanillukremi og karamellu, jólatréskrautið er úr smjörkremi. Ég hef gaman af því að búa til eitt-hvað svona nýtt og vona að þú og samstarfsfólk þitt á Víkurfréttum munið njóta kökunnar,“ sagði Hrafnhildur.



### Tómur bæ

Siggi hefur rekið Hérastubb til fjölda ára og var nýlega búinn að opna aftur eftir að veröld Grindavíkinga breyttist á augabragði í nóvember. „Frystirinn hjá mér bilaði í jarðhræringunum um daginn og talsvert af deigum skemmdist. Ég er nýlega búinn að opna aftur og þetta er skrytið, venjulega eru tugir viðskiptavina á hverjum morgni en bærinn er þannig séð tómur. Fyrirtækin eru samt að hefja starfsemi á ný og þá munu viðskiptin aukast en svo er ég mikið að gera alls kyns laufbrauðsdeig og senda til Reykjavíkur og víðar. Það hentar bakara ekki vel að geta ekki hafið starfsemi fyrr en klukkan sjö á morgnana en ég vona að við munum fá undanþágu frá því. Annars verðum við bara að spila þetta eftir hendinni, reksturinn verður líklega ekki mjög arðbær á meðan ástandið er svona en við erum alla vega að reyna að gera eitthvað.“



Hrafnhildur með jólatertuna.

### Dugleg í nýjungum

Siggi var í stjórn Landsambands bakameistara þegar dóttir hans var að reyna komast á sveinsamning. „Ég kom með þetta á fund og sagði mönnum til syndanna, að þeir ættu að skammast sín! Það kom fát á suma en ég vildi frekar láta Hrafnhildi standa á eigin fótum í stað þess að vera með mig, pabba sinn yfir sér. Ég tók hana því á samning hjá mér og samstarfið hefur gengið vel myndi ég segja. Hrafnhildur hefur

staðið sig vel, var fyrsta konan til að fara á heimsmeistaramót ungra konditora. Hún getur gert fullt af hlutum sem ég kann ekki en við lítum á okkur sem teymi, ég sé um suma hluti og hún aðra. Við erum mjög dugleg í að prófa eitthvað nýtt, sérstaklega í vegan-bakstri sem hefur komið sterkur inn að undanfögnu og þar erum við öflug, myndum eflaust gera miklu meira af því ef við værum á höfuðborgarsvæðinu. Við skulum sjá hvað framtíðin ber í skauti sér,“ sagði Siggi Hérastubbur að lokum.

Sigurður ásamt börnum sínum, frá vinstri: Enok Steinar, Hrafnhildur og Steinþór Guðmundur.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is





## Listaverkaupboð á Selfossi til styrktar Grindvíkingum

Myndlistarfélag Árnassýslu verður með uppboð á verkum 17. desember kl. 14 á Hótel Selfossi og mun allur ágóði renna til Grindvíkinga.

„Við ákváðum að halda uppboð til að láta gott af okkur leiða því það er sárt að sjá Grindvíkinga missa heimilin sín og við viljum leggja fram hjálparhönd. Það eru hátt í 40 verk og hátt í 25 félags-

menn sem taka þátt. Margt smátt gerir eitt stórt. Andvirði verkanna rennur óskipt til Rauða krossins til styrktar Grindvíkingum (sjóðurinn er eyrnamerkur þeim),“ segir í tilkynningu frá myndlistarfélaginu.



# HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

*Kæru Suðurnesjamenn*

Óskum ykkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.  
Heyrumst á nýja árinu.



Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur - Sími 534 9600 - [www.heyrn.is](http://www.heyrn.is)

Þrjár nýir þættir af **Suður með sjó** og tveir þættir af **Suðurnesjamagasíni** verða á dagskrá Sjónvarps Víkurfrétta á **vf.is** um jóla og áramót. Fylgist með!

**SUÐUR  
MEÐ SJÓ**  
SÖGUR AF SUÐURNESJAFÓLKI  
FRÁ SJÓNVARPI VÍKURFRÉTTA

**SUÐURNESJA  
magasín**



*Óskum Suðurnesjamönnum  
og öðrum landsmönnum  
gleðilegrar jólahátíðar með ósk  
um gæfuríkt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á liðnum árum.*

**SI RAFLAGNIR EHF**  
Alhliða raflagnir



# Lofthrædd á Bolafjalli

**Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjaneshæjar er mikið jólabarn og byrjar að hlusta á jólalög í laumi í september**



Fjölskyldan ferðaðist víða á árinu sem er að líða.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjaneshæjar, er mikið jólabarn. Jólavefðirnar eru margar hjá fjölskyldunni eins og púsl og rjúpur en Halldóra er svo mikið jólabarn að hún byrjar að hlusta á jólalög í september, í laumi reyndar. Hún segir að árið sem er að líða hafi verið frábært og fjölskyldan hafi verið dugleg að ferðast, á Íslandi og í útlöndum. Halldóra sækir jólavíðburði í Reykjaneshæ og ætlar að njóta adventunnar í botn.

## Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?

Árið 2023 var alveg frábært ár fyrir mig og mína fjölskyldu. Ég nýtti hvert tækifæri og naut þess að eiga gæðastundir með fjölskyldu og vinum í rólegheitum heima, í bústaðnum okkar í Borgarfirði og á ferðalögum bæði innanlands og í útlöndum. Ég fór víða á þessu ári, t.d. til Ítalíu, Póllands, Tenerife og í alla landshluta Íslands. Það sem stendur helst upp úr er ættarmót sem við fjölskyldan fórum á til Ísafjarðar og keyrðum upp á Bolafjall. Það er lífsreynsla sem ég efast um að ég sækist í að upplifa aftur enda mjög lofthrædd manneskja. Svo erum við svo lánsöm að eiga kæra vini og annað yndislegt samferðafólk sem hafa líka skapað ógleymanlegar minningar með okkur á ýmsum viðburðum á þessu ári. Fyrir það er maður mjög þakklátur.

## Ert þú mikið jólabarn?

Ég er alveg svakalega mikið jólabarn. Það endurspeglar samt ekki í jólaskrauti eða því að fara hamförum í búðum í jólastressi eða slíku heldur aðallega í jólatónlist, kerta- og jólaljósum og jólaandanum. Fjölskyldan, vinir og samstarfsfólk veit að ég fer að hlusta á jólalög í laumi í síðasta lagi í september en við hjónin höfum gert samkomulag í góðlátlegu gríni varðandi það að ég held opinberlega niðri í mér jólaandanum þar til eiginmaðurinn hefur átt afmæli 19. nóvember. Annars hefur þessi tími þau áhrif á mig að það kemur yfir mig ákveðinn friður og ró og ég nýt mín best með kaffibolla við kertaljós að hlusta á jólalög þó ég sé að vinna.

## Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?

Það er nú yfirleitt rétt eftir 19. nóvember en í síðasta lagi fyrsta sunnudag í adventu. Mér finnst jólatréð vera stór hluti af aðdraganda jólaanna og vil því setja það upp sem fyrst til að leyfa því að njóta sín.

## Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir - áttu einhverjar skemmtilegar jólaminnningar?

Ég man ágætlega eftir jóluunum þegar ég var að vaxa úr grasi og á margar skemmtilegar jólaminnningar með foreldrum mínum og bróður. Ein af dýrmætari minningum sem ég á úr æsku er til dæmis að vakna á morgnana og kíkja á jóladagatalið sem mamma

saumaði út handa okkur systkinunum og hengdi þakka á fyrir hvern dag með alls konar glaðningum í. Ég man hvað maður var spennur að klippa þakka af litlu hringjunum og sjá hvað leyndist í hverjum þeirra. En ein eftirminnilegasta jólaminningin svona á fullorðinsárum er þegar við Friðrik keyptum lifandi jólatré í fyrstu íbúðina okkar á Heiðarbóli 4 sem við fjárfestum í rétt fyrir jólin 1998. Við ætluðum að skola tréð í baðkarinu en það vildi ekki betur til en svo að blöndunartækin gáfu sig rétt á meðan við litum af þeim og úr þeim kom sjóðandi heitt vatn og hluti trésins varð brúnn. Tréð var að öðru leyti svo fallett að við ákváðum að reyna að nýta það og snerum brúna hlutanum bara út í horn. Það tók enginn eftir því og

sagan hefur lifað skemmtilegu lífi öll þessi ár.

## En skemmtilegar jólahefðir?

Þær eru líka margar og ótrúlega dýrmætar. Það eru svona litlir hlutir eins og að hafa kósýkvöld heima þar sem við fjölskyldan kúrum saman í vöðli í sjónvarpsófanum og horfum á þessar klassísku jólamyndir og sú fallega hefð að fara með ljós á leiði látinna ættingja og vina til að heiðra minningu þeirra. Við erum svo alltaf með foreldrum mínum og bróður á aðfangadag og þá er boðið upp á möndluís í eftirrétt sem mamma býr til. Mamma passar nú samt upp á að allir fái litla gjöf en aðalgjöfin er 1000 stykkja jólapúsl frá Waddingtons sem er alltaf eftir heima hjá mér og ég nýt þess að púsla það næstu dagana á eftir. Þessi púslhefð hefur verið í fjölskyldunni í áratíðir og ég á dýr-

mætar minningar þar sem við pabbi sátum fram eftir nóttu þegar ég var unglingur og púsluðum á meðan við hlustuðum á sígildar plötur. Maður getur hreinlega ekki slitið sig frá þessu. Eins höfum við um margra ára skeið haldið rjúpnaveislu í stórfjölskyldunni minni enda miklir veiðimenn þar á ferð og svo hefur tengdamamma boðið okkur og systur Friðriks og fjölskyldum í hangikjöt á jóladag. Ég gæti haldið endalaust áfram því það er sennilega í eðli okkar jólabarnanna að eiga fullt af skemmtilegum jólahefðum.

## Hvenær klárar þú að kaupa jólagjafirnar?

Ég er nú eiginlega alltaf búin að kaupa jólagjafir mjög snemma eða svona í síðasta lagi hálfum mánuði fyrir jól.

## Hvað finnst þér vera ómissandi á jóluunum?

Fyrir utan að hafa fjölskylduna saman og helst snjó þá er það klárlega mandarínur, jólaöl, hamborgarhryggur, jólapúsl, jólalög, kerti og fylltu molarnir frá Nóa Sírius.

## Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

Ég myndi segja að það hafi verið saumavélin frá Pfaff sem Friðrik og stelpurnar okkar gáfu mér fyrir mörgum árum. Hún hefur komið sér afskaplega vel og ég var ofboðslega ánægð með að fá hana frá þeim.

## Er eitthvað á óskalistanum fyrir jólin í ár?

Það er svo fyndið hvernig óskalistinn minnkar alltaf og minnkar eftir því sem maður eldist. Það eru eflaust mörg sem tengja við þetta. Mig langar nefnilega ekki í neitt sérstakt í þakka hjóla langar mig mest af öllu að njóta jólaanna með mínu nánasta fólki og óska þess að næsta ár færi okkur gæfu og góða heilsu eins og við vorum svo heppin að fá að njóta á þessu ári sem er að líða. En ef ég þyrfti að biðja um eitthvað sérstakt þá myndi ég alltaf óska mér samveru eða upplifun með þeim sem myndi gefa mér gjöfina hvort sem það er samtál, spilakvöld, útvera, ferðalag, kvöldverður eða eitthvað annað.

## Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? eru hefðir í mat?

Já það eru svo sannarlega hefðir sem við höldum fast í þó við séum annað hvert ár að heiman. Við erum með hamborgarhrygg með öllu tilheyrandi og heimagerðan möndluís í eftirrétt. Ég efast um að það kæmu jól ef við myndum breyta þessari hefð.

## Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?

Ég ætla að njóta aðdraganda jólaanna hér í Reykjaneshæ. Ég fer á jólasýningu Leikfélags Keflavíkur, sæk jólaanda í Adventugarðinn, fer á hátíðarsýningu Danskompání sem yngsta dóttir okkar tekur þátt í og á jólatónleikana hennar í tónlistarskólanum þar sem hún spilar á fiðlu. Svo ætla ég líka að sjá jólasýningu fimleikadeildarinnar. Ég mun þó fyrst og fremst leggja áherslu á að njóta með fjölskyldunni og á sama tíma að hlaða batteríin vel fyrir öll þau spennandi verkefni sem bíða okkar á næsta ári.



Halldóra, Friðrik og dæturnar á Bolafjalli í sumar.



## Jakob lauk farsælum ferli hjá Landhelgisgæslunni

Njarðvíkingurinn Jakob Ólafsson, flugstjóri hjá Landhelgisgæslunni, lauk farsælum ferli þegar hann lenti eftirlitsflugvélinni TF-SIF í síðasta sinn á flugvelli í Catania 27. nóvember. Um þessar mundir er TF-SIF og áhöfn hennar við störf á Ítalíu fyrir Frontex, landamærastofnun Evrópusambandsins, og því var síðasta flug Jakobs farið þaðan.

Jakob hefur verið flugmaður hjá Landhelgisgæslunni frá árinu 1987. Jakob flaug bæði þyrlum og flugvélum Landhelgisgæslunnar en síðustu ár hefur hann verið flugstjóri á eftirlitsflugvélinni TF-SIF. Hann var flugstjóri í fjölmörgum eftirminnilegum björgunarflugum á löngum og farsælum ferli.

Jakob fór ásamt áhöfninni á TF-SIF í sitt síðasta flug frá Sikiley 27. nóvember og fékk góðar móttökur frá félögum sínum, flugvallarstarfsmönnum



og fjölskyldu sinni sem lagði leið sína til Ítalíu til að fagna þessum merka áfanga með Jakobi þegar vélin lenti.



## Simmi Vill og Samkaup stofna Eldum Gott

Sigmar Vilhjálmsson, einn af eigendum Minigarðsins, mun færa sig um set um áramótin og taka við sem framkvæmdastjóri Eldum Gott ehf., nýju félagi sem er í meirihluta eigu Samkaupa til móts við Sigmar.

Hlutverk Eldum Gott verður að þróa og breikka vörulínu Samkaupa með áherslu á tilbúna rétti, rétti sem hægt er að fülleða heima og á ferskvöru. Sérstök áhersla verður á vörur sem framleiddar eru undir eigin vörumerkjum Samkaupa sem eru sérframleidd fyrir Nettó, Kjörbúðina og Krambúðina. Gæðaeftirlit, nýsköpun og þróun á tilbúnum réttum verður meginverkefni næstu mánaða ásamt því að þróa frekar veitingasölu í



verslunum Samkaupa víðsvegar um landið.

„Þetta eru spennandi tímar fyrir mig persónulega. Tækifærin eru gríðarleg innan Samkaupa, hlutdeild þeirra á markaði og staðsetningar verslana opna á mjög marga spennandi kosti. Innan Samkaupa er mikil reynsla og þekking sem skiptir höfuðmáli þegar kemur að

því að færa veitingarekstur nær innkaupakörfunni í matvöruverslunum. Það er marga spennandi sem á eftir að líta dagsins ljós á næstu misserum í verslunum Samkaupa um land allt,“ segir Sigmar.

„Verslun og þjónusta almennt hefur mikið breyst á síðustu árum og krafa neytenda um að fá góðan mat sem fljótlegt og einfalt er að matreiða er mikil. Við höfum unnið með Sigmari síðustu árin og samstarfið hefur gengið framram vonum. Þetta er því rökrétt næsta skref í okkar samstarfi. Nýsköpun og skynbragð á það hvernig vindar blása hverju sinni er lykilatriði í þessu verkefni og við erum sannfærð um að verkefnið sé í góðum höndum,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson Forstjóri Samkaupa.

Sendum Suðurnesjamönnum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári.



Gleðilega hátíð

Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár með þökk fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.





# Á orðið úrval af jólas krauti sem mér þykir vænt um

Margrét I. Ásgeirsdóttir, forstöðukona safna í Suðurnesjabæ, segist ennþá vera mikið jólabarn í hjartanu og til marks um það eru „gömlu jólin“ sett upp á byggðasafninu á Garðskaga í lok nóvember og allt er tilbúið þegar nemendur grunnskólanna í Suðurnesjabæ koma í heimsókn í byrjun desember til að upplifa jólin sem voru.



Margrét I. Ásgeirsdóttir, forstöðukona safna í Suðurnesjabæ, og hún samt samstarfskonu sinni á Byggðasafninu á Garðskaga, Tönju Höllu Önnudóttur, safnverði.

Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?

Árið 2023 var aðalega annarsamt hjá fjölskyldunni, en allir



heilbrigðir og kátir. Ferð til heitari landa á miðjum vetri var mjög eftirminnileg og góð tilbreyting.

ekki eins mikið um sætindi eins og í dag. Smákökudallarnir voru límdir aftur þar til um jólin. Ég hins vegar borðaði bara loftkukur og gráfíkjuköku sem mamma bakaði sérstaklega fyrir mig. Ég baka ekki mikið, aðeins nokkrar smákukur til að fá góða jólalykt í húsið.

## Ert þú mikið jólabarn?

Ég var mikið jólabarn og er ennþá í hjartanu. Á Byggðasafninu á Garðskaga, þar sem ég starfa m.a., eru „gömlu jólin“ sett upp í lok nóvember og allt tilbúið í byrjun desember en þá koma yngstu nemendur í grunnskólum í heimsókn og fleiri hópar. Það er alltaf sérstök stemning því ég sé ekki mjög gömul, en þau voru öðruvísi en í dag. Á Bókasafni Suðurnesjabæjar þar sem ég starfa líka, er alltaf sérstök jólastemning þegar jólabækurnar streyma inn. Það er svo margt sem getur skapað jólastemningu.

## Hvernig hagar þú jólagjafainnkaupum?

Jólagjafirnar reyni ég að hafa tilbúnar síðustu vikuna fyrir jól í síðasta lagi, þykir ekki gott að versla á síðustu stundu. Ef ég reykst á eitthvað, hvenær sem er á árinu, sem mér dettur í hug að gæti verið góð jólagjöf þá kaupi ég gjöfina. Versla ekki mikið á netinu en þó svolítið. Verslaði t.d. snemma í haust góðar gjafir í netverslun Sólheima. Ég skrifa niður í bók gjafirnar á hverju ári, en það hefur komið sér vel að rifja upp hvað áður hefur verið gefið í jólagjöf.

## Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?

Við höldum okkur ennþá við að setja jólatréð upp á Þorláksmessu.

## Skreytir þú heimilið mikið?

Jóla jósin úti eru sett upp í lok nóvember. Skreyti almennt ekki mjög mikið núna miðað við áður fyrr. Á orðið úrval af jólas krauti sem mér þykir vænt um og set það upp allan desembermánuð. Kaupi alltaf rauða túlipana fyrir jólin og svo eru kertaljósín ómissandi.

## Bakar þú fyrir jólin og ef já, hvað þá helst? Áttu þér uppáhaldssmáköku?

Á æskuheimilinu var mikið bakað því fjölskyldan var stór og

## Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir? Áttu einhverjar skemmtilegar jólaminningar?

Ég man ekki sérstaklega eftir einhverjum einstökum jólum úr barnæsku. Á mjög góðar og hlýjar minningar um jólakortagerð og jólakortaskrif, um góða eplalykt og eplaskera, um að skreyta á Þorláksmessu og eftirvæntingu. Ég var mikill bókaormur og einu sinni fékk ég tíu bækur í jólagjöf, flestar eftir Enid Blyton held ég og einu sinni laumaðist ég til að taka upp jólapakka með bók í fyrir jól og byrjaði að lesa, lokaði svo pakknum aftur og enginn vissi nema ég. Ég hef engar sérstakar óskir varðandi jólagjafir, verð alltaf glöð ef ég fæ bók eða glimmersokka.

## Eru fastar jólahefðir hjá þér?

Það eru ekki beinlínis fastar hefðir lengur, hvorki um adventu eða jólin. Hitti vínahópa í desember og fer alltaf á Jómfrúna og hitti þar vinkonu mína. Finnst þó ómissandi að hlusta á jólamessuna á aðfangadagskvöld, hlusta á jólalög í desember. Við erum líka mjög opin fyrir því að prófa ýmsan mat um jólin og nýár. Það eina sem er fastur liður er jólahangikjötið, það verður reykt sauðalæri í ár. Á Þorláksmessu er árlegt skötuboð þar sem stór hluti fjölskyldunnar kemur saman og á milli jóla og nýárs hittum við oftast einhverja úr fjölskyldunni líka.

## Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?

Þar sem ég hef verið víða um jólin þá er niðurstaða mín sú að það er hvar sem er hægt að eiga góð jól ef það er gott fólk í kringum mann og kærleikur ríkir. Jól friðar og kærleika eru bestu jólin.

Okkar bestu óskir um

# gleðileg jól

og farsæld á nýju ári

**Brunavarnir Suðurnesja**

# Jóla kveðja

Félag eldri borgara á Suðurnesjum sendir kærar kveðjur til félagsmanna sinna með ósk um gleðileg jól og farsælt nýtt ár, með von um gleði, hamingju og góðar samverustundir.

Við bjóðum alla aðila velkomna sem eru 60 ára +

Skránig fer fram á heimasíðu félagsins febs.is

**FEB**  
FÉLAG ELDRÍ BORGARA  
SUÐURNESJUM



Jólas krauti á Byggðasafninu á Garðskaga nú fyrir jólin.





# Tívoli um jólin

Stefanía Gunnarsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Reykjanessæjar, ætlar að heimsækja dóttur, tengdason og barnabarn til Kaupmannahafnar um jólahátíðina. Þar verður tíminn notaður til að fara út að borða, fara í tívoli og upplifa borgina.



## Ert þú mikið jólabarn?

Ekki get ég sagt það, en ég reyni að njóta aðventunnar og svo elska ég dagana í kringum jólahátíðina sjálfa, frið og rólegheitin sem því fylgir.

## Hvernig hagar þú jólagjafainnkaupum?

Ég gef mest bækur og kaupi þær hér í bæ. Fer í bókabúðina og reyndi að velja fyrir hvern og einn. Í ár verður farið til Kaupmannahafnar og því var ákveðið að það væri jólagjöfin hjá okkur í ár.

## Hvenær klárar þú að kaupa jólagjafirnar?

Ég segist alltaf ætla að vera tímanlega en það er svona upp og ofan!

## Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?

Við setjum jólatréð upp í kringum miðjan desember.

## Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir -- áttu einhverjar skemmtilegar jólaminningar?

Ég man aldrei neitt en eitt skiptið fékk ég kók í gleri í skóinn þegar ég var lítil. Gleymi því aldrei!

## Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?

Árið hefur verið gott og gefandi. Höfum ferðast bæði innan- og utanlands. Fór í frestaða fimm tugsafnmælisferð með vinkonum til Tenerife, með systur og mági til Alicante og Calpe, ferðaðist um Strandirnar og ættarmót á Ísafirði auk nokkurra ferða til Kaupmannahafnar til þess að hitta fólkið mitt þar, en ég nýt hvorrar mínútu með barnabarninu mínu sem þar býr með fjölskyldu sinni.



Frá Kaupmannahöfn. Ljósmynd: Envato.com

## Skreytir þú heimilið mikið?

Nei, ég er ekki mikið fyrir jólaskreytingar en set upp ljós í glugga, jólatré og smá skraut.

## Bakar þú fyrir jólin og ef hvað þá helst? Áttu þér uppáhalds smáköku?

Þegar börnin voru yngri þá bakaði ég alltaf þrjár sortir en síðustu ár hef ég nýtt mér tilbúin kökudeig til þess að fá lyktina í húsið.

## Eru fastar jólahefðir hjá þér?

Við förum alltaf í kirkjugarðinn til pabba og tengdareldra. Einnig bý ég alltaf til jólaísinn, það er gömul uppskrift frá ömmu minni á Ísafirði en þegar hún gerði ísinn fyrst þá var hann geymdur úti í snjónum fyrir vestan.

## Hvernig er aðventan - hefðir þar?

Bara hafa það rólegt og náðugt. Ekkert endilega planað. Aðventan er skemmtilegur tími í Bókasafninu þar sem bitist er um nýju bækurnar og allir svo glaðir og kátir að fá nýja bók. Einn skemmtilegasti tími ársins í vinnunni.

## Hvað finnst þér vera ómissandi á jólinum?

Algjörlega ómissandi að fara til systur minnar á aðfangadagskvöld eftir jólamatinn og pakkana. Fá heitt súkkulaði og notalega samveru.

## Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

Ég man eftir gleðinni við að fá vasadiskó fyrir kassetur fyrir allmörgum mörgum árum en svo auðvitað jólagjafirnar frá eiginmanninum.

## Er eitthvað á óskalistanum fyrir jólin í ár?

Bara samvera með besta fólkinu.

## Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? Eru hefðir í mat?

Síðustu ár höfum við verið með léttreyktan lambahrygg og svo geri ég alltaf sömu uppskrift af jólasósunni sem er algjörlega ómissandi. Auðvitað heimagerði ísinn líka, það má ekki sleppa honum.

## Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?

Í ár ætlum við að heimsækja dóttur okkar, tengdason og barnabarn í Kaupmannahöfn. Fara í tívoli, út að borða og upplifa borgina. Hlökkum mikið til!



# HUG VERKTAKAR

Okkar bestu óskir um gleðileg jól, gott og farsælt komandi ár.

Með þökk fyrir viðskiptin á liðnum árum.





# Athafnamaðurinn EDDI

Eðvard Júlíusson fagnaði nýlega níutíu ára afmæli.

Byrjaði snemma á sjó og rak útgerðarfyrirtækið Hópsnes á fjórða áratug.

Forseti bæjarstjórnar Grindavíkur og sinnti bæjarmálum í tólf ár.

Stofnun Bláa Lónsins eftirminnileg sem og baráttan í þorskastríðinu við Breta.

Eddi, eins og hann verður kallaður í þessu viðtali, er stór karakter í sjávarútvegsbænum Grindavík en þar hefur hann alið manninn síðan um tvítugt þegar hann fluttist þangað að norðan. Hann fór snemma á sjóinn, gerðist skipstjóri og síðar farsæll útgerðarmaður. Eddi var í síldarútvegsnefnd, sat í bæjarstjórn Grindavíkur í tólf ár, m.a. sem forseti bæjarstjórnar og hefur undanfarin ár leikið golf þegar færi gefst til, ef ekki í Grindavík þá erlendis. Hann fagnaði 90 ára afmæli í september og er hvergi af baki dottinn.

**VF GRINDAVÍK**

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vt.is



Bláamaður hittir Edda heima hjá honum í Grindavík, þremur vikum eftir að jarðhræringarnar áttu sér stað. „Auðvitað fer þetta ekki vel í mann, það er ekki gaman að vera upp á aðra kominn, að gerast heimilismaður hjá öðrum, þó svo að það séu börnin manns. Ég var staddur hér heima hjá mér þegar allt lék á reiðiskjálfi og yfirgaf húsið um sexleytið. Þetta voru ekki neindir venjulegir jarðskjálftar, þeir voru beint undir fótum manns og lætin voru svakaleg. Ég tók rakdótið mitt og fór til Kristínar dóttur minnar í Garðabæ og ætlaði mér að koma aftur heim daginn eftir. Ég mun snúa aftur til Grindavíkur þegar þessu ástandi lýkur, það er ekki nokkur spurning í mínum huga.“

## Frá Dalvík til Grindavíkur

Eddi var um tvítugt þegar hann flutti til Grindavíkur en hann er frá Dalvík og bjó þar fyrstu árin, eða þar til hann var orðinn sextán ára þegar fjölskyldan flutti til Akureyrar. Sjómennska átti hug hans og hann vissi snemma hvaða slóð hann myndi feta. „Það var gott að alast upp á Dalvík, sjómennska var aðal lifibrauðið auk þess sem margir bændur bjuggu í sveitunum í kring. Þarna var kaupfélag sem sinnti bændunum en sjávarútvegurinn var samt aðalmálið. Pabbi hafði verið sjómaður, var vélstjóri en fór svo að vinna í landi þegar við fluttum á Akureyri. Þar réði ég mig til sjós, byrjaði á Snæfellinu sem var bæði togari og á síld, réði mig svo á Harðbak sem var togari. Ég ætlaði mér alltaf að verða sjómaður, fara í stýrimannaskólann og vildi verða skipstjóri. Ég fór átján ára suður til Reykjavíkur í Stýrimannaskólann, kláraði það á tilskildum tveimur árum og fór svo aftur heim og réri með pabba sem hafði keypt lítinn handfærabát. Um haustið réði ég mig sem stýrimann á Vörð í Grindavík og var vertíðina en fór svo aftur norður eftir hana. Þá var pabbi að kaupa stærri bát frá Danmörku sem við sóttum en fluttum hann svo suður fyrir vertíðina það haustið. Það munaði minnstu að illa færi, við vorum



varla komnir út Eyjafjörðinn þegar ég áttaði mig á að kompásinn var ekki rétt stilltur. Það var ekki gott veður og við fórum inn á Siglu-fjörð til að laga kompásinn. Þegar við vorum komnir vestur að horni gerði brjáláð veður, við lentum



Eddi og Elin ásamt börnum sínum, frá vinstri: Sigmar, Kristín og Alexander.

í brotsjó og báturinn lagðist á hliðina og var í dágóða stund þannig, við vorum smeykir um að hann myndi ekki rétta sig við en hann gerði það loksins en þá drapst á vélinni. Við sendum út neyðarkall og til allrar lukku svaraði varðskipið Þór kallinu og við vorum teknir í tog en fyrst þurfti að deila olíu úr skipinu til að lægja sjóinn í kringum okkur, öðruvísi gátu þeir ekki komist til okkar. Það voru tólf vindstig, haugasjór en báturinn komst að síðunni okkar og var festur við okkur svo við björguðumst og þegar ég kom upp í stýrishús og hitti skipherrann Eirík Kristófersson, sagði hann við mig; „Nú varstu heppinn drengur minn, ég sagði rórmanninum [sá sem var á stýrinu] að beygja í bak en hann beygði í stjórn og stuttu síðar sáum við ykkur.“ Það var það hvasst að ekki var hægt að nota radarinn og skyggnið var orðið slæmt svo hver veit hvað hefði gerst ef rórmannurinn hefði beygt í bak eins og skipstjórinn fyrirskipaði. Fall er fjarheill má segja, þessi bátur var farsæll og á fyrri vertíðinni sem ég var á þessum bát, kynntist ég konunni minni, Elinu Alexandersdóttur.“

## Af sjónum í útgerð

Grindavík var ekki stór á þessum tíma, um 500 manns bjuggu í bænum þegar Eddi fluttist þangað.

”

Ég ætlaði mér alltaf að verða sjómaður, fara í stýrimannaskólann og vildi verða skipstjóri.



Hann var farsæll skipstjóri á hinum og þessum bátum og var m.a. aflakóngur í Grindavík árið 1973 á Hópsnesi. Árið 1965 urðu breytingar hjá honum, hann ákvað að skella sér í útgerð. „Ég var að koma af síld, hafði ráðið mig sem stýrimann hjá Willard Fiske Óla-

syni á Hrafni þriðja, þar var Jens Óskarsson vélstjóri og við ákváðum að fara í útgerð ásamt Guðlaugi Óskarssyni sem var nágranni minn. Við stofnuðum Hópsnes árið 1965 og rákum í 32 ár. Við byrjuðum á að kaupa bát að austan sem við gáfum nafnið Hópsnes, létum fljót-



Um jólin!

**MYNDSKEIÐ**  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA







VF/Hilmar Bragi Bárðarson

lega smíða fyrir okkur bát og smíðuðum svo annan bát síðar. Ég hélt áfram sem skipstjóri fyrstu árin en var svo alkominn í land eftir metvertíðina 1973. Einhverjir bátar bættust í hópinn og svo hófum við vinnslu árið 1972. Þetta er á þeim tíma sem síldarævintýrið er í gangi en við vorum líka að vinna fisk í salt. Þegar við fórum út í seinni nýsmíðina, frystitogarann Hópsnes, þurftum við að láta gamla skipið upp í. Hann lá við höfn í Hafnarfirði á þessum tíma og skipasali hafði samband við mig. Sagði að það væru menn frá Nýja Sjálandi sem væru áhugasamir um að kaupa skipið. Ég sagði þeim að skipið væri ekki til sölu en það væri sjálfsgagt að leyfa þeim að skoða það. Þeir ferðuðust eitthvað um landið og skipasalinn hafði aftur samband og spurði hvort við værum til í að selja Nýsjálandingunum skipið.

”

**Ég sagði við skipasalann að allt væri falt fyrir rétt verð og eftir samningaviðræður var gengið frá sölu á skipinu.**

Á þessum tíma var Gulli orðinn veikur og við vorum farnir að íhuga hvort þetta væri komið gott hjá okkur í útgerðinni. Ég sagði við skipasalann að allt væri falt fyrir rétt verð og eftir samningaviðræður var gengið frá sölu á skipinu. Þegar við afléttum veðum ætluðu starfsmenn fiskveiðisjóðs varla að trúa verðinu sem við fengum



Mynd tekin árið 1983. Eddi ásamt föður sínum á vinstri hönd, Júlíusi Halldórssyni og Jón Tryggvason frá Dalvík sem átti bát og lagði upp hjá Hópsnesi.

fyrir skipið. Við áttum töluverðan kvóta sem aðrar útgerðir renndu hýru auga til en við gátum ekki hugsað okkur annað en kvótinn yrði áfram í Grindavík og buðum því þeim ellefu útgerðum sem voru hér í Grindavík, að kaupa kvótann af okkur og greiða okkur á þremur árum. Ég hef aldrei heyrt um að svona hafi verið gert, hvorki áður fyrr né á eftir. Þannig lauk farsælli útgerðarsögu Hópsnes og önnur verkefni tóku við," segir Eddi.

#### Bæjarpólitíkin

Eddi keypti húsnæðið af Hópsnesi, sá um dreifingu á salti fyrir Saltkaup en svo kom Sigmar sonur hans inn í reksturinn og áður en varði var fyrirtækið komið með gámaþjónustu og sameinaðist svo fyrirtækinu Hringrás síðar meir. Eddi sem var orðinn stór hluthafi í Bláa lóninu eftir að hafa tekið þátt í að koma því farsæla fyrirtæki á koppinn í gegnum störf sín fyrir Grindavíkurbæ, hafði stækkað húsnæðið og leigði Bláa lóninu. Fyrirtækið vantaði aðstöðu í Grindavík fyrir hluta af sinni starfsemi svo sjá má að Eddi hefur sjaldan eða réttara sagt aldrei, legið með hendur í skauti. Eddi var ekki bara í útgerð, hann sat lengi í síldarútvegsnefnd og var í bæjar-



Sendum íbúum og fjölskyldum þeirra hlýjar kveðjur um gleðileg jól og farsælt komandi ár

Þökkum öllum sem veitt hafa margvíslegan og ómetanlegan stuðning á síðustu vikum


Sjáumst vonandi öll í Grindavík á nýju ári!

LÍOSMYND: JÓN STEINAR SEMUNDSSON



GRINDAVÍKURBÆR





stjórn Grindavíkur um tíma. „Ég fór í Síldarútvegsnefnd í kringum 1980 og fór margar ferðir til Sovétríkjanna sálugu til að ganga frá sölusamningum, Síldarútvegsnefnd hafði tekið ákvörðun um að kaupa helmingshlut í fyrirtæki frá Sovétríkjunum og ég og annar vorum settir í stjórn fyrirtækisins. Á þessum tíma var rúblan með svipað verðgildi og dollarinn en margir Sovétmennirnir voru tilbúnir að bjóða hátt í tíu rúblur fyrir einn dollar, þetta voru oft fróðlegar ferðir og mjög eftirminnilegar.“

### Tólf ár í bæjarstjórn

Eddi sat þrjú kjörtímabil, tólf ár í bæjarstjórn Grindavíkur og var forseti bæjarstjórnar um tíma. Það þurfti ekki að spyrja hann að því fyrir hvað flokk hann sat.

„Ég hef alla tíð verið Sjálfstæðismaður, fékk þau gen líklega í gegnum móðurmjólkina en mamma var gallharður tjalli! Ég vissi aldrei almennilega hvar pabbi var í pólitíkinni en á Dalvík var kaupfélagið sterkt, mikið um bændur og þeir hafa nú oft verið

framsóknarlega þenkjandi. Við erum þrjú systkinin, ég er elstur þeirra og þau eru bæði á lífi ennþá og öll fylgdu við mömmu, erum sjálfstæðisfólk fram í fingurgóma. Það er mér eftirminnilegt frá þessum bæjarstjórnarmálum að Grindavík breyttist úr því að vera þorp yfir í að verða bær. Vegir voru lagðir, skólpi komið fyrir svo öll ásynd Grindavíkur breyttist. Mágur minn, Eiríkur Alexandersson, var bæjarstjóri fyrsta árið en svo tók Jón Gunnar Stefánsson við og áttum við alltaf gott samstarf. Ég sat í stjórn Hitaveitu Suðurnesja og eftirminnilegast frá því er upphafið á Bláa Lóninu. Mér var falið að koma því undir hendur Grindavíkurbæjar og það var nokkuð snúið mál en hafðist þó. Á þessum tíma kom Grímur Sæmundsen að starfsemi Bláa Lónsins, ég réði hann en hefði ekki verið fyrir þátt Grindavíkurbæjar og Hitaveitu Suðurnesja í uppbyggingu Bláa Lónsins, hefði aldrei neitt orðið úr því, það leyfi ég mér að fullyrða. Bláa lónið varð síðan að því risastóra fyrirtæki sem það er í dag, ég er mjög stoltur yfir að hafa átt þátt í þeirri uppbyggingu.“

### Landhelgisdeilan

Baráttan við Breta um landhelgina er eftirminnilegust í huga Edda þegar hann er spurður út í hvað sé efst í hans huga. „Bretarnir komu



Að ofan: Eðvald Júlíusson á skrifstofunni í Hópsnesi fyrir mörgum árum síðan. Að neðan: Eðvald með barnabarni sínu, Otta Rafni Sigmarssyni, sem hefur staðið í ströngu með björgunarsveitinni Þorbirni í þeim umbrotum sem hafa átt sér stað í náttúrunni við Grindavík undanfarnin misseri.



með stór herskip sem keyrðu utan í togarana okkar og okkar landhelgisgæsluskip klipptu á togvírana hjá þeim. Við tókum okkur saman nokkrir útgerðarmennirnir frá Grindavík og fórum fylktu liði upp í Kanaheiði en þar var herstöð Bandaríkjamanna, rétt hjá Grindavík, og sturtuðum tveimur vörubílshlössum af mól á veginn hjá þeim. Við vorum að mótæla aðgerðarleysi bandarískra yfirvalda í þessari baráttu okkar gegn Bretum fyrir sjálfstæði okkar varðandi landhelgina. Ég fór á lög-reglustöðina okkar í Grindavík og hitti þar Finna löggú [Guðfinnur Jón Bergsson], hann var sleipur í ensku og vélritaði vel orðað bréf, hringdi upp á herstöð og sagði að von væri á mér með þetta bréf. Ameríkanarnir hafa oft verið þekktir fyrir að styðja við bakið á þeim þjóðum sem þeir dvelja hjá vegna síns stríðsreksturs og þetta vakti

athygli á heimsvísu. Ég og annar vorum kallaðir á fund Geirs Hallgrímssonar, forsætisráðherra og það eina sem hann bað okkur um; „passið ykkur á að láta þessar mótælaaðgerðir ekki fara úr böndunum strákar mínir.“ Eins hittum við bandaríska sendiherrann sem skammaði okkur fyrir að vera standa í þessu. Við krepptum hnefann á móti og hótuðum öllu illu, ekki löngu seinna leystist þessi deila sem við Íslendingar unnum, hver veit nema þessar mótælaaðgerðir okkar hafi skilað sínu.“

### Kylfingurinn Eddi

Miðað við hversu upptekinn Eddi hefur verið alla sína hunds- og kattartíð, er erfitt að ímynda sér hann að stunda áhugamál en hann gat komið þeim fyrir ásamt því að koma þremur börnum vel á legg en börn Edda og Elínar heitinnar eru Alexander, Kristín og Sigmar, Elín lést 30. september 2019. Aðabörninn eru tólf enn hvar lágu áhugamálin hér áður fyrr og hvar liggja þau í dag?

„Ég átti hesta á sínum tíma, hafði gaman af því að ríða út. Ég hef lengi haft áhuga á laxveiði, reyni að fara á hverju sumri en aðaláhugamálið undanfarnin ár hefur verið golfið. Ég tók nú þátt í gerð Húsatóftavallar á sínum tíma, við lánuðum vörubíla til efniskeyrslu. Ég keypti þá golfsett af Jóhanni Möller, sem er kannski einn af aðalhvátamönnum að stofnun Golfklúbbs Grindavíkur. Ég prófaði eitthvað en var á kafi í hestum svo ég fór ekki á fullt í golfið þá. Þegar ég hætti svo í hestamennsku tóku golfkylfurnar við og hef ég mjög gaman af þessari íþrótt. Ég reyni að fara í golfferðir erlendis á hverju ári, jafnvel að vori og hausti og yfir sumarið spila ég nánast daglega ef það er gott veður, ég nenni ekki að spila í rigningu og roki. Ég á góðan golfbíl og sé fyrir mér að stunda golfið þar til ég verð gamall maður,“ sagði hinn níraði Eðvarð Júlíusson að lokum.



Eðvard á Húsatóftavelli við Grindavík í haust.



Óskum Suðurnesjamönnum öllum gleðilegra jóla, árs og friðar með þökk fyrir árið sem er að líða



Morgunblaðið

SENDUM ÍBÚUM  
Í VOGUM BESTU  
ÓSKIR UM  
GLEÐILEG JÓL OG  
FARSÆLT NÝTT ÁR



VOGAR  
– vinalegur bær



# *Gleðilega hátíð!*



*Óskum starfsfólki okkar og landsmönnum öllum  
gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.*



**NÝ-FISKUR**



**NESFISKUR<sup>EHF</sup>**



**MELEYRI**



**MIÐNES**





Sendum viðskiptavinum okkar og Suðurnesjamönnum öllum bestu óskir um **gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári!**



Blíkksmiðja  
Ágústur Guðjónssonar ehf.

REKAN  
Stofnað 1971



Leikskólinn Völlur

Bókasafn Reykjanesbæjar  
The Public Library of Reykjanesbær

SÓLNING  
HÖLUBANDVAERUSTRÖÐ SUÐURNESJA EHF.  
TILJÁRBAUT 12 • 230 KEFLAVÍK • PÓSKVAÐI 1 • TEL. 1279 / 882-8882



STARFSMANNAFÉLAG  
SUÐURNESJA

ÍSLENSKIR  
ENDURSKOÐENDUR

Bílageirinn  
BÍLAPJÓNUSTA

VR

IAV



ÚTVEGSMANNAFÉLAG  
SUÐURNESJA  
VÖLUBRAUT 13 • 230 KEFLAVÍK • Sími 421 4780  
FARSÍM 985 4271 • KENNITALA 480374-0379

RÖRVIRKI SF.  
Öðrunavellur 11 • 230 Keflavík • Tel. 450955-1940 • VSK nr. 9109  
Borði: Íslandsbanki 0542-26-82

RISS  
VERKFRÆÐISTOFA

aalborgportland  
CEMENTIR HOLDING

**Þökkum ykkur viðskiptin á árinu sem er að líða!**



Katrín Sigurðardóttir, kennari í textíl í FS afhenti Agnari Guðmundssyni frá Krabbameinsfélagi Suðurnesja styrkinn, að viðstöddum nemendum hennar.

## Nemendur í textíl seldu bleikar herraslaufur til styrktar Krabbameinsfélagi Suðurnesja

Nemendur í textíl í Fjölbrautaskóla Suðurnesja nýttu eina viku í kennslustundum og saumuðu og seldu bleikar herraslaufur í tilefni af bleikum október. Ágóðinn af sölunni var 140.000 krónur og var ákveðið að styrkja Krabbameinsfélag Suðurnesja.

Agnar Guðmundsson frá Krabbameinsfélagi Suðurnesja kom og veitti styrknum viðtöku. Agnar ræddi við nemendur um starfsemi

Krabbameinsfélags Suðurnesja og hversu mikilvægt væri að fá styrki frá samfélaginu til þess að hjálpa þeim sem fá krabbamein. Þetta er sjöunda styrktarverkefnið hjá textíldéildinni en síðast var það Fjölsmiðjan sem naut góðs af.



Klemens og Katrín með starfsfólki á krabbameinsdeild Landsspítalans við afhendingu hlaupastyrksins.

## Hlaupastyrkurinn fór til krabbameinsdeildar Landsspítalans

Klemens Sæmundsson, sem fagnaði sextugsafmæli sínu á árinu með styrktar-afmælis-hlaupi á fjallið Þorbjörn í haust, afhenti nýlega með konu sinni,

Katrínu Sigurðardóttur, krabbameinsdeild Landsspítalans eina milljón króna.

Styrkurinn verður allur nýttur í þágu sjúklinga á deildinni og er

til minningar um mjög svo kæra vinkonu þeirra, Steinu Þóreyju Ragnarsdóttur. Meðfylgjandi mynd var tekin við afhendingu hlaupastyrksins.



Þróa þyrpingu húsa í Höfnum

## Frístundabyggð í landi Hvamms?

Sveinn Enok Jóhannsson hefur lagt fram fyrirspurn til skipulagsyfirdvalda í Reykjanesbæ um heimild til að vinna deiliskipulag fyrir um 4000 m<sup>2</sup> spildu undir frístundahús í landi Hvamms í jaðri byggðarinnar í Höfnum.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að unnin sé deiliskipulagstillaga í samráði við skipulagsfulltrúa með þeim fyrirvara að samþykki hlutaðeigandi landeigenda þarf að liggja fyrir og að breyta þurfi aðalskipulagi en spildan er á opnu svæði.

Víkingur Sigurðsson hefur með erindi frá 20. október 2023 óskað heimildar til að vinna tillögu að deiliskipulagi á landareign sinni Seljavogi 2a undir þyrpingu húsa af svipuðu yfirbragði og byggðin í Höfnum.

Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til að unnin sé deiliskipulagstillaga í samráði við skipulagsfulltrúa.



# Alltaf til í veski, skó, brúsa og bangsa



Júlía Ruth Thasaphong er grindvísk fótþakona sem spilar með Keflavík. Hún er í háskóla í Bandaríkjunum og leikur fótþakna með liði skólans, Oral Roberts University sem er í Tulsa í Oklahoma-fylki. Fótþakinn er þ.a.l. stór hluti áhugamála hennar en hún hefur líka gaman af því að vera með vinum sínum og ferðast.

**Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?**

Árið byrjaði á að aðlagast nýjum aðstæðum en ég missti pabba minn í sjóslysi í desember 2022. Ég fór aftur út til Tulsa í skólann um miðjan janúar og þar fór bara allt á fullt í fótþaknum og skólanum. Sumarið var fótþak og vinna en ég var að vinna sem flokkstjóri í bæjarvinnunni í Grindavík og spilaði fótþakna með Keflavík. Fór svo aftur til Tulsa í lok júlí og allt fór á fullt aftur þar.

**Ert þú mikið jólabarn?**

Já, ég er mikið jólabarn og ekki verra að eiga afmæli 25. desember.

**Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?**

Oftast sett upp í kringum 20. desember síðustu ár en annars var það alltaf sett upp á Þorláksmessukvöld þegar ég var yngri. Ef ég mætti ráða þá myndi ég setja það upp 1. desember.

**Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir – áttu einhverjar skemmtilegar jólaminningar?**

Ég fæddist 25. desember 2003 klukkan 13:05, það voru allir í stórfjölskyldunni í hangikjötsveislu hjá langömmu og langafa svo fæðingin var sem í beinni. Ætli Baby Born tvíburakerran sem ég fékk í jólagjöf þegar ég var um fjögurra ára standi ekki upp úr en ég átti tvíburadúkkur sem að voru í miklu uppáhaldi.

**En skemmtilegar jólahæfir?**

Mér finnst alltaf mjög skemmtilegt að baka með mömmu. Við höfum alltaf haft fjölskylduafmælisboð

seinni partinn á 25. desember með heitu súkkulaði og kökum, voða kósý. Svo horfum við fjölskyldan á jólamynd og njótum þess að vera saman. Laufbraudsgerð heima hjá ömmu og afa er alltaf skemmtilegt líka en það verður ekki í ár vegna aðstæðna.

**Hvenær klárar þú að kaupa jólagjafirnar?**

Mamma græjar það – hún er best.

**Hvað finnst þér vera ómissandi á jólinum?**

Jólaísinn og blómkalessúpan hjá ömmu.

**Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?**

Ég á mjög margar eftirminnilegar gjafir en tvær standa upp úr. Fékk ferð á Liverpool-leik, það var mjög gaman, og gítar sem mamma og pabbi gáfu mér.

**Er eitthvað á óskalistanum fyrir jólin í ár?**

Er ekki með neitt sérstakt í ár – en er alltaf til í veski, skó, brúsa og bangsa.

**Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? Eru hæfir í mat?**

Já, við erum alltaf með blómkalessúpu í forrétt, gæs í aðalrétt og heimatilbúinn ís í eftirrétt.

**Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?**

Njóta þessa að koma til Íslands og vera með fjölskyldunni og reyna að gera gott úr aðstæðum þar sem við þurftum að flýja Grindavík og verða því jólin á nýjum stað þetta árið. Ég fer svo aftur til Tulsa 14. janúar og kem svo heim í maí.

## Desember annasamur mánuður

Davíð Jónsson segir að hann sé að verða meira jólabarn með árunum og að ein eftirminnilegasta jólaminning sín sé þegar hann fékk símhringingu á Þorláksmessu og var beðinn um að aðstoða 360 flugfarþega sem voru stöpp á Keflavíkflugvelli með gistingu. Davíð og fjölskylda hafa ávallt nóg fyrir stafni og ætla á nokkra jólatónleika í desember.

**Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?**

Árið 2023 var mjög skemmtilegt hjá okkur fjölskyldunni en það sem helst stendur upp úr eru allar næturnar sem við sváfum í hjólhýsinu okkar. Við vorum í framkvæmdum heima fyrir og því var langþægilegast að sofa í hjólhýsinu og elta góða veðrið sem oftast má finna einhvers staðar á landinu.

**Ert þú mikið jólabarn?**

Ég er að verða meira jólabarn með árunum eftir að ég kynntist konunni minni en hún er mjög dugleg að útbúa jóladagatal með litlum pökkum fyrir krakkana. Reyndar er desember mjög svo annasamur mánuður hjá okkur en konan mín og dóttir eiga báðar afmæli 10. desember og eldri strákurinn minn á svo afmæli 16. desember, á afmælisdegi pabba míns. Byrja því venjulega ekki að hugsa um jólin fyrr en afmælistörmin er búin.

**Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?**

Til að byrja með settum við jólatréð alltaf upp á Þorláksmessu en núna er það oftast um tíu dögum fyrir aðfangadag.

**Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir – áttu einhverjar skemmtilegar jólaminningar?**

Fyrsta jólaminningin mín er þegar ég var um sex ára gamall að lesa upp jólaguðspjallið í Adventistakirkjunni. Ein skemmtilegasta jólaminningin mín var fyrir fjórum árum þegar við fjölskyldan vorum að leggja bílnum á Laugarveginn á Þorláksmessu á leiðinni á Nova-svellið. Við hjónin vorum þá tiltölulega nýbúin að stofna fyrirtækið okkar, Hotel Service KEF Airport, og þá var hringt í mig frá flugvöllinum og ég beðinn um að aðstoða 360 flugfarþega sem voru stöpp á Keflavíkflugvelli með gistingu. Til þess að redda öllum þessum fjölda þá þurftum við að láta opna nokkur hótél og veitingastaði sem ætluðu að vera með lokað um jólin. Þegar við vorum búin að koma síðustu

flugfarþegunum aftur upp á flugvöll var klukkan að nálgast fimm á aðfangadag og ég rétt náði að skreppa í stutta sturtu áður en ég dottaði lítillga í kirkjunni yfir jólaguðspjallinu sem ég kann þó orðið utanbókar.

**En skemmtilegar jólahæfir?**

Við fjölskyldan förum alltaf á Þorláksmessu og keyrum út jólakortin áður en við löbbum niður Laugarveginn eða Hafnargötuna til að upplifa alvöru jólastemningu.

**Hvenær klárar þú að kaupa jólagjafirnar?**

Það er aldrei fyrr en á Þorláksmessu eða aðfangadagsmorgun sem ég kaup þú síðustu jólagjöfina.

**Hvað finnst þér vera ómissandi á jólinum?**

Fara til tengdareldranna í hátíðarkvöldverðinn.

**Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?**

Konan mín gaf mér hreinræktaðan, íslenskan hvölp sem er án efa besta jólagjöf sem ég hef fengið.

**Er eitthvað á óskalistanum fyrir jólin í ár?**


Ég var að panta mér nýtt golfset til að eiga enn séns í strákana mína sem eru að verða nokkuð góðir í golfinu.

**Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? Eru hæfir í mat?**

Fyllt lambalæri er algjört möst með heimalöguðum ís og fromage í eftirrétt að hætti tengdareldranna.

**Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?**

Það er nokkuð stíf dagskrá hjá okkur en helst má nefna jólatónleika Siggú Beinteins í Hörpunni og Heima um jólin með Friðriki Ómari. Þá eru einnig jólatónleikar Tónlistaskóla Reykjanesbæjar þar sem Snorri Rafn, drengurinn minn, er að spila að ögleymsdu jólahlaðborði á Grand hóteli í Reykjavík.



”

Til þess að redda öllum þessum fjölda þá þurftum við að láta opna nokkur hótél og veitingastaði sem ætluðu að vera með lokað um jólin. Þegar við vorum búin að koma síðustu flugfarþegunum aftur upp á flugvöll var klukkan að nálgast fimm á aðfangadag og ég rétt náði að skreppa í stutta sturtu áður en ég dottaði lítillga í kirkjunni yfir jólaguðspjallinu sem ég kann þó orðið utanbókar.



■ Frásögn af orlagaríkum atburði í nýjstu Útkallsbókinni:

# Suðurnesjamenn börðust fyrir lífi sínu

■ Tveir lifðu af í tvær og hálf klukkustund í ísköldum sjónum

Þegar Bjarmi VE 66 sökk skyndilega vestur af Vestmannaeyjum árið 2002 hófst ótrúleg barátta upp á líf og dauða. Í nýjstu Útkallsbók Óttars Sveinssonar er í fyrsta skipti greint frá því sem raunverulega gerðist þegar ungir sjómenn af Suðurnesjum lifðu af í tvær og hálf klukkustund í miskunnarlausum úthafsöldunum á milli Eyja og fastalandsins.

Úti var sjö stiga frost og hvöss norðanált. Þeir voru fáklæddir, sumir einungis í gallabuxum og skyrturnum, einn berfættur og á

hlýraból. Aðeins höfuð og axlir stóðu upp úr sjónum. Mönnunum fannst baráttan vonlaus.



Verst var að enginn hafði vitneskju um að báturinn þeirra var sokkinn. Skipbrotsmennirnir áttu ekki von á að snúa aftur til ástvina sinna. „Bless elsku mamma. Mér þykir svo fyrir því að hafa ekki náð að gefa þér barnabörn,“ hugsaði Hilmar Þór Jónsson sem var 25 ára þegar slysið átti sér stað.

Halldór Nellet, skipherra á Tý, hafði heyrt ógreinilegt neyðarkall: „Þegar tíminn leið og ég var að hringja í bátana á svæðinu til að finna út úr þessu verð ég að viðurkenna að efasemdir læddust að mér. Enginn hafði heyrt neitt um mögulegt neyðarkall. Og tilkynningarskyldan hafði ítrekað sagt að allt væri í lagi – enginn bátur hefði horfið af skjánum hjá þeim.“

Útlitið var grafalvarlegt fyrir hina nauðstöddu sjómenn. Halldór var í raun þeirra eina von. Fyrir hans tilstilli og miklar krókaleiðir náðist að finna út hvaða bátur hafði sent neyðarkallið og hvaðan.

Bókin er helguð minningu bræðranna Snorra Haraldssonar og Matthíasar Hannessonar sem fórust í slysinu. Móðir þeirra, Anna H. Sveinbjörnsdóttir frá Sandgerði, var þarna að missa tvo syni



Forsíða nýjstu Útkallsbókarinnar þar sem Suðurnesjamenn koma mikið við sögu.

en hafði áður misst þriðja soninn, Jóhann S. Hannesson í öðru sjó-slysi og einnig fyrri eiginmann sinn í enn öðru sjó-slysi.

Í bókinni er rætt ítarlega við mennina tvo sem komust af,

Hilmar Þór og Þorstein Ingimarsson, en einnig aðstandendur allra fjögurra manna sem voru í áhöfn Bjarma VE 66.

# Njarðvíkingur skrifar um fjölmennasta morð tuttugustu aldarinnar

■ Bókin Morðin í Dillonshúsi fjallar um fjölskylduharmleik

Morðin í Dillonshúsi er þriðja bók Njarðvíkingsins Sigríðar Dúu Goldsworthy sem kom út nýlega. Hér er á ferðinni fjölskyldusaga og ævisaga ömmu hennar, Sigríðar Ögmundsdóttur, og Huldu Karenar Larsen, dóttur hennar.

Bókin hefst í desember 1918 þegar Sigríður er ung og án baklands í Reykjavík. Hún lendir þar í ýmsum hrakningum en kynnist svo dönskum manni, Kai Larsen, og eignast Huldu Karen með honum. Kai svíkur Sigríði, svo þær mæðgur eru tvær einar og lífsbaráttan er hörð.

Það gengur á ýmsu þessi ár Sigríðar í Reykjavík en svo fer það


þannig að hún kynnist Karli Dúasyni, manni úr Fljótunum og flytur með honum norður á Siglufjörð. Þar byggja þau húsið Hvanneyrarhlíð og þeim fæðast fleiri börn. Þekktast þeirra mun vera Grímur Karlsson skipstjóri og bátslíkana-smiður.

Árið 1950 flytur fjölskyldan til Njarðvíkur.

Hulda Karen, dóttir Sigríðar, giftist Sigurði Magnússyni, lyfjafræðingi, árið 1944 og flutti með honum til Reykjavíkur. Lífið virtist blasa við Huldu, gift vel menntuðum og stórættuðum manni. Þau hjónin eignuðust þrjú börn Magnús, Sigríði Dúu og Ingibjörgu Stefaníu. En árið 1950 fer að bera á heilsubresti hjá Sigurði. Hann átti við geðræn vandkvæði að stríða, en slíku fylgdi að hans mati mikil skömm. Á þessum tíma var lítið um hjálp fyrir þá sem veiktust andlega. Sú meðferð sem í boði var reyndist oft gróf (rafstuð eða hvítskurður/lobotomy) og skilaði litlum eða slæmum árangri. Að líkindum spilaði viðhorf Sigríðar til sjúkdómsins, skoðun hans á því að fjölskylda væri eign eiginmannsins og það hverra manna hann var saman þegar hann tók skelfilega ákvörðun. 26. febrúar 1953 framdi Sigurður fjölmennasta morð tuttugustu aldarinnar á Íslandi, þegar að hann myrti Huldu konu sína og börnin þeirra þrjú með eitri áður en hann tók eigið líf með sama hætti.

Þessi harmleikur litaði líf allra sem eftir lifðu, og þar endar bókin.

„Þegar ég var rétt um tvítugt, báðu Sigríður amma mín og Ásdís dóttir hennar (sem bjó hjá fjölskyldunni í Dillonshúsi þegar voðaverkið var framið) mig um að segja sögu fjölskyldunnar. Þær létu mig hafa gögn og ég skrifaði niður frásagnir þeirra. Einnig sagði Sigríður mér frá sínu lífi og



Bókarkápa Morðin í Dillonshúsi

lét mig hafa gögn þar um. Ég fór því að taka viðtöl við fleiri sem tengdust málinu og lagðist í mjög mikla heimildarvinnu. Það er því fyrir beiðni Sigríðar og Ásdísar sem þessi bók hefur orðið til, núna 40 árum eftir að ég var fyrst beiðin um það og 70 árum eftir morðin hræðilegu,“ segir Sigríður Dúu.



Sigríður Dúu Goldsworthy, höfundur bókarinnar.



FJÖLSKYLDA SIGRÍÐAR

Standandi frá vinstri: Æsa, Hulda Karen. Neðri röð frá vinstri: Grímur í fanginu á Karli, föður sínum, Ásdís, Áslaug, og Sigríður situr með Dúu.



FJÖLSKYLDAN Í DILLONSHÚSI

Frá vinstri: Hulda Karen, Magnús, Sigríður Dúu, Ingibjörg Stefanía og Sigurður.



## Þessari góðmennsku mun ég aldrei gleyma

Þorgerður Guðmundsdóttir úr Grindavík er forfallinn golfari sem vinnur í launadeild Origo. Hún er gift Sigurði Jónssyni og eiga þau börnin Birtu Rós og Elvar Geir. Þorgerður er í stjórn golfklúbbs Grindavíkur og er alltaf með eitthvað á þrjónunum enda er hún mikil þrjónakona.

**Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?**

Árið 2023 byrjaði bara nokkuð vel og við hjónin fórum í golfferð til Spánar um páskana sem var mjög skemmtileg. Mér tókst í fyrsta skiptið að spila átján holur á undir 100 höggum og það í meistaramótinu en sennilega munum við nú helst minnst þessa árs sem ársins sem við urðum flóttamenn þegar Grindavík var rýmd 10. nóvember síðastliðinn – og það er þá helst góðvild ókunnugra Íslendinga sem hafa verið boðnir og búnir að aðstoða okkur. Þessari góðmennsku mun ég aldrei gleyma og seint geta fullþakkað.

**Ert þú mikið jólabarn?**

Ég er alls ekkert jólabarn en finnst samt notalegt að eiga góðar stundir á aðventunni í góðra vina hópi.

**Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?**

Lengi vel skreyttum við jólatréð alltaf á þorláksmessu en síðustu árin höfum við verið að setja það upp u.þ.b. tveimur vikum fyrir jól.

**Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir – áttu einhverjar skemmtilegar jólaminningar?**

Ég hugsa að fyrstu jólin sem ég man eftir hafi verið þegar ég var u.þ.b. fjögurra ára. Fór á jólaball í Festi og var skíthædd við jólasveinana. Svo hrædd að ég skreið undir borð og jólasveinninn á eftir mér undir borðið. Ég man ennþá öskrin og skelfinguna sem greip mig. Ég var alltaf hrifnari af jólakettinum og hafði miklar áhyggjur fyrstu jólin hennar Elvu systur að hún færi að gráta um jólanóttina og jólakötturinn kæmi og æti hana – en það slapp nú blessunarlega.

**En skemmtilegar jólahæfðir?**

Skemmtilegsta jólahæfðin er þorláksmessuboðið hjá tengdafjölskyldunni þar sem við hittumst í jólaþeysum, borðum hangikjöt og svo hefur síðustu ár verið mjög skemmtilegt og metnaðarfullt kviss sem einn frændinn stýrir.



**Hvenær klárar þú að kaupa jólagjafirnar?**

Ég reyni yfirleitt að vera snemma í jólagjafakaupum og vil helst vera búin að kaupa allar gjafir áður en aðventan hefst – en það tekst þó ekki alltaf.

**Hvað finnst þér vera ómissandi á jólinum?**

Desertinn er algjörlega ómissandi. Þetta er frómaseftirréttur með kokteilávxotum sem í föðurfjölskyldunni er aldrei kallaður annað er Desert.

**Hver er eftirminnlegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?**

Ætli eftirminnlegasta jólagjöfin hafi ekki verið dúkkan Bella sem ég fékk þriggja eða fjögurra ára og þótti mikið vænt um.

**Er eitthvað á óskalistaðnum fyrir jólin í ár?**

Einasta óskinn sem ég á fyrir þessi jól er að geta haldið þau heima í húsinu mínu á Selsvöllum.

**Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? Eru hefðir í mat?**

Það verður hamborgarhryggur hjá okkur eins og undanfarin ár og svo er ég með heimalagaðan ís í eftirrétt og Siggi gerir gómsæta karamellusósu – og svo auðvitað Desertinn fyrir mig.

**Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?**

Við hjónin verðum með börnunum okkar á aðfangadag og svo ætlum við að skella okkur í golfferð til Spánar 26. desember og dvelja þar í ellefu nætur og spila golf og njóta.



Horfa á góðar myndir, spila og hlæja

**Ingibergur Þór Jónasson, formaður körfuknattleiksdeildar Grindavíkur, er mikið jólabarn og hefur tekist að smita því yfir í konuna og börnin. Hann segir jólin vera tíma fjölskyldunnar og ætlar að reyna að slaka á og njóta í faðmi hennar.**

**Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?**

Árið var nú bara þokkalegt fram að því að pabbi veiktist mjög snögglega og kvaddi svo þessa jarðvist. Það sem stendur svo upp úr er fríð sem við fórum í í kjölfarið til Krítar í tvær vikur, annars stendur karfan alltaf fyrir sínu og stendur sjálfsagt upp úr.

**Ert þú mikið jólabarn?**

Já, ég verð að segja það og mér hefur tekist að smita því yfir í konuna og börnin.

**Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?**

Það er misjafnt en fer sennilega upp í kringum 10. desember þetta árið, eiginlega því fyrr því betra.

**Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir – áttu einhverjar skemmtilegar jólaminningar?**

Ég á nokkrar myndir og skemmtilegar en sú eftirminnlegasta var þegar við fengum skíði í jólagjöf, spennan var svo mikil að fá að prófa að okkur Siggú systir tókst held ég að skemma þau sama kvöld þegar við ákváðum að fara á skíðunum heim til ömmu og afa í jólaboðið. Það var sem sagt ekki mikilill snjór, eiginlega enginn, nema á gangstéttunum – en ég man ekki hvaða ár þetta var. Ég man alla vega að ég var ennþá rauðhærður þegar þetta var en er auðvitað kastaníubrúnhærður í dag.

**En skemmtilegar jólahæfðir?**

Hæfðin er að hitta systkinin og spila saman, þetta er nú tími fjölskyldunnar. Annars hefur okkur alltaf langað að prófa að vera á náttfötunum ein jólin, hver veit nema maður brjóti hæfðina og verði ekki í jakkafötunum.

**Hvenær klárar þú að kaupa jólagjafirnar?**

Ég er vanalega svo ýktur þegar kemur að því að gefa, ætli ég verði ekki að versla síðustu aukagjöfina á þorláksmessu.

**Hvað finnst þér vera ómissandi á jólinum?**

Þetta er góð spurning, er að reyna að svara henni í þriðja skiptið. Verð ég ekki bara að segja jólatónlistin, annars eru engin jól.

**Hver er eftirminnlegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?**

Langar að segja skíðin úr spurningu fjögur en hálsmenið sem krakkarnir og konan gáfu mér með þeirra rithönd á er sú allra fallegasta gjöf sem ég hef fengið, það féllu nokkur tár í það skiptið

**Er eitthvað á óskalistaðnum fyrir jólin í ár?**

Ég er tækjakall eins og flestir vita – en mig langar í fallett úr. Ég er meira að segja búinn að finna það en í ár er eftir á lista að reyna að hafa þessi jól eins heimilisleg og hægt er þar sem maður býr nú á nýjum stað fjarri sinni heimabyggð og kannski soldið erfitt fyrir börnin.

**Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? Eru hefðir í mat?**

Það eru hefðir en aðrar en ég ólst upp við. Við munum hafa hamborgarhrygg eins og undanfarin tuttugu ár sirka.

**Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?**

Ef ég fengi að ráða þá færi ég upp á hálendi. Hver veit nema ég geri það en annars ætla ég að reyna að slaka á og njóta í faðmi fjölskyldunnar. Horfa á góðar myndir, spila og hlæja.

Sendum félagsmönnum,  
fjölskyldum þeirra og  
landsmönnum öllum  
hugheilar jóla-  
og nýárskveðjur.







Tómas Ingi Oddsson, Ásta Björk Eiríksdóttir, Eiríkur Hermannsson, Jökull Kári Oddsson, Inga Lilja Eiríksdóttir, Þorbjörg Eiríka Björgvinsdóttir, Oddný G. Harðardóttir, Oddþór Guðni Bergmann Björgvinsson.

## Þegar kirkjuklukurnar hringja á Rás 1 á aðfangadag eru jólin komin

Oddný Guðbjörg Harðardóttir, alþingismaður, segir árið sem er að líða hafa verið bæði annasamt og viðburðaríkt. Hjá henni er enginn tími til að baka fyrir jólin en hún ætlar með eiginmanninum á tónleika með Valdimar á adventunni.

### Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?

Þetta hefur verið mjög annasamt og viðburðaríkt ár hjá mér í mínu starfi á Alþingi og í Norðurlandaráði. Pólitíkin hefur verið ruglingslegri en í meðalári. Eina stundina hangir ríkisstjórnarsamstarfið á bláþræði en hina stundina eru heitin endurnýjuð á milli samstarfsflokkanna. Ég var búin að spá stjórnarslitum á adventunni en held að hamfarirnar í Grindavík hafi frestað slitunum eitthvað. Þegar við hugsum til baka til ársins 2023 þá eru það hamfarirnar í Grindavík sem koma fyrst upp í hugann og þeir erfiðu tíma sem Grindvíkingar eru að lifa nú um stundir.

Í mínu persónulega lífi stóð júlímánuður upp úr með ferðalögum um hið fagra Suðurkjördæmi og blíðu upp á hvern dag.

Ég hefði gjarnan viljað hafa haft meiri tíma með fjölskyldunni, sérstaklega barnabörnunum á árinu en er þakklát fyrir þær gæðastundir sem gáfust.

### Ert þú mikið jólabarn?

Ég er mikið jólabarn og hlakka alltaf til jólnanna. Desember fram

að jólafríi er mjög annasamur tími í þinginu og fundað fram á kvöld flesta daga. Því hef ég verið í kappi við tímann að koma skrautinu upp heima í Björkinni en þegar hátíðin gengur í garð er samt alltaf allt tilbúið þó á síðustu stundu sé.

### Hvernig hagar þú jólagjafainnkaupum?

Á hlaupum. Þó ég heiti því ár eftir ár að vera tímanlega næst þá endar þetta alltaf svona. En ég er yfirleitt búin að ákveða hvað ég ætla að kaupa þegar ég hleyp af stað. Pakkarnir komast í hús rétt fyrir jól. Við kaupum alltaf bækur handa öllum í fjölskyldunni. Það eru fastir liðir.

### Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?

Ekki fyrr en rétt fyrir jól, oftast á Þorláksmessu. Ég tek eitthvað af barnabörnunum með að kaupa tré og fæ svo aðstoð hjá þeim við skreytingarnar.

### Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir – áttu einhverjar skemmtilegar jólaminningar?

Við áttum heima á Lóransstöðinni á Gufuskálum þegar ég

var tveggja til átta ára. Mamma var von að fara í messu á Út-skálum kl. sex á aðfangadag en það var of langt í kirkjuna fyrir vestan. Þess vegna varð það hefð sem við höldum enn í dag, að lesa jólaguðspjallið og syngja Heims um ból saman áður en pakkarnir eru opnaðir á aðfangadagskvöld. Eftir að við fluttum aftur í Garðinn fórum við alltaf til ömmu Tómasínu og afa Sumarliða á Meiðastöðum eftir jólamatin og hlustuðum á biskupinn. Í minningunni voru þetta heilagar



## Gleðilega hátíð!

# Gleðileg jól og farsælt komandi ár

 **Airport Associates**  
-at your service!

[www.airportassociates.com](http://www.airportassociates.com)





Óddur Jónasson, Tómas Ingi Oddsson, Ásta Björk Eiríksdóttir, Eiríkur Hermannsson, Oddþór Guðni Bergmann Björgvinsson, Jökull Kári Oddsson, Oddný G. Harðardóttir, Þorbjörg Eiríka Björgvinsdóttir, Inga Lilja Eiríksdóttir og Björgvin Ívar Baldursson.

stundir. Við höldum þessum heimsóknum áfram á aðfangadagskvöld á meðan amma á Meidastöðum lifði. Hún dó 1989 þannig að stelpurnar okkar fengu að kynna henni og þessari jólahöfð.

#### Skreytir þú heimilið mikið?

Svolítið. Er mjög íhaldssöm á skraut. Til dæmis fer skrautið sem stelpurnar okkar gerðu á Gefnarborg alltaf upp þó liðin séu rúm þrjátíu ár frá því að það var fönndað.

Bakarðu fyrir jólin og ef hvað þá helst? Áttu þér uppáhaldssmáköku?

Nei það er enginn tími til þess að baka. Ég bakaði eitthvað þegar stelpurnar voru litlar en satt að segja er ég ekki flink við eldhússtörfin, hvorki við bakstur eða eldamennsku.

#### Eru fastar jólahöfðir hjá þér?

Þegar kirkjuklukkurnar hringja á Rás1 á aðfangadag kl. 18 eru jólin komin. Við kveikjum alltaf á friðarkerti við útidyrnar og svo borðum við jólamatinn hans Eiríks. Eftir matinn er jólaguðspjallið lesið og við syngjum Heims um ból við undirleik minn. Við látum alltaf ljós loga í húsinu á jólanótt. Mamma og pabbi gerðu þetta og sögðu að í gamla daga hefi fólk látið loga ljós til að vísa sjómönnum veginn heim. Við höldum þessa hefð.

#### Hvernig er aðventan - höfðir þar?

Undanfarin ár höfum við Eiríkur farið á jólatónleika á aðventunni. Í ár förum við á tónleika Valdimars í Hörpunni.

#### Hvað finnst þér vera ómissandi á jólinum?

Allar jólahöfðirnar. Sami maturinn, sama skrautið, sama jólaguðspjallið auðvitað og jólasálmarnir. Krakarnir okkar eru algjörlega ómissandi. Þegar þau hafa verið erlendis á jólinum hafa jólin ekki verið alveg eins og þau eiga að vera. Síðast ákváðum við að fara með þeim til útlanda til að geta verið með þeim yfir hátíðarnar. En annars finnst okkur allra best að vera heima í Björkinni á jólinum.

#### Er eitthvað á óskalistanum fyrir jólin í ár?

Góð bók er besta gjöfin. Yrði fyrir vonbrigðum ef ég fengi ekki í það minnsta eina bók. Míg langar að lesa bókina Eimreiðarelitan Spillingarsaga og líka nýjustu bókina hans Ólafs Jóhanns Ólafs-



Eiríkur í eldhúsinu, eitthvað að fást við mat.

sonar. Við keyptum okkur ljóðabækurnar hans Gyrðis Eliassonar á dögunum svo þær verða lesnar um jólin.

#### Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? Eru höfðir í mat?

Eiríkur eldar alltaf svinakótelettur í raspi með sveppasósu og brúnuðum kartöflum, rósakáli og öllu tilheyrandi. Við höfum stundum orðað það að breyta til en stelpurnar taka það ekki í mál.

#### Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?

Ég ætla að spila borðspil við krakkana okkar og við góða vini. Það er reyndar ein af jólahöfðunum að spila einn daginn milli jóla og nýárs fram á nótt. Borða nammi, lesa og njóta þess að vera til.

Það verður myndarleg sjónvarpsdagskrá frá Víkurfréttum á vf.is um jól og áramót.

**vf.is**

**Gleðileg jól  
og farsceft komandi ár**

**SouthAir**  
-at your service!  
www.southair.is



## HEILL ÆVINTÝRAHEIMUR UNDIR ÍSLANDI



Björgvin býr og starfar í Danmörku en ferill hans sem listamaður spannar þrjátíu ár.

Sandgerðingurinn Björgvin Guðjónsson hefur gefið út sögur um hrauntröll og aðrar kynjaverur sem segja frá hrauntröllinu Neista og ævintýrum hans en sögurnar samdi Björgvin sjálfur auk þess að myndskreyta.

Um er að ræða þrjár rafrænar bækur og hljóðbækur; Eldkristallinn, Neisti á köldum klaka og Kvika í mannheimum. Hér fá lesendur að kynna ævintýraveröld undir Íslandi þar sem hrauntröll, álfar, íströll og aðrar kynjaverur búa. Sögurnar flétta saman ís-

lenskum þjóðsagnaheimi og fallegum ævintýrum sem leggja áherslu á góðmennsku, vináttu og náttúruvegur.

Björgvin býr og starfar í Danmörku en ferill hans sem listamaður spannar þrjátíu ár og hefur hann verið afkastamikill í hönnun

og myndskreytingum fyrir auglýsingar og fleira. Björgvin segist hafa verið skúffuskáld í langan tíma og dundað sér við að safna persónulýsingum og litlum sögum sem nú fléttast saman í bækurnar um hrauntröllin.



*Gledileg jól og farsælt komandi ár*

*Þökkum viðskiptin á árinu sem eru að líða*

• Fitjabraut 30 • 260 Reykjanesbær • Sími: 420-0040 • GSM: 698-5693 •  
Bílasprautun • Réttingar • Sprautulökkun • Plastviðgerðir • Mössun • Bílrúðuskipti

**Bilnet**

BÍLASPRAUTUN & RÉTTINGAR



ÓSKUM SUÐURNESJAMÖNNUM  
GLEÐILEGRA JÓLA OG  
FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI

**KPMG**

**Gleðilega hátíð!**



**TOYOTA**  
REYKJANESBÆ

**GLEÐILEGT NÝTT BÍLAÁR!**

ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á  
ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA.

**Áramótablað**

**Víkurfrétta**

kemur út 28. desember.  
Skilafrestur auglýsinga er  
27. desember.

**VÍKUR** fréttir

Öll tölublað Víkurfrétta  
frá 1980 og til dagsins í dag  
eru aðgengileg á

**timarit.is**



## Tilnefningar til íþróttamanns ársins og til hvatningaverðlauna óskast

Sveitarfélagið Vogar óskar eftir tilnefningum á íþróttamanni ársins og til hvatningaverðlauna fyrir árið 2023.

Íþróttamaður ársins verður að vera búsettur í Vogum eða keppa fyrir hönd íþróttafélags í sveitarfélaginu. Tilnefndir íþróttamenn skulu vera orðnir 16 ára eða eldri. Heimilt er að nefna ungling 14-16 ára sem keppir í flokki fullorðinna og hefur náð það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttgrein.

Hvatningaverðlaun hlýtur einstaklingur eða einstaklingar sem eru framúrskarandi í ástundun, áhugasemi, hegðun innan vallar sem utan og er góður félagi og fyrirmynd annarra barna og unglunga. Öllum íþróttafélögum og einstaklingum í Vogum er heimilt að tilnefna til hvatningaverðlauna.

Allar tilnefningar skulu vera rökstuddar. Íþróttamaður ársins í Vogum hlýtur við útnefningu, farandbikar til eins árs og bikar til eignar.

Tilnefningar ásamt rökstuðningi sendast á [gudmundurs@vogar.is](mailto:gudmundurs@vogar.is) eða í lokuðu umslagi á bæjarskrifstofu, stílað á íþrótt- og tómstundafulltrúa, fyrir 20. desember.

## Kaupa rafstöð og tengibúnað í Vogu

Viðbragðsáætlanir Sveitarfélagsins Vogu hafa verið yfirfarnar í tengslum við jarðhræringar á Reykjanesi. Lagt var til á síðasta fundi bæjarráðs í Vogum að fjárfest verði í varafstöð og tengibúnaði. Kostnaðarmat nemur um sex milljónum króna. Lagt er til að aukinni fjárfestingu verði mætt með lækkun á handbæru fé.



## eTwinning gæðamerkið í Vogana

Verkefnið "Europeans by the Sea" hlaut eTwinning National Quality Label gæðamerkið en Stóru-Vogaskóli vann verkefnið í samstarfi við skóla í Pornic í Frakklandi og Battipaglia á Ítalíu.

Gæðamerkið var afhent á Verðlaunahátíð á vegum Rannís þriðjudaginn 14. nóvember 2023. Á

verðlaunahátíðinni voru afhent auk eTwinning gæðamerkja, Evrópumerkið fyrir tungumálanám og kennslu og Evrópuverðlaun fyrir nýsköpun í kennslu.

Það er mikill heiður fyrir Stóru-Vogaskóla að fá gæðamerkið sem hvetur til áframhaldandi samstarfs á vegum Erasmus+, segir á vef Sveitarfélagsins Voga.

## Þjónusta Strætó við Vogamenn hefur versnað til mikilla muna

Málefni almenningsgangna og samnings Sveitarfélagsins Voga við Vegagerðarinnar um framkvæmd akstursleiðar 87 sem á að tryggja tengingu sveitarfélagsins við akstursleið 55 var til umfjöllunar á síðasta fundi bæjarráðs í Vogum. Samningurinn var gerður í árslok 2021 og gildir til ársloka 2023.

Í afgreiðslu bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga segir: Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga kallar eftir því að almenningsgöngur í Vogum verði bættar til muna og íbúar í sveitarfélaginu fái notið að lágmarki sambærilegrar þjónustu og íbúar annarra sveitarfélaga á Suðurnesjum, m.a. hvað snertir tíðni og tímasetningu ferða sem tengjast akstursleið 55. Eins og staðan er í dag njóta íbúar í sveitarfélaginu til að mynda engrar þjónustu á kvöldin og um helgar

og því óraunhæft að ætla að þeir geti treyst á almenningsgöngur í sínu daglega lífi, hvort sem er til að sækja vinnu, nám eða í öðrum tilgangi. Þá kallar bæjarráð eftir því að Vegagerðin láti gera úttekt á framkvæmd og áreiðanleika þjónustu leiðar 55 sem á síðustu mánuðum og misserum hefur versnað til mikilla muna með tilheyrandi óþægindum fyrir íbúa svæðisins.

Felur bæjarráð bæjarstjóra að hefja viðræður við Vegagerðina um að framkvæmd leiðar 87 verði boðin út og leiðarkerfi og tímaáætlun verði samræmd við fyrirkomulag annarra akstursleiða á Suðurnesjum með það að markmiði að efla þjónustuna og tryggja að íbúar í Vogum geti nýtt sér almenningsgöngur sem áreiðanlegan samgöngumáta í sínu daglega lífi.



Sendum viðskiptavinum okkar og Suðurnesjamönnum öllum bestu óskir um

**gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári!**



**Þökkum ykkur viðskiptin á árinu sem er að líða!**

Sendum Suðurnesjamönnum okkar bestu óskir um **gleðileg jól** og farsælt komandi ár með þökk fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

**BERGRAF EHF**







Óperusöngvarinn Jóhann Smári Sævarsson hefur sungið með stærstu hljómsveitum í heimi, í stærstu tónlistarhúsinum en kom svo heim til Keflavíkur til að kenna söng og stýra karlakórum.

# Það var alltaf sussað á mig

Jóhann Smári Sævarsson er einn af sonum Keflavíkur sem hin síðari ár hefur látið mikið að sér kveða í menningarlífi Suðurnesja og ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur þegar kemur að því að setja upp menningarviðburði á hinu klassíska sviði.



Páll Ketilsson  
pket@vf.is



Hilmar Bragi Bárðarson  
hilmar@vf.is

Jóhann Smári hóf söngnám við Tónlistarskólann í Keflavík hjá Árna Sighvatssyni og við Nýja tónlistarskólann hjá Sigurði Demetz. Hann stundaði framhaldsnám við sameiginlega óperudeild Royal College of Music og Royal Academy of Music í London.

Að námi loknu réði Jóhann Smári sig sem einsöngvari við Kölneróperuna og var þar í þrjú ár. Jóhann var einnig fjögur ár á föstum samningi við óperuna í Regensburg, hann söng sem gestasöngvari við fjölda óperuhúsa í Evrópu og hefur starfað með ýmsum frægum hljómsveitastjórum. Þá hefur hann sungið óperuhlutverk í áttatíu og fimm óperuuppfærslum á ferlinum. Nú kennir hann söng, setur upp verk og stýrir karlakórum á Suðurnesjum.

## Byrjaði að syngja níttján ára

Jóhann Smári settist niður með Víkurfréttum í myndveri fyrr á árinu. Hann var gestur okkar í sjónvarpsþáttaseríunni Suður með sjó og viðtalið verður aðgengilegt á vf.is fyrir jólin.

## Hvenær manstu fyrst eftir þér að fikta í tónlist eða söng?

„Söngurinn byrjaði ekkert fyrr en ég var níttján ára. Ég var búin að reyna að syngja bakraddir í hljómsveit en það var alltaf sussað á mig því ég var svo djúpraddaður. Ég söng reyndar fyrir barnakórinn hjá Hreini Línal og hann sagði mér að halda bara áfram í fótboltanum af því ég var svo djúpraddaður.

Svo fer ég í Karlakór Keflavíkur og finn ég að þarna gengur þetta upp í klassíska söngnum. Siguróli Geirs hvatti mig til að fara að læra, sem og pabbi og mamma. Þetta lá náttúrulega vel við að enda í tónlist með þessa fjölskyldu. Mamma að spila undir hjá öllum einsöngvurum og pabbi að leika og syngja einsöng með karlakórnum. Svo þegar ég byrjaði að prófa þetta þá fann ég að þetta lá mér mjög vel og eftir að ég kynntist Demma [Sigurði Demetz], kennaranum mínum í Reykjavík, fann ég strax að þetta var bara ævintýraheimur. Ég var búinn að vera í leiklist, dansi og rokkhljómsveit. Alltaf að reyna að búa til eitthvað nýtt og allt í einu er þarna heimur sem er með allt sem mér finnst skemmtilegt í listum.“

## Að leika og syngja er það sem heillar

## Þannig að í bítlabænum Keflavík fyrst þú aðra leið heldur en flestir.

„Já. Við erum reyndar nokkrir þarna af þessari kynslóð eins og Davíð Ólafsson og Bjarni Thor.

Við bara fundum okkur og erum með þannig raddir allir þrír að þetta er ekki beint popp. Ég reyndi það á sínum tíma með Ofri, söng þar um tíma en það var ekki mitt, en óperuheimurinn er líka fyrir karaktera eins og mig, Bjarna og Davíð. Þetta að leika og syngja er það sem heillar.

## Gekktu venjulega skólagöngu í tónlistarskólunum fyrst, eða hvernig gerðist þetta?

„Ég byrjaði í Tónlistarskóla Keflavíkur hjá Árna Sighvatssyni og svo söng ég fyrsta einsönginn minn með Karlakór Keflavíkur og Sigurði Demetz, sem kenndi Kristjáni Jóhannssyni, Gunnari Guðbjörnssyni og öllum þessum. Hann var þarna og hann kenndi líka pabba og hann sagði: Þú ert með rödd til að fara í óperuna. Ég ætlaði bara geta sungið með karlakórnum. Svo flyt ég í bæinn og hann eiginlega bara tók mig að sér. Hann lét mig fá þrjú söngtíma í viku í staðinn fyrir einn. Ég átti bíl og ég keyrði hann alltaf heim á eftir. Við komum við í kaupfélaginu og á pulsuvagninum. Hann sagði mér að segja ekki frá því að þeir



hafi fengið sér pylsu og svo fórum við heim til hans og hann eldaði pasta. Og settust svo inn í stofu og þá spilaði hann gömlu meistarana og var að segja mér hvernig þessi óperuheimur virkar. Ég sá þetta alveg í hyllingum.“

## Sást sæng þína útbreidda á þessu sviði?

„Fyrsta óperusýningin sem ég sá sat ég og hugsaði, af hverju er ég herna, og svo bara byrjaði sýningin og hún leið eins og augnablik. Ég var algjörlega heillaður frá fyrsta skiptinu.“

## Okkur vantar svona rödd

## Hvað varstu mörg ár í námi?

„Hérna heima var ég tvö ár í Keflavík og svo fjögur hjá Demma. Við ætluðum alltaf að ég færi svo til Ítalíu í framhaldsnám en í millitíðinni fékk í hlutverki Borgarleikhúsinu, fyrsta hlutverkið mitt, í La Bohème. Þar var frægur píanisti sem kenndi við Royal College of Music í London sem sagði: Heyrðu, þú verður að koma til okkar því okkur vantar svona rödd og ég fékk pláss þar með fullum styrkjum þannig að ég var í þrjú ár þar með rosalega flotta kennara, heimsfrægan óperusöngvara, Norman Bailey, sem kenndi mér þarna lengst. Ég söng fullt af hlutverkum og fékk mörg verkefni fyrir utan skólann. Þetta var mjög spennandi tími í Royal Albert Hall.

Sex þúsund og sexhundrað sæta konserthöll. Ég var að syngja við Glyndbourn, sem er eitt það virtasta, söng þar Figaró í Brúðkaupi Figarós og London Philharmonic að spila undir. Árin í London voru rosalega flott. Þar tók ég þátt í keppni og komst í úrslitin og út frá því fékk ég samning við Kölneróperuna sem var fyrsti fastráðni samningurinn minn.“

## Hvað ertu gamall þarna?

„Ég er tuttugu og átta. Ég byrja um haustið og varð tuttugu og níu í október og þetta var risaskref. Manni finnst maður náttúrulega ógeðslega góður hérna heima og svo kemur maður á sviðið í Kölneróperunni og á fyrstu æfingunni á sviðinu heyrði ég ekki einu sinni hvort ég væri að syngja. Það var svo miklu stærra hljóðið í hinum. Reyndar sagði konan mín fyrirverandi að hún hafi alveg heyrt í mér en mér bara brá svo. Maður lærir söng í lítilli stofu en þú lærir fyrst að syngja óperusöng þegar út kemur á þessu sviði. Þá skilur þú hvað þetta er stórt og af hverju þú þarft að syngja svona sterkt.“

## Þú ert bassi, er hann sjaldgæfari en hinar raddirnar?

„Algengasta röddin er barítón, sem ég reyndar syng líka. Það er sjaldnar að maður fær alvöru tenór eða alvöru bassa. Ég hef í gegnum ferilinn verið að fikra mig alltaf aðeins hærra. Það er þarna fag sem heitir Heldenbaritone. Þar eru Hollendingurinn fljúgandi og svoleiðis og þetta eru meiri svona aðalhlutverk og það heillaði.“

## Gat ekki sagt nei

## Hvað tekur svo við? Fleiri gestahlutverk úti í heimi?

„Ég söng þrettán hlutverk í Kölneróperunni og svo var mér boðinn samningur áfram en ég ákvað að fara heim þá. Það er ýmislegt í gangi, pólitík og anað, sem er skuggahlið í þessum heimi og





mér leið ekki vel og við ákváðum að fara heim. Þá fór ég á Akureyri og var deildarstjóri við söng- og óperudeildina þar í tvö ár. Svo komum við hingað til Keflavíkur og þá gerðum við ævintýrið í dráttarbrautinni árið 2001. Svo var mér boðinn samningur aftur úti og það voru hlutverk sem ég gat ekki sagt nei við. Baron Ochs! í Rósariddaranum, sem er eitt það stærsta sem til er. Það eru hátt í þrjú hundruð blaðsíður sem hann syngur einn. Svo Fiðlarinn á þakinu og margt fleira. Ég var þarna fjögur ár og var í þannig stöðu að óperustjórinn spurði hvað ég vildi syngja á næsta ári. Það var æðislegt að geta valið hvað var sett næst á svið. Ég söng örugglega tuttugu og tvö, þrjú hlutverk þar og eiginlega allt aðalhlutverk.“

**Þarna ertu orðinn flottur atvinnumaður í greininni. Hvernig var venjulegur dagur hjá þér?**

„Ég er rosalega þakklátur fyrir árin í Köln, því þar var ég meira peð og miðlungsmaður og gat horft á hina hvernig þeir vinna og hvernig þeir hituðu upp, lærðu teygjuæfingar og allt saman. Röddin óx og ég var með flottan kennara þar líka. Þegar ég kem í Regensburg, sem er hitt húsið sem ég var fastráðinn við, þá er það bara fabrikk. Þeir hluttu þrettán óperur á ári og ég söng kannski sjö á einu ári og allt aðalhlutverk.“

Þú ert að æfa kannski eina óperu um morguninn frá tíu til eitt, ert að syngja eitthvað annað um kvöldið og ert að æfa þriðju óperuna daginn eftir og syngja eitthvað allt annað hitt kvöldið. Þarna fengum við stundum ekki frídag í tvo, þrjá mánuði af því það voru alltaf sýningar. Svo hélt þetta áfram en ég lærði rosalega mikið líka á því að kunna mörg hlutverk þannig að þá gat maður farið að taka verkefni. Það var kannski hringt klukkan tólf á hádegi og spurt:



”

**Við bjuggum á fallegasta stað í heimi, Regensburg á bökkum Dónár. Þarna var ekkert sprengt í stríðinu og þetta er eins og að ganga um í póstkorti. En ég gat bara ekki meira og hún ákvað að koma með mér, sem betur fer. Við ákváðum að koma hingað.**

kanntu þetta hlutverk og ertu til í að syngja í kvöld hérna? Þá fékk maður, ef það var einhver annar texti, sendan textann í faxi, það er svo langt síðan og maður lærði textana í lestinni. Svo mætti maður á staðinn og það var fundinn búningur og maður þurfi að stökkva inn því einhver var veikur. Leikstjórinn stóð yfir manni meðan var verið að setja á mann farðann. Svo hittir þú kollegana í fyrsta skipti á sviðinu og jafnvel hljómsveitarstjórinn vissi ekki einu sinni að ég ætti að syngja og rak upp stór augu þegar ég kom labbandi inn,“ segir Jóhann Smári og hlær.

**Nær alltaf í toppformi**

**Gekk þetta alltaf vel?**

„Þetta gekk alveg ótrúlega vel. Þetta verður einhvers konar rútína. Þegar þetta er orðin vinnan manns og þú ert að gera þetta allan

daginn, þá þarftu eiginlega aldrei að hita upp röddina, þú ert alltaf í formi, einbeitingin er svo há. Svo færðu þau verkefni þar sem þú átt að syngja óratóriu eða eitthvað og þá færðu bara nóturnar og þú bara lest þær og færð kannski eina, tvær æfingar. Á Íslandi er yfirleitt æft hálfan eða heilan vetur til að gera eitthvað sem þú færð nokkurra daga til í útlöndum. Þar er bara stokkið í djúpu laugina.“

**Fyrir leikmann þá ímynda ég mér að það sé erfitt að læra allan þennan texta utan að og sérstaklega með stuttum fyrirvara. Kemst það upp í vana hjá atvinnuöðnum?**

„Þú lærir hvað þú þarft að vera vel undirbúinn. Mín spurning þegar ég mæti í verkefni er yfirleitt hvort það sé hvíslari. Ef þú veist að það er hvíslari, þá hittir þú hann á undan. Þegar þú ert búinn að taka

leiklistaræfingarnar þá er þetta ekkert mál, því þú lærir textann með hreyfingunum.“

**Þegar þú ert úti á hátindi ferilsins. Hvernig líf er það, er þetta vel launað?**

„Það fer eftir því hvar þú ert. Þú ert ekki að lifa neinu lúxuslífi. Það var farið á pöbbinn eftir sýningu og tekinn einn, því ef þú fóst beint heim, þá var hausinn á yfirsnúningi og þú varst andvaka fram eftir nóttu og þurftir svo að mæta á söngæfingu klukkan tíu morguninn eftir. Þetta líf er þannig að ef þú kemst í þá stöðu að fá gestahlutverk og stökkva inn í sýningar, þá fékk ég stundum mánaðarlaunin mín fyrir eitt kvöld. Kristján Jóhannsson sagði að hann var að fá milljón krónur á kvöld. Ég var aldrei þar. Ég var samt þar að manni fannst þetta góður peningur. Gallinn er að þegar þú ert



**Bárusker í Suðurnesjabæ fer í sölu fljótlega á nýju ári.**

**Sendum Suðurnesjamönnum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár með þökk fyrir viðskiptin á liðnum árum.**

www.sparri.is

sparri@sparri.is



897 0182

897 6180





Frá uppsetningu á Sálumessu Verdi í Hljómahöllinni.



Jóhann Smári með tónsprotann á lofti í Sálumessu Verdi.

ekki lengur fastráðinn þá ertu alltaf að hugsa: Hvað næst? Nú þarf að hringja í umboðsmann og fá prufur fyrir næsta verkefni, komast í næsta hlutverk. Það gekk fint.“

#### Í ferðatösku meirihlutann af árinu

Þegar ég ákvað að fara heim til Íslands fékk ég listamannalaun. Á þessum tíma var ég skilinn við fyrrverandi konuna mína, börnin mín voru hér heima og ég var að hitta þau kannski samanlagt einn og hálfan mánuð á ári. Ég gat það ekki. Þú ert kannski í ferðatösku meirihlutann af árinu. En vinnan er æðisleg. Ég fór á marga frábæra staði að syngja. Svo ferðu bara upp

á hótél og situr þar og ferð að fletta í sjónvarpinu. Ég þældi meira að segja í því hvort ég ætti að fara að læra arkitektúr til að hafa eitthvað að gera, því þetta var allt komið í tölvur. Ég fór meira að segja í viðtal fyrir svoleiðis en komst að því að þetta yrði sjö ára nám og þá bakkaði ég með þetta. Þetta er stórkostlegur heimur en þú þarft að vilja þetta.“

#### Er eitthvað eitt sem er eftir-minnilegast?

„Það er svo margt. Hvað þetta er yfirþyrmandi stórt er kannski augnablikið í Glyndbourn með Bernard Haitink og London Philharmonic eða þegar mér bauðst að

syngja Mahler áttunda í Berlínar Philharmonic. Mahler áttundi er eitt það stærsta sem til er. Það eru eitthundrað og fimmtíu í hljómsveitinni, fimmhundrað í kórnum, fimmtíu í barnakór og átta einsöngvarar. Þarna er ég að syngja í einu frægasta tónlistarhúsi í heimi með einni frægustu hljómsveit í heimi. Þetta er allt til á video og þegar ég horfði á þetta nýlega fékk ég næstum köfnunartilfinningu og bara vá!, þetta er ég að gera þetta. Þá var ég líka í þessum fasa að þetta er bara vinnan mín. Ég fékk þetta verkefni bara með tveggja og hálfra viku fyrirvara. Ég mæti á fyrstu æfinguna í risastórri kirkju og hún er pakkfull af fólki. Ég get

hætti ekki að syngja og fór alltaf reglulega út. Þetta er 2008, korter í kreppu, þá stóð til að byggja óperuhús í Kópavogi og Stefán Baldursson var búinn að segja við mig að ef ég flytti heim biði mín samningur við óperuna. Garðar Cortes bauð mér líka að kenna hjá sér. Við vorum nýbúin að kaupa okkur hús þegar allt hrundi en ég fór nokkrum sinnum út aftur að syngja.“

#### Komið víða við eftir komuna heim

Frá því Jóhann Smári kom heim úr atvinnumenskunni hefur hann verið að kenna við tónlistarskólana í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði, Nýja tónlistarskólann, Söngskóla Sigurðar Demetz og Söngskólanum. Jóhann Smári var með námskeið í Listaháskólanum og var lengi vel prófdómari þar. Þá hefur hann verið að syngja í útförum og hjá Íslensku óperunni, þar sem hann hefur sungið mörg hlutverk.

#### Norðuróp er merkilegt verkefni sem þú hefur komið að og í gegnum Norðuróp hefur þú komið að uppsetningu margra verka.

„Í gömlu Dráttarbraut Keflavíkur var ópera eftir Puccini sem var bara einþáttungur þannig að við fluttum sálumessu eftir Sigurð bróður eftir hlé og óperuna hans. Hann skrifaði út hljómsveitina, sem átti að vera símfóníuhljómsveit, fyrir átta hljómborð. Við vorum með poppara og klassíska. Hvert hljódfæri var stillt, tréblástur, málmblástur, fiðlur og svo framvegis. Garðar Cortes stjórnaði og Garðar Thor Cortes debúteraði sem óperusöngvari í Dráttarbrautinni. Það var það fyrsta sem hann gerði. Í sjónvarpinu í Þýskalandi var hann kynntur sem söngleikjastjarnar Garðar Thor Cortes. Það var mjög gaman. Svo vorum við með Tosca í Keflavíkurkirkju sem tókst alveg ótrúlega vel.“

Hvert verkefnið hefur rekið annað hjá Jóhanni Smára og hans fólki. Hann setti upp Holendinginn fljúgandi með rokkhljómsveit. Svo kom Brúðkaup Fígarós í samstarfi við Tónlistar-

verið svolítill díva og fór á háa C-ið við umboðsmanninn og spurði hvaða bull þetta væri, full kirkja af áhorfendum á fyrstu æfingu. Hann var fljótur að ná mér niður og segja: Þetta er kórinn.“

#### Og svo liggur leiðin heim?

„Það var enginn að ýta á mig með þetta. Ég og Jelena konan mín vorum þá byrjuð saman og búin að vera saman í einhver þrjú ár þegar við tókum ákvörðun um að fara heim. Við bjuggum á fallegasta stað í heimi, Regensburg á bökkum Dónár. Þarna var ekkert sprengt í stríðinu og þetta er eins og að ganga um í póstkorti. En ég gat bara ekki meira og hún ákvað að koma með mér, sem betur fer. Við ákváðum að koma hingað. Ég



”

Maður vinnur og vinnur og vinnur, svo finnst manni maður vera orðinn ógeðslega góður. Svo kemur maður á sviðið í Kölnar óperunni og á fyrstu æfingunni á sviðinu heyrði ég ekki einu sinni hvort ég væri að syngja. Það var svo miklu stærra hljóðið í hinum.

## Á dagskrá á vf.is um jólin!

SUÐURNESJA  
VF **magasín**



skóla Reykjanessbæjar. Árið 2022 setti Jóhann Smári upp Sálumessu Mozart í Duus safnahúsum. Það er í fyrsta skipti sem Jóhann Smári stjórnar stórrí hljómsveit og hann segir það vera stressandi en þegar hann er að syngja. Hann langaði að taka Sálumessu Mozart lengra og hafa dansara en það verkefni hefði verið of dýrt, þar sem þeir styrkir sem fást til svona verkefna eru takmarkaðir.

### Er nægur efniviður hér suður með sjó í kórum og öðru sem þú þarft í svona uppfærslur?

„Það voru ótrúlega margir sem vildu vera með en gátu ekki. Við hefðum getað verið með sjötíu manna kór. Sálumessa Verði var svo aðeins öðruvísi verkefni. Ég er ekki að segja að það söngfólk sem við eigum hérna hafi ekki ráðið við það en það þurfa að vera bomburadaddir.“

Jóhann Smári segir að hann hafi fengið mjög sterk viðbrögð frá fólki hér á Suðurnesjum eftir síðustu tvær uppfærslur á bæði Mozart og Verði. Hann hafi verið faðmaður í skrúðgarðinum og bankað hafi verið upp á hjá honum þar sem fólk hafi lýst hrifningu sinni.

Jóhann Smári er ánægður með samstarfið við Tónlistarskóla Reykjanessbæjar og án þess væri ekki hægt að setja upp svona stór verkefni. Tónlistarskólinn leggur til húsnæði fyrir æfingar og í tónlistarskólanum sé einnig fjársjóður af frábæru tónlistarfólki.

### Dreymir um óperustúdíó

Jóhanni Smára dreymir um óperustúdíó á Suðurnesjum. „Það er draumurinn minn núna og ég er búinn að reyna að sækja um styrki fyrir því í nokkur ár, og ég ætla ekki að hætta því. Mér finnst að það eigi að vera óperustúdíó hér af því við höfum reynsluna, þekkinguna og



Jóhann Smári Sævarsson og Bjarni Thor Kristinsson á tónleikum í Ytri-Njarðvíkirkirkju fyrir „nokkrum“ árum.

húsnæði. Þegar þú ert að nálgast það að útskrifast og fyrir fólk sem er útskrifað þá kemur alltaf þetta tómarúm. A ég að fara í framhaldsnám erlendis, á ég að reyna að komast að í óperunni en óperan ræður ekki neinn sem ekki hefur sungið í óperu áður. Þau eru bara í limbói en þetta fólk getur fengið reynslu hjá okkur, byggt sig upp og komið svo og sagt: „Ég er búinn að syngja þetta og þetta og fá tækifæri.“ Við erum ekki að biðja um neinar svakalegar fúlgur. Styðjið þetta og þá getum við skipulagt ár fram í tímann, getum samnýtt fólk í verkefni og þá myndast þekking og boltinn byrjar að rúlla.“

Um sönginn segir Jóhann Smári. „Þetta er ástríðan mín. Ég er ekki að gera þetta fyrir peningana. Ég var úti í heimi að vinna með stórkostlegu fólki, stærstu hljómsveitum í heimi, glæsilegum óperuhúsum og konserthúsum og kem svo hér og elska vinnuna mína, kenna fólki að syngja og stjórna Karlakór Keflavíkur og Víking-

unum. Þetta er gaman en ég þarf einhverstaðar að fá útrás fyrir þetta, alveg eins og þau, fyrir þetta sem ég lærði og er þjálfaður í og á því stigi sem ég var vanur að vera í á hverjum degi. Ég fæ gæðahúð að hugsa um þessi verkefni.“



### Jóhann Smári í Suður með sjó

Um jólin verður þáttur úr seríunni Suður með sjó sýndur á vef VÍKURFRÉTTA þar sem rætt er við Jóhann Smára og sýnt frá verkefnum sem hann hefur komið að.



Jóhann Smári hefur sungið og leikið í fjölmörgum óperuhúsum víða um Evrópu.

*Blái herinn sendir öllum  
Suðurnesjamönnum kærar  
jóla- og nýárskveðjur og  
þakkar stuðninginn í 28 ár.*



# Jólahús REYKJANESBÆJAR

## Hvaða hús er jólahús Reykjanessbæjar 2023?

Tekið er við tilnefningum í gegnum heimasíðu Reykjanessbæjar ([reykjanessaer.is](http://reykjanessaer.is)) til 17. desember 2023.

Menningar- og þjónusturáð fer yfir tilnefningar og velur jólahús Reykjanessbæjar. Verðlaun verða veitt í Aðventugarðinum á Þorláksmessu í samstarfi við Húsasmiðjuna.



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



# Draumur átta ára gamallar stúlku að rætast

Emelía Sara Ingvadóttir er ungur klarínnettuleikari úr Reykjanesbæ sem hefur lokið stúdentsprófi frá Menntaskóla í tónlist [MÍT] og undirbýr sig fyrir burtfararpróf frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Emelía mun koma fram á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands um næstu helgi þar sem hún leikur *Hin fyrstu jól* eftir Ingibjörgu Þorbergs ásamt tveimur sellóleikurum.



Emelía Sara Ingvadóttir, klarínnettuleikari. VF/JPK

## Hvenær byrjaðir þú að læra á klarínnett?

„Ég var átta ára þegar ég byrjaði að læra. Af hverju ég valdi klarínnett veit ég eiginlega ekki, það bara gerðist,“ segir Emelía. „Ég setti það sem aukahljóðfæri en var svo bara sett á það – það má segja að klarínnettíð hafi valið mig.“

Emelía hefur síðan þá verið við nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og lauk þaðan grunn- og miðprófi áður en hún hélt í framhaldsnám í Menntaskóla í tónlist þaðan sem hún útskrifaðist sem stúdent.

## Hvernig fannst þér sá skóli?

„Æðislegur. Fullt af nýjum hlutum sem ég var að læra,“ segir hún en Emelía einbeitt sér að klassískri tónlist og þangað leitast hugurinn.

„Núna er ég komin aftur í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og stefni á að ljúka burtfararprófinu héðan í vor. Þar að auki ætla ég líka að taka miðpróf á píanó en ég byrjaði að læra á það þegar ég var þrettán ára.“



## Stígur á stóra sviðið

Emelía fær stóra tækifærið má segja nú í aðdraganda jóla en þá mun hún stíga á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og leika lag Ingibjargar Þorbergs, *Hin fyrstu jól*.

„Ég hef ekki spilað áður með Sinfóníuhljómsveit Íslands en ég tók þátt í Ungsveit Sinfóníunnar. Þar sem ég þurfti að fara í áheyrnarprufur til þess að komast í hana. Það var ótrúlega skemmtilegt

skref á mínum tónlistarferli,“ segir Emelía Sara.

„Þegar ég var átta ára gömul fór ég með mömmu á tónleika með Sinfóníunni og sagði þá við hana að ég ætlaði að spila í Eldborg með Sinfóníunni þegar ég yrði eldri og það er bara komið að því.“

## Ög hvernig leggst það í þig að þreyta frumraunina með Sinfóníuhljómsveitinni?

„Það er æðislegt – algjör draumur. Við erum tríó frá ungsveitinni, ég og tveir sellóleikarar, sem spilum eitt lag en ég stefni á að



Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is

verða fullgildur meðlimur sveitarinnar þegar fram líða stundir.“

Á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar kemur einnig fram Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar en hann er orðinn fastur liður í jólatónleikunum. Þá mun píanóleikarinn Jakob Grybos spila með Sinfóníuhljómsveitinni en hann er einnig nemandi í tónlistarskólanum og er núna við nám í MÍT.

# Epoxy Gólf

Við óskum landsmönnum  
gleðilegra jóla og Þökkum  
fyrir viðskiptin á árinu





*Óskum suðurnejsamönnum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári*



**VERNE GLOBAL**  
SINCE 2012





## ENDURNÝJADI ÓVÆNT KYNNIN VIÐ KENNARANN OG ÍPRÓTTAFRÉTTAMANNINN

Siggeir Fannar Ævarsson er Grindvíkingur sem hefur komið nokkuð víða við á sínum starfsferli. Hann er menntaður sagnfræðingur og kennari og er einmitt að kenna í dag eftir að hafa verið óvænt sagt upp í vinnunni sem hann var í þar á undan. Þá er hann að hasla sér völl sem íþróttafréttamaður og sér fram á öðruvísi jólfetta árið eins og aðrir Grindvíkingar.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is

Siggeir hefur eins og allir Grindvíkingar, þurft að aðlagast breyttum aðstæðum, bæði hvað varðar vinnuumhverfi og heimili en kannski eru fáir eins heppnir eins og hann og hans fjölskylda. „Emilía eldri dóttir okkar sem er

á fyrsta ári í framhaldsskóla, var í Reykjavík þegar þessi svakalega skjálftahrina hófst en við Soffía konan mín og yngri dóttirin Þórgunnur vorum heima. Ég var einmitt að fara undirbúa kvöldmatinn, setja yfir kartöflur en sá fljótlega

að það myndi ekki ganga upp því lætin voru svakaleg. Ég hef upplifað marga jarðskjálfta en aldrei neitt eins og þetta. Mér leið bókstaflega eins og ég væri kominn aftur á frystitogara! Fljótlega fékk ég skilaboð frá svila mínum, þau spurðu okkur hvort við vildum ekki bara koma til þeirra og gista á meðan þessi hrina myndi ganga yfir. Við sögðumst ætla að hugsa málið en svo aðeins seinna komu önnur skilaboð: „Drífið ykkur í bæinn bara. Vont að hafa ykkur þarna!“ Við tókum það helsta sem við þurftum fyrir eina nótt því við eins og aðrir Grindvíkingar, áttum von á að snúa aftur heim daginn eftir. Við vorum rétt komin til þeirra þegar við heyrðum í fréttum að það væri búíð að rýma bæinn svo við hugsuðum með okkur hvort við ættum að fara aftur heim til að sækja fleiri hluti. Gerðum það nú ekki en höfum getað farið nokkrar ferðir til að sækja það helsta en við erum einkar heppin, mágkona mín og svili búa í stóru húsi sem er í raun eins og tvær íbúðir. Þrjú af börnunum þeirra eru flogin úr hreiðrinu svo það er nægt pláss fyrir alla, hér munum við geta verið á meðan staðan í Grindavík er eins og hún er. Það eru ekki allir eins heppnir, ég er stöðugt að hitta Grindvíkinga sem eru lentir í eða eru að lenda í vandræðum með gístiaðstöðu. Ég hef heyrt af fimm manna fjölskyldu sem býr í 35 fermetra stúdíóbúð og einn frændi er með í ofanálag. Þau sofa öll á einum fleti og til að bæta gráu ofan á svart, hrytur frændinn það hátt að hinir geta ekki sofið. Ég heyrir oft svona dæmi og það gefur auðvitað auga leið að þetta er ekki góð staða fyrir neinn.“

### Jólin, trúleysið og kennslan

Þrátt fyrir að vera trúlaus með öllu heldur Siggeir upp á jólin með glans en jólin verða væntanlega með breyttu sniði í ár. „Okkar hefðir undanfarin ár hafa verið þannig að við höfum verið heima hjá okkur á aðfangadagskvöldi, bara við fjögur og stundum gestir, á jóladegi höfum við alltaf farið til mömmu í hangikjöt og á annan í jólum er alltaf jólaboð hjá Örnú systur Soffíu, þar sem við búum núna. Þar hittist stórfjölskyldan öll og gerir sér glaðan dag, borðum

”

Ég hef upplifað marga jarðskjálfta en aldrei neitt eins og þetta. Mér leið bókstaflega eins og ég væri kominn aftur á frystitogara! Fljótlega fékk ég skilaboð frá svila mínum, þau spurðu okkur hvort við vildum ekki bara koma til þeirra og gista á meðan þessi hrina myndi ganga yfir. Við sögðumst ætla að hugsa málið en svo aðeins seinna komu önnur skilaboð: „Drífið ykkur í bæinn bara. Vont að hafa ykkur þarna!“

góðan mat og spilum. Eitthvað að þessu mun eðli málsins samkvæmt breytast og á þessum tíma fyrir ári vorum við búin að skreyta allt. Ég keypti mér meira að segja nýjar seríur á húsið og skúrinn

## Jólatréssala Kiwanis

Kiwanis er í porti Húsasmiðjunnar á Fitjum í Njarðvík

Opið:

mánudaga til föstudaga 17–20  
laugardaga og sunnudaga 12–18

Jólatré - norðmannspinur - fura - greni - leiðiskrossar - skreyttar greinar  
Allur ágóði af sölunni rennur til líknarmála





”

Við kennararnir hittumst á miðvikudeginum eftir að þetta gekk á og þann dag komst kollegi minn í fyrsta sinn í húsið sitt, fékk að fara með björgunarsveitarmanni inn til sín í tíu mínútur og var í áfalli. Við vorum öll í áfalli og ég held að enginn hafi verið í ástandi til að vera kenna þá.

fyrir jólin í fyrra! Ég hef heyrt af sumum Grindvíkingum sem ætla að skreyta húsin sín en ég sé nú ekki alveg tilganginn í að skreyta tómmt hús. Dóttir mín spurði mig 5. desember hvernig jólin yrðu og ég er einhvern veginn ekki farinn að hugsa út í það. Jólin verða öðruvísi en það er líka allt í lagi, þau eiga að snúast um samveru fjölskyldunnar og ég veit að við verðum saman, borðum góðan mat, opnum gjafir og eigum saman yndislega stund,“ segir Siggeir.

Siggeir endurnýjaði kynnin við kennarann í sér fyrir tveimur árum þegar hann gerðist grunnskólakennari í Grindavík. Það hefur verið púsluspil að undanfögnu að koma kennslu fyrir grindvísk börn í eitthvað sem líkist eðlilegt ástand. „Þetta er búið að vera furðulegt ástand. Fljótlega eftir föstudagin örlagaríka sá ég skrif á Facebook, hvort ekki væri örugglega verið að hugsa um börnin, að þau kæmst í skóla sem fyrst. Við kennararnir hittumst á miðvikudeginum eftir að þetta gekk á og þann dag komst kollegi minn í fyrsta sinn í húsið sitt, fékk að fara með björgunarsveitarmanni inn til sín í tíu mín-

útur og var í áfalli. Við vorum öll í áfalli og ég held að enginn hafi verið í ástandi til að vera kenna þá. Við fengum viku til að vinna úr áfallinu og svo byrjuðu safnskólarnir. Það er alltaf að komast betri og betri mynd á þetta, fyrst vorum við bara að hittast, ekki með neina kennslu en krakkarnir fá fljótt leið á því og um leið og við settum skýran ramma utan um starfið, fór þetta að ganga betur. Ég er einn þriggja umsjónarkennara í áttunda bekk, það eru um 50 nemendur í eðlilegu árfæði en það hafa bara rúmlega tuttugu verið að mæta í safnskólann því sem betur fer hafa börn komist fast inn í aðra skóla. Fyrst við erum þrjú umsjónarkennarar með einungis tuttugu nemendur, skiptum við dögnum aðeins á milli okkar. Við fylgjumst líka með krökkunum sem voru svo heppin að komast inn í aðra skóla, t.d. komst Þórgunnur dóttir mín inn í Seljaskóla þar sem Anna systir Soffíu er að kenna og er alsæl, er strax búin að eignast vinkonur og er komin í kór skólans. Því má segja að umskipti minnar fjölskyldu hafi gengið vonum framfar, Soffía er launafulltrúi hjá Grindavíkurbæ sem gat flutt bæjarskrifstofurnar í Ráðhúsið í Reykjavík, hún er líka í meistaranámi í Háskóla Íslands svo þetta hentar henni ágætlega. Þetta raskar mest daglegu lífi Emilíu sem er í FS en hún á vinkonu sem keyrir á milli svo það hefur ekki verið mikið vandamál. Svo yfir höfuð megum við prisa okkur sæl með okkar stöðu. Hvernig framhaldið verður með skólamálin verður fróðlegt að sjá. Auðvitað yrði best að koma öllum safnskólunum á einn stað en hvort það er mögulegt er ekki gott að segja til um. Það er stöðugt verið að skoða þessi mál og við kennararnir verðum einfaldlega að taka því sem að höndum ber.“

FRAMHALD Á NÆSTU SÍÐU ►



Sendum starfsmönnum okkar og Suðurnesjamönnum öllum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár!

algalíf

BJÖRGUNARAFREK  
VIÐ GRINDAVÍK

jóladagskrá á vf.is

SUÐURNESJA  
magasín

# Landsnet lýsir upp hátíðina

Við óskum þér bjarrar og gleðilegrar hátíðar og spennandi nýs árs.



Skannaðu til að lýsa upp



## Lögfræði eða sagnfræði og Siðmennt

Siggeir fékk snemma áhuga á sögu og ætlaði sér að læra sagnfræði í háskóla. Um það leyti sem hann var að klára framhaldsskóla fór hann í kynningu í Háskólann í Reykjavík og heillaðist. Siggeir vildi ganga í þann skóla en sagnfræði var ekki á meðal námsgreina, hann vissi ekki hvað hann gæti lært þar og ákvað svo að læra lögfræði en sá fljótt að námið ætti ekki við sig. „Mér fannst þetta voðalega sniðug hugmynd, ég myndi þéna fullt af peningum en sá fljótlega hvað mér fannst námið leiðinlegt og algjörlega óáhugavert. Ég reyndi samt að harka af mér en síðustu vikurnar hálf sónaði ég út og svo kom að prófum. Ég mætti í fyrsta prófið, las yfir það, sá að ekkert hafði siast inn í hausinn á mér á þeim tveimur vikum sem ég lærði fyrir það og einfaldlega hætti með þessum skrifum á prófblaðið; „Þetta er komið gott, takk fyrir mig, sjáumst. Kv. Siggeir.“ Ég fór því að vinna eftir áramótin, fékk fína vinnu í BT tölvum, hafði alltaf haft áhuga á tölvum og skræði mig svo í sagnfræðina um haustið og kláraði það nám. Ég kláraði kennsluréttindi á sama tíma og bauðst afleysing í Menntaskólanum í Kópavogi strax eftir útskrift og kenndi þar sögu og reyndar margt fleira. Ég fékk á endanum fastráðningu en þegar Þórgunnur, yngri dóttir okkar Soffíu var nýfædd, fannst mér allt í einu orðið frekar þrúgandi að keyra á milli og vera svona

mikið að heiman svo að ég sótti um stöðu upplýsinga- og skjalafulltrúa hjá Grindavíkurbæ. Ég var þar í fjögur góð ár en undir það síðasta var stemningin orðin eitthvað skrýtin og við vorum sex sem hættum á svipuðum tíma,“ segir Siggeir.

Siggeir er félagi í Vantrú, sem er félag trúleysingja. Í spjallgrúbbu henti einn félagsmanna inn auglýsingu um laust starf framkvæmdastjóra Siðmenntar. Siggeir sem var farinn að hugsa sér til hreyfings hjá Grindavíkurbæ, sótti um og hreppti hnossið. „Starfið átti strax vel við mig, ég gat beitt mér í hinu og þessu sem féll vel að mínu áhugasviði og styrkleikum, skrifaði margar greinar sem voru birtar um þau fjölmörgu málefni sem snúa að starfi Siðmenntar. Ég var eini starfsmaðurinn til að byrja með og þá lenti auðvitað margt á minni könnu en það var í besta lagi, starfið var fjölbreytt og skemmtilegt. Félagið stækkaði ört og umsvifin sömuleiðis og þeir þrjú ársreikningar sem ég skilaði af mér sem framkvæmdastjóri, skiluðu allir rúmum fimm milljónum í plús. Ég var búinn að bæta við einum starfsmanni og von var á þeim þriðja, slík voru umsvif okkar orðin en þá fékk ég óvænt boð um að mæta fyrir stjórn daginn eftir. Þrátt fyrir að mikill uppgangur væri í félaginu, fékk ég strax slæma tilfinningu og þegar ég mætti á fundinn daginn eftir, var mér sagt að minna starfskrafta væri ekki lengur óskað og mér bæri að taka



mín gögn og yfirgefa vinnustaðinn samstundis. Ég spurði hessa um ástæðuna og fékk þá einföldu skýringu að ég væri ekki lengur rétti maðurinn í starfið. Þetta var mjög blaut tuska í andlitinu og eðlilega var ég mjög ósáttur. Ég hafði lagt líf og sál í þetta félag og starf mitt í rúm þrjú ár og að fá ekki einu sinni möguleikann á að hætta með einhvern snefil af reisn situr ennþá í mér. Ég viðurkenni fúslega að hafa upplifað vænan skammt af Þórðargleði [sú „gleði“ að hlakka yfir óförum annarra] þegar ég sá fyrsta ársreikninginn eftir minn brottrekstur, tap upp á rúmar sjö milljónir, niðursveifla á milli ára upp á rúmar þrettán milljónir! Framkvæmdastjórinn sem tók við af mér og þriðji starfsmaðurinn sem ég hafði ráðið en fékk ekki tækifæri á að vinna með, hættu báðar eftir minna en ár í starfi þannig að eftir að ég hvarf á braut fór allt í skrúfunu sýnist mér. Það má ekki misskilja mig, ég vil Siðmennt vel og félagið hefur náð að rétta úr kútnum fjárhagslega en ég held að það sé í mannlegu eðli að finna fyrir smá sigurtilfinningu, ég veit að ég var að gera góða hluti og miðað við algjöran viðsnúning

á rekstri félagsins, hljóta að vera líkur á að það hafi verið mistök að láta mig fara. Þann 20. apríl 2022 var ég því kominn í fimm mánaða sumarfrí en nokkrum dögum seinna sá ég auglýst eftir náttúrufræðikennara á unglingsstigi í grunnskóla Grindavíkur, sótti um og fékk starfið svo ég var ekki lengi hangandi í lausu lofti varðandi næsta skref á atvinnubrautinni. Þegar ég hugsa til baka hefur nýtt tækifæri alltaf poppað fljótt upp. Þegar ég hætti í lögfræðinni var ég byrjaður hjá BT tölvum þar næsta dag og ég fékk strax starfið hjá Grindavíkurbæ áður en síðasta önnin mín var á enda í MK.

### Íþróttafréttamaðurinn

Siggeir hefur löngum verið lunkinn penni. Hann á í handraðanum tvær útgefnar bækur, var ritstjóri Grindavík.is í fjögur ár, greinahöfundur á Lemúrnum, hefur skrifað greinar fyrir leikjaskrár körfuknattleiks- og knattspyrnu-deild UMFG og um tíma var hann einn penna Körfunnar.is. Svo kom óvænt tækifæri upp í hendurnar á honum um áramótin 2021. „Ég var í NBA fantasy-spjallgrúbbu

ásamt nokkrum Grindvíkingum og 29. desember spurði Egill Birgis sem vinnur hjá Stöð 2 Sport, hvort einhver okkar gæti grajað sjónvarpsviðtöl eftir leik Njarðvíkur og Keflavíkur sem átti að fara fram kvöldið eftir. Ég hugsaði með mér að ég væri til í að prófa þetta. Þetta gekk vel og ég ákvað að kanna hvort ég gæti gert meira að þessu, sendi tölvupóst á Henry Birgi Gunnarsson sem er yfir íþróttadeildinni, og var sendur í prufu á minn fyrsta leik 5. janúar. Alls orðu þetta svo 47 leikir í fyrra og verða sennilega fleiri í ár. Fyrst voru þetta heimaleikir Grindavíkur og stöku leikur í Reykjavík þegar ég var að vinna þar en í dag ein-skorða ég þetta við Sudurnesin og Þorlákshöfn. Í dag á meðan ég bý í bænum, býð ég mig fram á alla leiki sem eru í boði. Vinnan snýst um að setja gang leiksins inn á visir.is og ef leikurinn er beinni útsendingu í sjónvarpinu, þarf ég að taka viðtöl 45 mínútum fyrir leik og svo eru alltaf viðtöl eftir leik. Svo þarf að skrifa viðtölin upp og skrifa umfjöllun svo að þetta er heljarinnar verkefni í hvert sinn. Í útleikjum er þetta svona fjögurra tíma törn en maður væri varla í þessu nema af því að maður elskar körfubolta. Síðasta sumar var ég svo beðinn um að taka afleysingar á íþróttadeildinni, þá eru það allar íþróttir, ekki bara körfubolti. Þá mæti ég á vaktina, þarf að fjalla um ákveðna leiki og atburði en þarf líka að geta fundið fréttir sjálfur, ég hef mjög gaman af því. Þá get ég líka stundum gefið mér góðan tíma í að skrifa lengri greinar þar sem maður þarf að leggja á sig smá rannsóknarvinnu.

Hvað framtíðin ber í skauti sér verður fróðlegt að sjá, bæði hvað þetta ástand í Grindavík varir lengi og líka ef ég hugsa lengra inn í framtíðina. Ég er mjög ánægður í því starfi sem ég er í í dag en eins og mitt atvinnulíf hefur verið, hver veit hvað ég verð að gera eftir fimm ár. Ég veit bara að það verður eitthvað sem ég hef áhuga á. Ég hef aldrei verið feiminn við að sækja um störf sem mér þykja spennandi, ég held stundum að ég sé með öfugt „imposter syndrome“, miði er möguleiki!“ sagði Siggeir að lokum.



Sendum starfsmönnum okkar, viðskiptavinum og bæjarbúum öllum okkar bestu jólakveðjur og óskum þeim farsældar á nýju ári.



REYKJANESHÖFN



# Hraðaspurningar

## Hvaða lið á Suðurnesjum varð fyrst Íslandsmeistari karla?

Njarðvík (Fyrst sem íþróttafélag starfsmanna Keflavíkurflugvallar eða hvað það nú hét)

## Hvaða lið fékk viðurnefnið Hraðlestin?

Keflavík á síðustu öld.

## Leikjahæsta körfuboltakona landsins?

Ég ætlaði að giska á Önnu Maríu Sveinsdóttur eða Birnu Valgarðs, en mig grunar að hvorugt sé rétt!

## Uppáhalds matur?

Ég segi gjarnan að hamburgar séu uppáhalds fæðuflokkurinn minn, en plökk-fiskur eftir fjölskylduuppskriftinni er minn uppáhalds einstaki réttur.

## Draumabíllinn?

Ég á núna VIP útgáfuna af KIA Optima og það er langbesti bíll sem ég hef átt. En ef ég ætti sand af seðlum myndi ég fá mér einhvern mjög ópraktískan gamlan bandarískan "muscle car" eins og 1967 Chevy Impala eða 1970 Oldsmobile 442



## Ef þú eldar rómantískan kvöldverð fyrir makann, hvað eldarðu?

Grillaðan lax og aspás. Sjálfur myndi ég samt örugglega velja nautasteik.

## Blóðmör eða lifrapylsa?

Mér finnst blóðmör sannkallaður herramannsmatur en ég get ekki lyktina af lifrapylsu!



## Uppáhalds hljómsveitin, inn-land og erlend?

Queen verða alltaf númer eitt í hjarta mínu. Á topp fimm eru Queen, Pantera, Clutch, Slayer og Black Sabbath. Ætli íslenska væri

ekki Megas eða Súkkat?

## Besta lag allra tíma?

Vá. Viltu ekki bara spyrja mig hvort barnið mitt ég elska meira? Annars þá hefur Sister Golden Hair með America toppað Spotify Wrapped listann minn tvö ár í röð.

## Kók eða Pepsi?

Kók, en ég hata ekkert á Pepsi.



*Verkalýðs- og sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis  
sendir félagsmönnum sínum  
og landsmönnum öllum  
bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt komandi ár.*




**Verkalýðs- og  
sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis**





Sendum viðskiptavinum okkar og Suðurnesjamönnum öllum bestu óskir um **gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári!**



**Þökkum ykkur viðskiptin á árinu sem er að líða!**

## Már og Laddi gefa út jólalag

**■ Klæddi sig aftur í sundskýluna og stefnir á Ólympíuleikana í París að ári**



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is

Tónlistarmaðurinn og sundgarpurinn Már Gunnarsson, gaf nýverið út nýtt jólalag og fékk engan annan en godsögnina Ladda, Þórhall Sigurðsson til að flytja lagið með sér. Már hóf nám í hinum virta tónlistarháskóla, The Royal Northern College of Music í haust og um svipað leyti klæddi hann sig í sundskýluna á ný og tók þátt í Heimsmeistaramóti fatlaðra sem fór fram þar sem skólinn er, í Manchester. Már fæddist með augnsjúkdóm, var einungis með um 10% sjón fyrstu árin sín og er orðinn nánast alblindur í dag. Hann lætur fötlunina síður en svo aftra sér og það sem hann ætlar sér, gerir hann, Már finnur í raun alltaf leiðir og kannski má segja að glasið hans sé alltaf hálf-fullt þó svo að hann sé bindindismaður.

### Samstarfið við Ladda

Hvernig kom það til að Már fékk sjálfan Ladda til að syngja í jólagagi eftir hann og leika í myndbandi við lagið? „Ég kynntist Ladda fyrir nokkrum árum þegar ég og Iva vin-

kona mín gáfum út lagið Vinurinn vor, þá tókum við upp grínatriði sem Laddi leikur í, sem er á undan sjálfu myndbandinu. Það tókust góð kynni með okkur Ladda og það var ekki vandamálið að fá hann í þetta lag og ég lít á það sem algjöran heiður að fá Ladda með

mér í þetta. Hann er þjóðargersemi og mér þykir mjög vænt um hvað Laddi tengir mikið við lagið, ég lít á það sem mesta hrósið. Lagið samdi ég í fyrra og var ekki með það í huga sem jólalag þá og vissi í raun ekki alveg hvaða leið ég vildi fara með það. Góður vinur minn,



## SAMSTARFIÐ SKRIFAÐ Í SKÝIN

Það var haustið 2020 sem vinkonurnar Inga Guðlaug Helgadóttir og Helga Fríður Garðarsdóttir spjölluðu saman yfir kaffibolla og ræddu möguleikann á samstarfi þar sem þær gætu nýtt sína styrkleika. Inga er sálfræðingur og Helga Fríður félagsráðgjafi. Um svipað leyti hafði Yoga-kennarinn Margrét Kristín Pétursdóttir samband við Ingu með svipaðar þælingar og úr varð að þær þrjár hófu samstarf og stofnuðu fyrirtækið Alla leið - sjálfsefning ehf. Fyrsta verkefnið var útgáfa dagbókar helgaðri sjálfstyrkingu og kom sú bók út fyrir jólin 2020. Sjálfstyrkingarnámskeið hafa bæst á verkefnalista vinkvennanna og á dögnum kom þriðja dagbókin út.

Inga fór aðeins yfir verkefnið og hvað nýjasta bókin hefur umfram þær tvær sem höfðu komið út áður. „Það var gaman hvernig þetta æxlaðist á sínum tíma. Við Helga Fríður ræddum möguleikann á því að nýta okkar styrkleika en ég er sálfræðingur og hún félagsráðgjafi. Við sáum fljótt að við vildum gefa út bók varðandi sjálfstyrkingu og á svipuðum tíma hafði Margrét samband við mig með mjög svipaðar þælingar. Þetta var eins og skrifað í skýin, við þrjár áttum greinilega að fara í samstarf og úr varð þetta fyrirtæki sem við stofnuðum. Allar bækurnar okkar hafa selst upp og við fáum reglulega fyrirspurnir hvort við gefum ekki út aðra bók og eins ábendingar um umfjöllunarefni. Aðilar hafa beðið um að fá að taka þátt í verkefninu með okkur svo þessu er greinilega vel tekið. Í dagbókinni í ár

köfum við kannski aðeins dýpra í fræðin en við viljum trúa því að það að halda svona dagbók, geti virkilega hjálpað til í sálarlífi hvers og eins. Það er svo gott að skrifa niður hjá sér þegar líðan okkar fer niður og eins upp. Dagbókin er ekki hugsuð til að punkta hjá sér hvenær maður á tíma hjá lækni t.d. en auðvitað getur fólk notað dagbókina líka í það. Mest

hugsum við dagbókina í sjálfstyrkingu og erum með góðar leiðbeiningar um hvernig best sé að nota hana en fólk er líka fljótt að nýta sér hana á þann máta sem því hentar best. Þetta verkefni hefur aðeins undið upp á sig en allar erum við í fullri vinnu og erum með fjölskyldu en það er auðvitað bara gaman að þetta skuli ganga svona vel hjá okkur. Hvort við hættum dagvinnunni og hellum okkur alfarið út í þetta skal ósagt látið en við munum pottþétt halda áfram á sömu braut á meðan undirtektirnar eru svona góðar. Bæði er hægt að fara inn á heimasíðuna okkar, egalla-leið.is til að panta bókina en svo er hún líka til sölu í Hagkaupum, Nettó og Pennanum,“ sagði Inga að lokum.



SJÁLFSREKTAR  
DAGBÓKIN  
2024





”

Annars er bara markmiðið að hafa áfram gaman af lífinu. Það verður æðislegt að koma heim í jólafrí og ég ætla að njóta jólanna í faðmi fjölskyldunnar.



Tómas Eyjólfssson samdi flottan texta en mér fannst eitthvað vanta hjá okkur með lagið. Svo leið smá tími og allt í einu kom eitthvað yfir mig, ég nefndi við Tomma hvort hann gæti prófað að gera smá breytingar á textanum, þá væri komið fullkomið jólalag. Tommi sem er alger snillingur, vann í textanum og þar með var þetta komið og ég heyrði Ladda strax fyrir mér að syngja þetta með mér, hafði samband við hann og sem betur fer tók hann vel í erindið. Ég ólst upp við að hlusta á plötur hans Ladda, hann hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér og þegar ég var gutti hvarflaði aldrei að mér að ég ætti eftir að kynnastronum svona og fá hann í að vinna með mér, þetta er mikill heiður.“

”

Það hafa mjög margir virtir tónlistarmenn komið héðan og ég hef hitt marga flotta í bransanum, sem hafa unnið með þekktasta tónlistarfólki heims.

#### Ungur píanósnillingur

Már var sjö ára gamall þegar hann byrjaði að læra á píanó og fljótlega sýndi hann afburða hæfileika. Tíu ára gamall vann hann píanókeppni barna sem haldin er á Ítalíu og vel að merkja, þessi keppni er fyrir alla, ekki bara fatlaða einstaklinga. Hann flutti m.a. eigið lagið í keppninni og hélt píanónámi áfram eftir að hann fluttist aftur til Íslands tólf ára gamall. Þá byrjaði hann líka að æfa sund og um tíma tók það meira af tíma hans en píanóið en svo kom að því að hann vildi mennta sig meira á píanóinu. „Sjálfskraust mitt jókst mjög mikið við að vinna þessa píanókeppni þegar ég var tíu ára og mótaði líklega hvaða leið ég myndi feta í lífinu. Ég man að virtur dómari í keppninni sagði að góður píanóleikari horfi ekki á nóturnar. Ég hélt áfram að taka framförum eftir að ég flutti aftur heim en þá byrjaði ég líka að æfa sund og má kannski segja að það hafi tekið meiri tíma hjá mér næstu árin. Ég náði sömu leiðis góðum árangri í sundinu og keppti til að mynda á Ólympíuleikunum í Tokyo árið 2020, sem reyndar voru haldnir ári seinna vegna COVID. Eftir það fann ég að ég vildi mennta mig meira í tónlist og setti því skýluna má segja ofan í skúffu. Ég skráði mig í skóla

í Guildford í Englandi en skólinn stóðst ekki væntingar og ég hætti eftir eina önn. Ég ákvað samt að gefast ekki upp, kynnti mér betur hvaða skólar voru í boði og sótti um í The Royal Northern College of Music sem er 900 manna tónlistarháskóli. Það voru 400 sem sóttu um í deildina mína en bara 40 teknir inn svo ég var mjög stoltur að fá inngöngu í skólann. Það hafa mjög margir virtir tónlistarmenn komið héðan og ég hef hitt marga flotta í bransanum, sem hafa unnið með þekktasta tónlistarfólki heims. Hér hef ég tækifæri til að þróa mig sem tónlistarmann og í raun að sjá, hvaða tónlistarstefna henti mér best. Námið er bæði píanónám en líka tónlistarþróun, ég veit ekki hvort það sé góð þýðing á music development. Ég hef samið alls konar tónlist í gegnum tíðina, allt frá reggí, jazz, kántrý og latín, sumt hefur gengið vel en annað ekki eins vel. Eins og mér líður í dag, held ég að ég fari út í sínfónískt popp en hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér, námið er fjögur ár og ég er bara búinn með eina önn af átta. Kannski verð ég kominn í allt aðrar þælingar þegar náminu lýkur,“ segir Már.

#### Sundgarpurinn

Þegar Már var búinn að fá inngöngu í skólann, áttaði hann sig á að öflugt sundlíf er í Manchester. Manchester City er líklega best þekkt fyrir frábært knattspyrnulið sitt en er líka með öflugt sundlið. Már er það heppinn að hann býr í þriggja mínútna göngu frá sundlauginni og háskólinn er þar á milli. Hann hafði gaman af því að klæða sig í keppnissundskýluna á nýjan leik. „Ég byrjaði að æfa sund þegar ég var tólf ára og sextán ára var ég farinn að keppa erlendis,



hef tekið þátt í mörgum Heimsmeistara- og Evrópumótum og keppti eins og áður sagði, á mínum fyrstu Ólympíuleikum árið 2021. Ég taldi mig eiga góðan séns á verðlaunum svo það voru vonbrigði að ná ekki settum markmiðum. Ég var á leiðinni í skóla svo ég hætti að æfa sund en eftir ár fann ég hversu stór hluti þetta er af mínu lífi. Það er frábært tækifæri fyrir mig að hafa þetta sundlið við hliðina á skólanum mínum svo ég hef sett stefnuna á Ólympíuleikana í París á næsta ári. Það var gaman að Heimsmeistaramót fatlaðra var haldið í Manchester og ég tók þátt í því, endaði í sjötta sæti í 100 metra baksundi en ég á að geta gert miklu betur. Ég reyni að æfa níu til tólf tíma á viku en það er mikið að gera í skólanum svo stundum kem ég því ekki við en eftir því sem líður nær Ólympíuleikunum mun ég bæta í æfingarnar, sjáum hvert það mun skila mér. Sundmenn geta verið að toppa fram yfir þrítugt og ég er bara 24 ára gamall í dag svo ég á nóg inni. Mitt markmið fyrir þessa Ólympíuleika er að synda mig inn í úrslit og enda á meðal fimm efstu. Í raun er ég ekki svo langt frá verðlaunasæti eins og staðan er í dag en hvort ég nái að toppa að ári eða síðar, kemur bara í ljós.

Annars er bara markmiðið að hafa áfram gaman af lífinu. Það verður æðislegt að koma heim í jólafrí og ég ætla að njóta jólanna í faðmi fjölskyldunnar,“ sagði Már að lokum.

Það verður fróðlegt að fylgjast með Má í framtíðinni en blaðamaður veit ekki um marga, jafnvel ekki neinn sem stefnir bæði á verðlaunapall á Ólympíuleikum og er í námi í mjög virtum tónlistarháskóla. Þeir sem vilja fylgjast með honum er bent á samfélagsmiðla, þar er hægt að finna hann undir Már Gunnarsson.



Sendum viðskiptavinum okkar og Suðurnesjamönnum öllum bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári!



Vélsmíða Sandgerðis ehf

ICELANDAIR



GJÖGUR HF  
GREINIVÍK



GEYSIR  
BILALEIGA



615 2552 • rafkompani.is



ÆGIR



Grindin ehf



VSB  
VERKFRÆDISTOFA



Einhamar  
Ecological seafood from Iceland



Bæjarins  
bestu  
pylsur



SKOLAR  
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA



Fisktækniskóli Íslands  
Icelandic College of Fisheries



Mustad

Gröfupjónusta P. Gíslasonar

Þökkum ykkur viðskiptin á árinu sem er að líða!



# Vox Felix á jólahefnum nótum



Árlegir jólatónleikar Vox Felix fóru fram í Hljómahöll þann 7. desember síðastliðinn. Boðið var upp á tvenna tónleika sem yfir 400 gestir nutu. Vox Felix er ungmennakór hjá kirkjunum á Suðurnesjum og er undir stjórn Rafns Hlíðkvists. Kórfélagar lofuðu miklu jólastuði og stóðu svo sannarlega undir væntingum. Útsendari Víkurfrétta var í salnum með myndavélar á lofti. Meðfylgjandi ljósmyndir voru teknar við þetta tækifæri og um jólin ætlum við að sýna lesendum Víkurfrétta og vf.is smá tóndæmi sem við tókum upp á jólatónleikunum.



UM JÓLIN!  
**MYNDSKEIÐ**  
 Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA





NÓA  
Konfekt

## Hver er þér svo kær?

Á hátíðum og hvers kyns hamingjustundum jafnast einfaldlega ekkert á við konfekt. Gefðu þeim sem er þér svo kær gleðistundir með ljúffengu konfekt frá Nóa Sírius.

Gott að gefa, himneskt að þiggja!





# Jólabarn sem sér fram á öðruvísi jólin í ár

Jóhanna Sævarsdóttir er 61 árs Grindvíkingur og er aðstoðarskólaflokkari í Háaleitisskóla. Jóhanna og maður hennar, Viðar Geirsson sem er vélstjóri á frystitogaranum Hrafn Sveinbjarnarsyni, eyða miklum tíma í sumarbústað fjölskyldunnar í Hraunborgum, á Spáni og hafa nýlega tekið ástföstri við golfþróttina. Jóhanna er jólabarn en sér fram á öðruvísi jólin í ár.

Árið byrjaði á Spáni og því lýkur á Spáni hjá okkur hjónunum. Þetta ár hefur verið skemmtilegt, frekar hefðbundið og fjölskyldan hefur haft það gott. Þetta hefur verið nokkuð rólegt ár, aðeins einn stórvíburður í fjölskyldunni varð þegar yngsta dóttirin útskrifaðist úr HÍ í vor með Bs gráðu í sálfræði. Annars rólegt og gott ár þar til 10. nóvember þegar tilveran fór á hvolf.

## Ertu mikið jólabarn?

Það er skrytið að sitja hér í garðinum mínum á Spáni í sól og 20 stiga hita að svara spurningum og hugsa um jólin mín, allt er svo öðruvísi núna, ég fæ smá stíng í hjartað og kökk í hálsinn, fæ heimþrá eftir húsinu mínu og fallega bænum mínum þegar ég hugsa um jólin núna. En já, ég er jólabarn og elska jólin og allt sem þeim fylgir.

Ég tengi jólastússið við dæturnar, allar jólasýningarnar, jólatónleikana og leikritin sem barnafólk tekur þátt í í desember. Við erum ekki lengur í því stússi og síðustu ár hafa jólin verið róleg hjá okkur þar sem við njótum adventunnar og samveru um jólin með fjölskyldu og vinum.



## Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?

Við settum jólatréð alltaf upp á þorláksmessu hér á árum áður, það var hefð hjá okkur, oft seint um kvöldið því við vorum á fullu að þrifa og klára stundum á seinustu stundu. Núna er ég með lítið plasttré sem ég keypti með ljósum og skrauti á á markaðnum hér á Spáni og það verður sett upp þegar yngsta dóttirin kemur út til okkar.

## Hver er fyrsta jólaminningin?

Fyrsta minningin mín er þegar ég er á jólaballi í Kvennó í nýjum hvítum kjól með rauðum borða sem móðir mín saumaði á mig, kjóllinn var svo fallegur en mig klæjaði mikið undan honum. Ég man ekki alveg aldurrinn en giska á að ég hafi verið um fimm til sjö ára. Það sem gerir þetta eftirminnilegt er að ég var oft veik á jóluunum og missti þá af jólaballinu.

## En skemmtilegar jólahæðir:

Það er alltaf jólaboð á jóladag hjá stórfjölskyldu mannsins míns með hangikjöti og öllu. Þessi jólin verðum við hjónin á Zenia ströndinni á jóladag en það er hefð hér og þangað koma fleiri hundruð manns, fjölskyldur mæta og grilla og hafa gaman.



## Hvenær klárar þú að kaupa jólagjafirnar?

Það er eins með gjafirnar eins og margt annað, áður fyrr var ég stundum fram á aðfangadag að kaupa þær en er núna búin að kaupa og ganga frá gjöfum.

## Hvað finnst þér vera ómissandi á jóluunum?

Að vera með fólkinu mínu, helst öllum, og njóta jólahátíðarinnar með þakklæti og gleði í hjarta.

## Hver er eftirminnlegasta jólagjöfin?

Yngsta dóttirin hún Silja Rós sem er fædd 6. desember, er besta jólagjöf sem ég hef fengið. Af veraldlegum hlutum þá er það gullhringur með hvítri perlu sem maðurinn minn gaf mér fyrstu jólin okkar saman sem par. Ég henti svo þessum hring sem mér þótti svo vænt um óvart í ruslið, ég leitaði mikið en fann hann ekki.

## Er eitthvað á óskalistanum fyrir jólin í ár?

Eina óskín á óskalistanum er að komast aftur heim í húsið mitt, heim í fallega bæinn minn Grindavík sem fyrst.

## Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? Eru hefðir í mat?

Á aðfangadag er hamborgarhryggur, möndlugrautur og heimatilbúinn ís og síðan hangikjöt og frómas á jóladag. Þetta er líka svona í ár þrátt fyrir að við séum á Spáni, hangikjötið, laufabrauðið, rauðkálíð og Orabaunirnar var tekið með út. Við förum í skötuveislu hjá Íslendinga-

félaginu og hamborgarhryggurinn er spænskur.

## Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?

Þetta verða kósý jólin hjá okkur hjónunum, við verðum tvö núna svo rólegga getur það varla orðið. Ég ætla að að elda gott, hitta vini, spila golf, slappa af í sólinni og horfa á væmnar Hallmark jólamyndir á kvöldin.



## Ekki gleyma að njóta!

Magnús Orri Arnarson er búinn að eiga annasamt ár í sinni sjónvarps- og kvikmyndagerð. Ferðalag með RÚV til Berlínar er eftirminnilegt og því ætlar Magnús að slaka vel á um jólin.

## Hvernig var árið 2023 hjá þér og þinni fjölskyldu og hvað stendur upp úr?

Árið hjá mér er búið að vera alveg frábært. Ég er búinn að fara tvisvar til útlanda og nóg að gera hjá mér í töfum og margt fleira. Það sem stóð mest upp úr er þegar ég fór á Special Olympics í Berlín að mynda fyrir RÚV.

## Ert þú mikið jólabarn?

Ég er rosa mikið jólabarn en ég viðurkenni það að ég er aðeins meira fyrir áramótin.

## Hvenær er jólatréð yfirleitt sett upp á þínu heimili?

Jólatréð er alltaf sett upp um 20. desember og er alltaf gaman að skreyta það með fjöllumni.

## Hver eru fyrstu jólin sem þú manst eftir – áttu einhverjar skemmtilegar jólaminningar?

Vá, góð spurning. Fyrstu jólin sem ég man eftir er þegar ég átti heima í Keflavík u.þ.b. árið 2004, þar sem ég var þriggja ára en góð jólaminning er þegar ég fékk mína fyrstu myndavél og þrífót og eftir það fór ég að mynda.

## En skemmtilegar jólahæðir?

Skemmtilegasta jólahæðin er jólaísinn sem mamma býr til með sjóðheitri Marssósu, það klikkar ekki á jóluunum!

## Hvenær klárar þú að kaupa jólagjafirnar?

Það er misjafnt hvenær ég klára að kaupa gjafir en yfirleitt í byrjun desember.

## Hvað finnst þér vera ómissandi á jóluunum?

Mér finnst vera ómissandi að setjast niður með fjölskyldunni og borða saman, það finnst mér vera best.

## Hver er eftirminnlegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

Eftirminnlegasta jólagjöfin er litla myndavélinni sem ég fékk árið 2012.

## Er eitthvað á óskalistanum fyrir jólin í ár?

Ég er með eitt á óskalista og það er nýr dróni.

## Hvað verður í jólamatinn hjá þér á aðfangadagskvöld? Eru hefðir í mat?

Það verður kalkúnn í jólamatinn í ár. Eins og ég segi alltaf, herra Kalli kalkúnn.

## Hvað ætlar þú að gera í kringum jólahátíðina í ár?

Um hátíðirnar ætla ég sem mest að reyna að slaka á eftir mikið af krefjandi en skemmtilegum verkefnum sem ég er búinn að fá í sjónvarps- og kvikmyndagerð þetta árið og njóta. Það má ekki gleyma að njóta.



Óskum íbúum Suðurnesja gleðilegrar hátíðar og þökkum góða samvinnu á árinu sem er að líða.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi  
Guðrún, Vilhjálmur, Ásmundur og Birgir





## Þriðja lagið í Berlínarseríunni komið út

Út er komið nýtt lag í Berlínarseríunni eftir Smára Guðmundsson. Lagið heitir Bhf. Hermannplatz og er það þriðja í röðunni í seríunni. Áður hafa komið út lögin U-bahn 7 og S-bahn. Hægt er að hlusta á lögin á öllum helstu streymisveitum.

„Lögin samdi ég fyrir útvarpsþættina Stories in Berlin sem fjölluðu um sögu og menningu Berlínar. Við lögin blanda ég umhverfishljóðum sem ég tók upp víðsvegar um borgina og einnig fylgja með teikningar sem ég hef gert. Fleiri lög af Berlínarseríunni eru væntanleg á næsta ári,“ segir Smári Guðmundsson í tilkynningu. Upp-tökur fóru fram í Stúdíó Smástirni og í Tónlistarskólanum í Sandgerði.

**Lag:** Smári Guðmundsson

**Trommur:** Halldór Lárusson

**Söngur:** Stefán Örn Gunnlaugsson

**Önnur hljóðferi:** Smári Guðmundsson

**Uppþökustjórn:** Smári Guðmundsson

**Hljóðblöndun:** Stefán Örn Gunnlaugsson í Stúdíó Bambus.

**Tónjöfnun/mastering:** Sigurdór Guðmundsson í Skonrokk Studios

**Útgáfa:** Smástirni í samstarfi við Öldu music.



## Fríða Dís og Daníel syngja í Hvalsneskirkju

Daníel Hjálmtýsson og Fríða Dís syngja jólalög í Hvalsneskirkju í Suðurnesjabæ 19. desember næstkomandi ásamt Smára Guðmundssyni og sérstökum gestum.

Mun þetta vera í fyrsta sinn sem Daníel og Fríða leiða saman hesta sína en bæði hafa þau átt mikilli velgengi að fagna undanfarin ár, bæði hér heima og erlendis í sitthvoru lagi.

Talið verður í jólalög á ljúfum og notalegum nótum í Hvalsneskirkju sem umlukin er fallegru náttúru Suðurnesjabæjar og eru allir velkomnir. Hlýleg og nærandi stund á aðventunni.



## Hækka rekstrarframlag vegna hallareksturs

Ungmennafélagið Þróttur hefur leitað eftir viðbótar rekstrarframlagi til bæjar-yfirvalda í Vogum vegna hallareksturs íþróttamiðstöðvarinnar í Vogum. Hallarekstur nemur 3,82 milljónum kr. Lagt er til í bæjarráði Sveitarfélagsins Voga að hækkan rekstrarframlags verði fjármagnað með handbæru fé.



Óskum Suðurnesjamönnum  
gledilegra jóla  
og farsældar á nýju ári

**Ellert Skúlason ehf.**

## Kósýkvöld í des er nýjasti jóla-smellurinn

„Hver vill ekki eiga kósýkvöld í desember,“ spyr lagahöfundurinn Gunnar Ingi Guðmundsson en hann hefur gefið út nýtt jólalag sem ber titilinn Kósýkvöld í des. Textinn er eftir Gústaf Lillendahl og er flutt af þeim Rakel Pálsdóttur og Kjalar Marteinsyni sem vakti athygli í síðustu idol stjárnuleit og söngvakeppni sjónvarpsins.

Gunnar Ingi var að gramsa í símanum sínum. „Ég var að gramsa í voice memó í símanum mínum þegar ég rakst á þessa lagahugmynd og ákvað að vinna meira með hana. Það tók mig þónokkra stund að klára lagið, sumir kaflar voru erfiðari en aðrir en fljótlega heyrði ég lagið fyrir mér sem jólalag. Ég fékk Gústaf Lillendahl til að semja textann, við köstuðum hugmyndum á milli okkar varðandi þema og útkoman varð Kósýkvöld í des. Mig langaði til að hafa lagið í nútímalegum 80´s stíl og var mjög ánægður með að fá Rakel og Kjalar til að syngja lagið. Ég þekki auðvitað Rakel vel en við gerðum saman jólaplötu í fyrra og Kjalar er ungur og upprennandi söngvari sem á framtíðina fyrir sér. Ég hef unnið mikið með Stefáni Erni Gunnlaugssyni en hann útsetti með mér og sá um upptökur og hljóðblöndun.

Annars hefur verið nóg að gera, ég er nýbúinn að gefa út plötuna Eyðibýli og svo fór ég fyrir hönd Stefs á Sync-camp lagasmíðabúðirnar í Póllandi þar sem áhersla er lögð á að semja tónlist fyrir kvikmyndir og auglýsingar. Þetta var mjög gaman og frábær reynsla fyrir mig sem mun nýtast mér í framtíðinni,“ sagði Gunnari Ingi.



Gledileg jól og farsælt komandi nýtt ár.  
Við þökkum liðið og hlökkum til áframhaldandi samstarfs á nýju ári.

Keiliskveðja





Jólahús Reykjaneshæjar 2022 - Heiðarból 19

# Hvert verður jólahús Reykjaneshæjar?

Jólahús Reykjaneshæjar verður valið eins og undanfarin ár en íbúar eru hvattir til að senda inn tilnefningar og er tekið við þeim til 17. desember.

Húsasmiðjan í Reykjaneshæ ætlar að styðja við bakið á þessu uppátæki með gjafabréfi til þess húss sem verður hlutskarpast í leiknum.

„Ferlið er sáraeinfalt. Ef þú sérð hús sem þér finnst ástæða til að vekja athygli á fyrir flottar skreytingar, þá smellirðu mynd af húsinu og leggur götuheiti og númer á minnið. Síðan er tillagan sett inn á heimnasíðu bæjarins, rnb.is, myndinni hlaðið inn og götuheiti og númer skráð,“ segir í frétt á heimasíðu bæjarins.

Menningar- og þjónusturáð fer yfir tilnefningarnar og velur jólahús Reykjaneshæjar. Afhending viðurkenninga fer síðan fram í Aðventugarðinum á Þorláksmessu þar sem sigurvegarar fá einnig afhenta vinninga í boði Húsasmiðjunnar.



Íbúafundurinn, sem haldinn var í Laugardalshöll, var vel sóttur og fundarmenn tóku virkan þátt. VF/Sigurbjörn Daði



Pétur Pálsson var einn þeirra sem bar upp spurningu á fundinum.

## Margar spurningar brenna á Grindvíkingum

Íbúafundur fyrir Grindvíkinga var haldin í Laugardalshöll þriðjudaginn 12. desember og var hann vel sóttur. Frummælendur á fundinum voru Benedikt Halldórsson fagstjóri jarðskjálftavár á Veðurstofu Íslands, Úlfar Lúðvíksson frá lögregluembættinu á Suðurnesjum, Hulda Ragnheiður Árnadóttir frá Náttúruhamfarstrygginum Íslands og Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra. Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkur, stýrði fundinum.

Frummælendurnir fóru yfir það sem sneri að þeim en það sem brann helst á Grindvíkingum, hvenær fólk fengi að flytja aftur heim, svar kom við því og ljóst að það verður ekki fyrir áramót og kom fram í máli Benedikts að mannekla á Veðurstofunni valdi því að ekki sé hægt að vakta svæðið betur á nóttunni. Unnið er í að bæta við mannskap en þetta vakti talsverða athygli á fundinum og var Benedikt spurður sérstaklega út í þetta.

Þegar frummælendur höfðu lokið máli sínu var opnað fyrir spurningar Grindvíkinga í sal og eins var hægt að senda spurningar í gegnum Facebook-síðu Grindavíkurbæjar.

Nokkuð mikið var spurt út í lánamál þeirra sem eru með lán sín hjá lífeyrissjóðunum og var Hulda Ragnheiður m.a. spurð hvort viðkomandi þyrfti áfram að borga tryggingariðgjöldin ef búið er að dæma húsið ónýtt. Þessi spurning kom Huldu greinilega í opna skjöldu og hún hvatti viðkomandi til að hafa sérstaklega samband og gaf til kynna að farið yrði út í sértækar aðgerðir til að koma til móts við ólíkar þarfir. Sigurður Ingi var spurður

hvort ríkisstjórnin myndi beita sér í málefnum lánþega lífeyrissjóðanna en ekki kom afdráttarlaust svar við þeirri spurningu. Sigurður var líka spurður út í húsnæðisstyrkinn sem ríkisstjórnin samþykkti og fullvissaði hann fundarfólk um að styrkurinn verði framlengdur ef þurfa þykir, eða að annað sambærilegt úrræði verði í boði. Sigurður sagði að ríkisstjórnin myndi ekki yfirgefa Grindvíkinga en hann gat ekki gefið afdráttarlaust svar um hvað hægt verði að gera fyrir fólk sem getur alls ekki hugsað sér að flytja aftur til Grindavíkur. Hann sagði að við værum stödd í miðjum atburðinum og ekki væri gott að ákveða aðgerðir fyrir en að honum loknum en það yrði skoðað.

Úlfar Lúðvíksson var spurður hvort kæmi til greina að spyrja þá sem fara til Grindavíkur, um kennitölu því í huga þess sem spurði, væri í raun ekkert eftirlit með því hverjir væru að fara inn og út úr bænum. Úlfar sagði ekki vita til þess að neinir annmarkar hefðu verið á þessu en hugsanlega væri rétt að gera þetta eins og um var spurt. Úlfar sagði sömuleiðis að ekki hefði komið til tals að hleypa sumum fyrir inn í bæinn,



Gisli Þorláksson með fyrirspurn á íbúafundinum á þriðjudaginn.

t.d. fólk sem vinnur í Grindavík og er ekki með börn.

Sviðsstjórar deilda Grindavíkurbæjar sátu líka fyrir svörum og fór Atli Geir Júlíusson, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs, yfir hvernig vinnan við fráveituna hafi gengið. Atli sagði að megninu til væri búið að mynda alla fráveitu frá bænum og hefði hún litið betur út en talið var. Ennþá væru nokkrar götur í Hópshverfinu sem tengjast inn á stofninn sem er stærsta víðgerðin við kirkjuna, þar sem ekki er óhætt að nota fráveituna en unnið væri hörðum höndum að því að koma því í lag og verklok áætluð eftir nokkra daga. Atli sagði líka að kalt vatn væri komið á allan bæinn.

Hulda var spurð hvort þeir sem eru með mikið skemmd hús, fái tjón sitt að fullu bætt. Hulda svaraði því að markmiðið sé að viðkomandi húseigandi sé með

sömu stöðu og fyrir hamfarirnar. Hulda sagði að húseigandi myndi fá að sjá matsgerðina og hægt yrði að koma með athugasemdir. Eins svaraði hún spurningum varðandi fráveitur frá húsum, ekki verður skoðað sérstaklega nema grunur sé um bilun og hún bað þá sem hafa orðið fyrir tjóni með matvæli í frystikistum, að tilkynna þau tjón sem fyrst.

Einn spyrjenda vildi meina að svörin frá Veðurstofunni væru ekki nógu skýr. Benedikt fór yfir að öll hegðun jarðhræringanna núna, væru sambærilegar þeim sem leiddu til eldgoss og á meðan landris væri og virkt kvikuinnflæði, væri ekki þorandi að leyfa búsetu í Grindavík. Benedikt var sömuleiðis spurður hvort Veðurstofan hefði lært af síðustu rýmingu, sem var ekki gefin út fyrir en nokkrum klukkustundum eftir að allt lék á reiðiskjálfi. Benedikt

svaraði því að viðbragðsáætlanir séu í stöðugri endurskoðun og viðbragðið 10. nóvember hefði sérstaklega verið skoðað og úr yrði bætt.

Jóhanna Lilja Birgisdóttir, yfirsálfræðingur á fræðslusviði Grindavíkurbæjar, svaraði spurningu þess eðlis hvort skólar verði opnaðir í Grindavík þegar fólk verður hleypt aftur inn, eða hvort börn eigi að klára skólaárið utan Grindavíkur. Jóhanna sagði að lagt sé upp með að skólahald verði klárað utan Grindavíkur þar til annað kemur í ljós. Ef breyting verði, muni það verða skoðað en benti á að Hópsskóli hafi eitthvað skemmt en ef mögulegt verði að hefja kennslu fyrr í Grindavík, verði það að sjálfsgöðu gert.

Fannar svaraði að lokum nokkrum spurningum, m.a. hvort útsvar breyttist á meðan Grindvíkingar búa í öðrum sveitarfélögum. Fannar sagði að lögheimilisskráning gildi og hvatti Grindvíkinga til að flytja ekki lögheimili sitt. Hann sagði að Grindavíkurbær hugsi til framtíðar varðandi hve mikið aðdráttarafl, vegsummerki jarðhræringanna geti verið fyrir erlent ferðafólk og til skoðunar sé að láta sumar sprungur halda sér og jafnvel að láta ónýtt hús standa sem hugsanlegt safn. Fannar sleit svo fundinum með þeim orðum að fljótlega yrði haldinn annar sambærilegur fundur.



Jólasveinar gáfu sig á tal við mannfékkid. Ferfælingum var ekkert um þessa rauðkleddu skeggjuðu kappu.



# Adventugardurinn í bar af lífi



Jólasveinarnir gáfu fimmur við Adventusvellið.



Fjöldmennur hópur stelpna frá Danskumpaníi hefur á adventunni komið fram á nokkrum stöðum með frá-bært jólaatriði þar sem þær syngja jólalög. Hópurinn kom m.a. fram á jóla-kvöldi hjá Odd-féllowstúkunnni Nírói á mánu-dagskvöld.

## Jólahópur frá Danskumpaníi

Það er búið að vera líf og fjör í Adventugardinum í Reykjanesbæ allar helgar í desember. Adventugardurinn er opinn laugardaga og sunnudaga og verður einnig opinn á Þorláksmessu fram á kvöld. Fjöllbreytt dagskrá er í boði og hafa jólasveinar þar reglulega viðkomu. Meðfylgjandi myndir voru tekar um liðna helgi. *VF/Hilmar Bragi*



# Sólgleraugu og skíðagleraugu í jólagjöf

# Optical Studio

REYKJANESBÆR

opticalstudio.is | Hafnargata 45 | 421-3811



# GLÆSILEG JÓLADAGSKRÁ Í SJ



**Sævar Porkell Jenson**, betur þekktur sem Keli, hefur í næstum 60 ár, frá því hann var ungur strákur, safnað úrklippum og eiginhandaráritunum tónlistarfólks í úrklippubækur. Bækurnar eru mikil tónlistarverðmæti og urðu tilefni sérstakrar sýningar í Rokksafni Íslands í Reykjanesbæ seint á síðasta ári. Keli hefur lagt á sig mikla vinnu við að safna áritunum í bækurnar sínar og segir í viðtali við Víkurfréttir frá því þegar hann hittir Mick Taylor úr Rolling Stones og setti upp hvíta hanska til að fá eitthvað meira en eiginhandaráritun.

**SUÐUR  
MEÐ SJÓ**

SÖGUR AF SUÐURNESJAFÓLKI  
FRÁ SJÓNVARPI VÍKURFRÉTTA

## Enginn eins klikkaður og Keli



**Jóhann Smári Sævarsson** er einn af sonum Keflavíkur sem hin síðari ár hefur látið mikið að sér kveða í menningarlífi Suðurnesja og ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur þegar kemur að því að setja upp menningarviðburði á hinu klassíska sviði.

**SUÐUR  
MEÐ SJÓ**

SÖGUR AF SUÐURNESJAFÓLKI  
FRÁ SJÓNVARPI VÍKURFRÉTTA

## Alltaf sussað á Jóhann Smára



# ÓNVARPI VÍKURFRÉTTA Á VF.IS

## Guðbjörg Glóð og Fylgifiskarnir

Keflvíkingurinn **Guðbjörg Glóð Logadóttir** fékk hugmynd að stofnun nýrrar sérvslunar með sjávarfang þegar hún vann í fiskverslun í Boston. Góður gangur í tuttugu ár. Sló í gegn með tilbúnum fiskréttum. Erfitt í byrjun og í hruninu. Fiskur ekki lengur bara mánudagsmatur á Íslandi.

### SUÐUR MEÐ SJÓ

SÖGUR AF SUÐURNESJAFÓLKI  
FRÁ SJÓNVARPI VÍKURFRÉTTA



Þættirnir verða aðgengilegir  
á vf.is frá og með 23. desember 2023

ALLIR ÞÆTTIRNIR VERÐA Á YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG ÞÚ GETUR HORFT Á ÞÁ Í SNJALLSJÓNVARPINU ÞÍNU

## ÁHUGAVERÐ VIÐTÖL í Suðurnesjamagasíni um jólin



**Athafnamaðurinn  
Eðvard júlíusson**



**Giftusamleg sjóbjörgun  
við Grindavík árið 1992**

Einnig í Sjónvarpi  
Víkurfretta um jólin:



**Halla Karen**



**Gunnar og Lovísa**

Þættirnir verða aðgengilegir á vf.is  
frá og með 23. desember 2023

SUÐURNESJA  
**VF** **magasín**





REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

REYKJANESBÆR  
ÓSKAR BÆJARBÚUM  
GLEÐILEGRA JÓLA OG  
FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI



*Sendum félagsmönnum og  
Sudurnesjamönnum öllum bestu óskir  
um gleðileg jól og farsælt komandi ár.  
Þökkum samstarf á árinu sem er að líða.*



Verkalýðsfélag  
Grindavíkur

*Við óskum viðskiptavinum okkar  
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.  
Með þökk fyrir viðskiptin á liðnu ári.*



## Deiliskipulag í Reykjanesbæ



Bæjarstjórn Reykjanesbæjar auglýsir eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Lóð Myllubakkaskóla Sólvallagötu 6a

Breytingin samkvæmt uppdrætti Arkís arkitekta 22.11.2022, felst í að afmarkaður er byggingarreitur fyrir enduruppbyggingu núverandi bygginga, viðbygginga og íþróttahúss. Skólalóð verður endurhönnuð í takt við breytingar á skólahúsnæði með áherslu á aðgengismál.

### Vogshóll - Sjónarhóll

Við breytingu á deiliskipulagi fækkar lóðum á skipulagssvæðinu úr 17 í 16. Breytingin nær til lóða 2a-6 við Sjónarhól og 2-8 við Vogshól. Breytt lega, stærð og fjöldi. Heildarstærð lóða fer úr 225.660 m<sup>2</sup> upp í 339.000 m<sup>2</sup>. Heildar hámarksbyggingarmagn fer úr 198.284 m<sup>2</sup> í 283.021 m<sup>2</sup>.

Tillögurnar eru til sýnis frá og með **14. desember 2023** til **31. janúar 2024**. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til **31. janúar 2024**. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á netfangið [skipulag@reykjanesbaer.is](mailto:skipulag@reykjanesbaer.is) eða í skipulagsgátt. Að öðrum kosti á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12 Reykjanesbæ.

Reykjanesbær 14. desember 2023  
Skipulagsfulltrúi





**Stór hópur** fimleikaungmenna, um 400 iðkendur, tók þátt í jóla-sýningu fimleikadeildar Keflavíkur laugardaginn 9. desember. Haldnar voru þrjár sýningar yfir daginn og voru skemmtilegar eins og alltaf. Ljósmyndari VF leit við og smélta myndum sem má sjá hér en fleiri á vf.is



# Flott jólafimleikasýning



Sendum íbúum allra sveitarfélaga á Reykjanesi okkar bestu jóla- og nýárskeiðjur. *Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.*



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM



Sendum Suðurnesjamönnum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



**BÍLASALA REYKJANESS** **BL**

Umboðsaðili BL á Reykjanesi - Holtsgata 52 - 260 Reykjanesbær  
Sími: 547 9100 - info@bilasalareykjanes.is





Ásgeir Orri fékk að spreyta sig í efstu deild á síðustu leiktíð. Hér er hann í sínum fyrsta leik sem var gegn Fylki á heimavelli. VF/JPX



Ásgeir hreinsar frá í bikarúrslitaleik 2. flokks á síðasta ári þar sem Keflavík og Valur áttust við en Keflavík tapaði eftir vítaspyrnukeppni.

# Nútímamarkmaður þarf að búa yfir góðri fótatækni

Ásgeir Orri Magnússon skrifaði nýverið undir tveggja ára samning við knattspyrnudeild Keflavíkur en Ásgeir er ungur og efnilegum markmaður sem stefnir hátt. „Ég skrifaði undir samning til ársins 2006 svo það eru spennandi tímar framundan,“ segir Ásgeir.

„Ég er bara þannig að þegar ég sé boltann þá sé ég ekkert annað, mig langar bara að ná honum og get þá orðið svolítið aggressívur ...“

## ÍÞRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is



laugina, til að safna í reynslu-bankann. Þetta voru skemmtilegir leikir.“

**Finnst þér það hafa hjálpað þér að spila sem útileikmaður?**

„Algerlega, staða markmanns í dag gerir þær kröfur að þú getir spilað með fótunum. Að spila sem útileikmaður hefur hjálpað mér gríðarlega með fótatækni. Nútímamarkmaður þarf að búa yfir góðri fótatækni. Eins og Onana [markvörður Manchester United] til dæmis, mjög góður í löppunum. Hann vakti gríðarlega athygli í Meistaradeildinni fyrir sína tækni með fótunum.“

Mathias [Rosenorn] sem var í markinu hjá okkur í sumar er annað dæmi um markmann með frábæran fót, með hrikalega langar og hættulegar sendingar fram völinn.“

## Hugurinn leitar í atvinnu-mennskuna

**Hver er stefnan hjá þér? Þú stefnir væntanlega lengra en að spila með Keflavík.**

„Stefnan hjá mér núna er bara að sanna mig með Keflavík. Reyna að fá athygli frá erlendum félögum eða mögulega á Íslandi. Auðvitað leitar hugurinn alltaf út í atvinnumennsku, síðan líka U21 og A-landsliðið. Það eru ákveðin markmið.“

**Hvað með aðrar íþróttir, hefurðu stundað einhverjar fleiri íþróttir en fótbolta?**

„Ég var auðvitað líka í körfu. Var alltaf í körfu og fótbolta þegar ég var yngri en svo sögðu mamma og pabbi að ég þyrfti að velja eina íþrótt þannig að ég valdi fótboltann. Ég var alveg ágætur í körfu en mér fannst fótboltinn bara vera miklu skemmtilegri og ákvað að velja hann.“

Bekkjárfélagar mínir áttu erfitt með að skilja það, við vorum bara tveir í bekknum sem æfðum fótbolta. Þetta var bara körfubolta-bekkur í Njarðvíkurskóla. Með mér í bekk voru strákar eins og Elías Bjarki [Pálsson] og Robert Sean [Birmingham], það má segja að þetta hafi verið körfuboltakynslóð.“

Ásgeir er að klára síðustu önnina í FS og segir að það líti út fyrir að hann sé að ná öllu.

„Síðan veit ég ekki alveg hvað ég ætla að gera eftir það. Taka mér pásu frá skólanum, fara að vinna og safna mér smá pening. Mig hefur lengi langað að fara í flugumferðarstjórn en það er ekkert stress á mér að byrja í háskóla til að klára það. Ég ætla að leggja áherslu á fótboltann núna. Fót-boltinn er númer eitt hjá mér og ef mín markmið þar ganga ekki upp set ég fulla athygli á að mennta mig,“ sagði Ásgeir að lokum.

## Störf í boði hjá Reykjanesbæ

**Akurskóli** - Kennari, sérkennari, þroskajálfi, iðjubjálfi eða sérfræðingur

**Stapaskóli** - Kennari í sérkennslu

**Stapaskóli** - Umsjónarkennari á unglíngastigi

**Velferðarsvið** - Búsetuþjónusta fatlaðs fólks

**Velferðarsvið** - Starfsfólk í stuðningsþjónustu

**Velferðarsvið** - Verkefnastjóri

**Viltu starfa hjá Reykjanesbæ?** Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÓLBREYTILEIKANS



Ásgeir gekk upp úr öðrum flokki í haust og það lítur út fyrir að hann verði aðalmarkvörður Keflvíkinga næstu tvö árin. Hvernig list Ásgeiri á það?

„Það leggst bara vel í mig, eins og ég sagði þá er þetta mjög spennandi verkefni og auðvitað þakka ég Keflavík fyrir traustið sem það sýnir mér.“

Það er þannig með markmanns-stöðuna að henni fylgir töluverð ábyrgð. Það er oft tekið eftir því þegar við gerum mistök en útileikmennirnir, enda kostar það oftast mark. Svo markmaður þarf að hafa breitt bak.“

## Var útileikmaður

**Hefur þú alltaf verið í marki?**

„Nei, ég byrjaði í marki en í fjórða flokki hætti ég í marki, þegar við fórum á stórt mark. Ég missti áhugann og fór þá að spila sem útileikmaður. Ég spilaði úti í fjögur ár en ákvað svo á öðru ári í öðrum flokki að fara í markið aftur – og þá byrjaði allt að rúlla. Keflavík bauð mér samning og ég var fenginn á reynslu hjá Venecia á Ítalíu, síðan var ég valinn í landsliðið.“

# Við óskum íbúum Suðurnesjabæjar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir samskipti á árinu sem er að líða.

## Verið velkomin í Suðurnesjabæ!



SUÐURNESJABÆR

© HÖNDUR / HÖNDUR



# Hér eru nöfn vinningshafa í í fyrsta útdrætti Jólahukku Víkurfretta

## Philips 65" UHK Smart TV

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Ásgarði 7, Reykjanesbæ

## Kitchen Aid Artisan 95 hrærivél frá Nettó

Inga Sóllilja Arnórsdóttir, Norðurtúni 6, Reykjanesbæ

## 50.000 inneign í Samkaups appi

Elín Gunnarsdóttir, Grænulaut 3, Reykjanesbæ

## Íslandshótel gjafabréf á gistingu

Hanna Gróa Halldórsdóttir, Þórsvöllum 3, Reykjanesbæ

## Reykjanes Optikk 30 þús. kr. gjafabréf

Þórunn Katla Tómasdóttir, Sunnubraut 12, Suðurnesjabæ

## 15.000 inneign í Samkaups appi:

Sölvi Snær Sigurðsson, Sæmundargata 21, Reykjavík

Sveinn Þ. Jónsson, Móavöllum 4, Reykjanesbæ

Benedikt Hjalti Sveinsson, Grænásbraut 1218, Reykjanesbæ

Þorbjörg Guðmundsdóttir, Skógarbraut 1103, Reykjanesbæ

Kristján E. Möller, Gónhóli 23, Reykjanesbæ

Elisabet Guðmundsdóttir, Móavellir 2, Reykjanesbæ

Hólmfríður Skarhédinsdóttir, Heiðarhvammi 9, Reykjanesbæ

Þú færð Jólahukku VF í nítján  
verslunum. Næsti útdráttur er  
16. des. Dregið úr miðum sem  
skilað er í Nettó.



Hikoki borvél og fylgi-  
hlutir frá Húsasmíðjunni,  
Fitjum, Njarðvík



Gisting á Dimond  
Suites og 3 rétta  
kvöldverður fyrir tvo

Philips 65"  
UHK Smart  
TV frá Nettó

2



25

Nettó inn-  
eignir í appi



2 stk. 100.000 kr.

3 stk. 50.000 kr.

20 stk. 15.000 kr.



2

KitchenAid Artisan 95  
hrærivél steingrá  
frá Nettó



2

Gisting á Courtyard by  
Marriott í Reykjanesbæ  
og morgunverður  
fyrir tvo.



MÚRBÚÐIN  
Lavor háþrýstidæla



BÚSTOD

Delta hægingastóll  
með snúning

25



NÓI SÍRIUS

Nóa & Sírius konfektkassar



ÍSLANDSHÓTEL

Gisting í 2ja manna her-  
bergi með morgunverði



Reykjanes Optikk

Gjafabréf 30.000 kr.



## KEFLAVÍK FER Í JÓLAFRÍÐ Á TOPPNUM

Keflavík fer með örugga forystu inn í jólafríð í Subway-deild kvenna, er með tólf sigra og einungis eitt tap og því með samtals 24 stig. Njarðvík vann Grindavík í uppgjörinu um annað sætið, er með tuttugu stig og þær grindvísku fóru meira að segja niður í fjórða sæti, með átján stig eins og Stjarnan en töpuðu eina leikliðanna til þessa.

Leikur Grindavíkur og Njarðvíkur var stórleikur umferðarinnar og hafði Njarðvík sigur eftir hörku-leik, 63:66. Andala Strize var stíga-hæst Njarðvíkinga með sautján stig en Emilie Hesseldal var með hæsta framlag eða 25 (ellefu stig og ellefu

fráköst). Ena Viso var með fjórtán stig. Hjá Grindavík var Danielle Rodriguez stíga-hæst eins og svo oft áður, með 23 stig og var sömuleiðis með hæst framlag, 34. Eve Braslis var með sautján stig og fyrirliðinn Hulda Björk Ólafsdóttir var með þrettán stig. Ennþá vantar Heklu Eik Nökkvadóttur og Ólöfu Rún Óladóttur og munar um minna fyrir gular.

Keflavík átti ekki í neinum vandræðum með Fjölni á útivelli og vann öruggan sigur, 54:89. Keflvískar skiptu stigaskorinu ansi systurlega á milli á sín, fimm leikmenn voru með 10+ og tvær voru með átta stig. Birna Benónýsdóttir

og Anna Ingunn Svansdóttir voru stíga-hæstar með fimmtán stig. Daniella Wallen var samt framlagshæst, með tuttugu punkta.



Dregið var í átta liða úrslitum VÍS-bikarsins en öll Suðurnesjaliðin nema karlaíð Njarðvíkur voru í pottinum.

Hjá konum mætast: Haukar - Keflavík, Þór Ak. - Stjarnan, Valur - Grindavík, Njarðvík - Hamar/Þór Þ.

Hjá körlum mætast: Tindastóll - KR, Höttur - Keflavík, Stjarnan - Valur, Grindavík - Álftanes



## Æfir fimleika af kappi

Keflvíkingurinn Snorri Rafn William Davíðsson hefur gert það gott í fimleikum á árinu. Hann var nýverið valinn í úrvals- og landsliðshóp unglunga í áhaldafimleikum karla auk þess að vera Íslandsmeistari á bogahesti og í öðru sæti samantlagt á Íslandsmóti FSÍ í fyrsta þrepi en hann hefur unnið til margra verðlauna á árinu.

Snorri Rafn, sem er sextán ára, æfði fimleika með Keflavík í sjö ár áður en hann skipti yfir í fimleikafélagið Gerplu fyrir tveimur árum síðan.

„Ég æfi núna fimleika allt að sex sinnum í viku, fjóra tíma í senn, auk þess að æfa golf og spila á gítar. Ég færði mig yfir í Gerplu þar sem ekki er lengur hægt að sækja æfingar í Keflavík þar sem enginn þjálfari er að þjálfa áhaldafimleika karla. Hjá Gerplu er ég með tvo til þrjá þjálfara sem fylgjast með öllu sem ég geri á æfingum.“

### Bogahesturinn í miklu uppáhaldi

Snorri Rafn hefur þrisvar sinnum orðið Íslandsmeistari á bogahesti og einu sinni á stökki en hans uppáhaldsáhald er bogahesturinn.



„Mér hefur alltaf gengið vel á bogahestinum en margir vilja meina að það sé erfiðasta áhaldið í fimleikum. Þar skiptir tækni og styrkleiki mestu máli en mér finnst skemmtilegast að prófa nýjar æfingar sem flestir aðrir geta ekki gert.“

Á sumrin hef ég alltaf tekið mér frí frá fimleikum og æfi ég þá golf. Nú

í sumar fer ég í æfingaferð í fimleikum til Portúgals en það verður í fyrsta skiptið sem ég er ekki í frí frá fimleikum yfir sumartímann. Auðvitað tek ég golfkylfurnar með en fimleikar og golf passa mjög vel saman, fimleikarnir gera mig sterkari og liðugari sem hjálpar mikið til í golfinu. Báðar íþróttirnar reyna mikið á hausinn á manni en ég er venjulega með stáltaugar og á auðvelt með að keppa. Ég hef keppt í ýmsum öðrum íþróttum frá því ég var lítill eins og skíðum, borðtennis, skák og fótbolta.

Í framtíðinni langar mig að komast á Norðurlandamót eða Evrópumót í fimleikum en ætla mér einnig að ná langt í golfinu. Ég get ekki valið hvor íþróttin mér finnst skemmtilegri en reyni að æfa þær báðar eins lengi og ég get,“ segir Snorri Rafn.



SENDUM SUÐURNESJAMÖNNUM OKKAR BESTU

# jólakeðjur

MEÐ ÞÖKK FYRIR SAMSTARFIÐ Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA.



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

*Kaupfélag Suðurnesja sendir félagsmönnum sínum bestu óskir um gleðileg jól, farsælt nýtt ár og þakkar samfylgdina í 78 ár*



KSK



## 1X2 „ÞRUMAD Á ÞRETTÁN“

# Svo bregðast krosstré sem önnur

Eftir frábæra frammistöðu að undanfögnu þurfti Njarðvíkingurinn Hámundur Örn Helgason að lúta í lægri haldi en hann fékk fjóra rétta á móti fimm réttum Jóns Ásgeirs Þorkelssonar. Seðillinn var greinilega erfiður, það voru einungis þrjú tipparar sem náðu þrettán réttum, enginn þeirra frá Íslandi. Þessir þrjú fengu tæpar 63 milljónir í sinn hlut, finn jólabónus það!

Hámundur hefur því lokið leik að þessu sinni en hann er samt sem áður kominn á toppinn í tipleik Víkurfrétta, náði alls 34 réttum í fjórum skiptum. Jónas Þórhallsson er í öðru sæti með 26 rétta í þremur skiptum, Petra Ruth Rúnarsdóttir úr Vogum í þriðja sæti með sautján rétta og Eva Rut Vilhjálmssdóttir úr Garði í því fjórða með sextán rétta.

Næsti áskorandi kemur úr Suðurnesjabæ, n.t.t. frá Sandgerði. Grétar Ólafur Hjartarson gat sér gott orð sem knattspyrnumaður á sínum tíma og lék um tíma sem atvinnumaður, fyrst í Skotlandi með Sterling Albion og svo síðar meir með Lilleström í Noregi. Hann hóf ferilinn með heimaliðinu Reyni, fór þaðan til Grindavíkur en auk þessara liða lék hann með KR og tók eitt tímabil með Keflavík áður en hann lauk ferlinum þar sem hann byrjaði, með Reyni í Sandgerði árið 2012. Grétar starfar í dag í innkaupadeildinni hjá Icelandair og list vel á að vera mættur í tipleik Víkurfrétta. „Ég hef nú ekki verið mikill tippari í gegnum tíðina en það verður gaman að rifja upp taktana. Ég er gallharður stuðningsmaður Manchester United og þótt gengið sé dapurt þessa dagana ber maður höfuðið alltaf hátt, það þýðir ekkert annað. Sem mikill stuðningsmaður United var að sjálfsögðu mjög gaman þegar Lee Sharpe gekk til liðs við Grindavík en því miður meiddist ég í leik á undirbúningstímabilinu og var frá allt það tímabil, svo við náðum ekki að leika mikið saman. Hann skoraði einmitt sitt eina mark fyrir Grindavík nokkrum sekúndum eftir að ég lá óvígur öklabrotinn. Ég er mikill keppnismaður, mun mæta í þetta verkefni á móti Jóni Ásgeiri með mitt keppnis- skap og ætla mér ekkert nema sigur, mun ekki sýna neina miskunn en óska honum jafnframt alls hins besta,“ sagði Grétar.

Tipparinn Jón Ásgeir var að sjálfsögðu ánægður með að ná að velta Hámundi af stalli og ætlar sér að

sitja sem fastast. „Þetta var hörkurimma hjá okkur Hámundi lengi framan af, hann var yfir en það var Watford sem bjargaði mér og tryggði mér reyndar sigurinn á 96. mínútu, ef sá leikur hefði farið jafntefli hefði Hámundur unnið því hann var með fleiri rétta í sex fyrstu leikjunum. Það verður bara gaman að mæta Grétari sem er Sandy Hill maður í gegn, ég kannast aðeins við kauða og þetta verður hörkurimma, ég hlakka bara til þeirrar keppni. Annars þakka ég Hámundi fyrir hörkukeppni, hann sannaði að hann er góður tippari,“ sagði Jón Ásgeir.



Jón	Seðill helgarinnar	Grétar
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Burnley - Everton	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Bournemouth - Luton	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Chelsea - Sheff.Utd.	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Man.City - Crystal Palace	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Newcastle - Fulham	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Bristol City - Sunderland	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Hull - Cardiff	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Leeds - Coventry	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Millwall - Huddersfield	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Preston - Watford	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Sheff.Wed. - Q.P.R.	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Southampton - Blackburn	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Swansea - Middlesbro	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>

Gleðileg jól

VIÐ ÓSKUM ÞÉR OG FJÖLSKYLDU ÞINNI GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI

Við þökkum kærlega viðskiptin á árinu sem er að liða hjá okkur í Grindavík og á Keflavíkurflugvelli.

Lokað verður á aðfangadag og jóladag á Keflavíkurflugvelli.

Hlökkum til að sjá ykkur aftur í Grindavík þegar við opnum eftir áramót.

Jólakveðja,  
Starfsfólk Hjá Höllu

www.hjahollu.is /hjahollu

hjá höllu

ÁRAMÓTABLAÐ VÍKURFRÉTTA  
KEMUR ÚT 28. DESEMBER

TEKIÐ Á MÓTI AUGLÝSINGUM  
TIL HÁDEGIS 27. DESEMBER  
SÍMINN ER 421 0000 / VF@VF.IS

Við tengjum þig við þína nánustu

Með ábyrgð að leiðarljósi tryggjum við íbúum á Suðurnesjum örugg samskipti við ættingja og vini allt árið um kring.

Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár.



lindex.is



Mundi

Gleðilega hátíð!

## Jólatilhlökkun

Það er eitthvað allt svo fallett við jólin og adventuna. Endalaus tilhlökkun og eftirvænting í loftinu sem gerir þennan tíma ársins svo óviðjafnanlegan. Jóláhefðirnar allar svo fallegar, jólalögin, jóla ljósín, jólasnákökurnar, jólakveðjurnar í útvarpinu. Allt eins og það á að vera. Já og jólastressið líka.

Sem barn hlakkaði ég alltaf til jólanna. Gat hreinlega ekki beðið. Jólin á Garðaveginum eru í minningunni alltaf fullkomin og alltaf eins. Við öll saman, endalaus notalegheit, bókalestur og smákökur. Alltaf sami jólamaturinn. Möndlugrautur í forrétt, sem mér fannst reyndar mjög vondur en var partur af hefðinni, dásamlegu rjúpunar, ávaxtasalatíð í eftirrétt. Biðin eftir pökkunum endalaus af því að það tók svo óendanlega langan tíma að vaska upp. En biðin var alltaf þess virði.

Ég er svo þakklát fyrir þessar dásamlegu minningar.

Svo varð ég fullorðin, fór að halda mín eigin jól og fór að bera ábyrgð á jólaminningum barnanna minna. Það er þínu stressandi, ábyrgðin er mikil. Það mátti ekkert klikka - allt átti að vera fullkomið til þess að þeirra minningar yrðu jafn dásamlegar og mínar.

Og ég þakka fyrir það að jólin okkar hafa alltaf verið dásamleg, jafnvel þó allt hafi ekki alltaf verið fullkomið. Eitt árið lá jóla-tréð til dæmis á hliðinni þegar við vöknudum á aðfangadagsmorgun með allar finu jólakúlurnar möl-brotnar, og annað ár, í upphafi heimsfaraldursins, greindist eldri sonurinn með Covid á Þorlákssmessu. Þessi jól gleymast sannarlega ekki.

Ég held í alvörunni að ég hafi aldrei hlakkað jafn mikið til jólanna eins og núna. Mér líður eins og litlu mér, ég tel niður dagana og hreinlega get ekki beðið. Við litla fjölskyldan ætlum að verja jólonum hér heima í París, í endalausum notalegheitum, í sannkölluðu jólafríi. Þar sem starf mitt krefst stanslausra ferðalaga er jólagjöfin frá mér til mín að stiga ekki upp í flugvél í jólafríinu, einu ferðalög mín verða frá svefnherberginu í sófann... með smákökustoppi í eldhúsinu. Ég óska lesendum Víkurfrétta gleðilegra jóla - megi þau verða dásamleg í alla staði.

Hafðu það mjúkt um jólin

LINDEX

LOKAORD



RAGNHEIÐAR ELÍNAR